

# **Gerðir kirkjuþings 2021-2022**

## **62. kirkjuþing**

**haldið á biskupsstofu, Katrínartúni 4,**

**23.-27. október 2021;**

**á Grand Hotel Reykjavík,**

**22.-23. nóvember 2021;**

**rafrænt 8. mars 2022 og**

**á biskupsstofu Katrínartúni 4,**

**26.-28. mars 2022.**

## Efnisyfirlit

|   |     |
|---|-----|
| Setningarræða forseta kirkjuþings, Drífu Hjartardóttur.....   | 6   |
| Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur .....  | 11  |
| 1. mál. Skýrsla kirkjuráðs .....  | 16  |
| 2. mál. Skýrsla kirkjuráðs um fjármál þjóðkirkjunnar og fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar ..  | 39  |
| 3. mál. Þingsályktun um skýrslu til kirkjuþings um fasteignir þjóðkirkjunnar .....  | 43  |
| 4. mál. Þingsályktun um heildarstefnu þjóðkirkjunnar .....  | 48  |
| 5. mál. Þingsályktun um nýjar áherslur í skipulagi á æskulýðsmálum.....   | 50  |
| 6. mál. Þingsályktun um frekari vinnu vegna stefnumótunar í samskipta,<br>ímyndar- og kynningarmálum þjóðkirkjunnar .....                                 | 52  |
| 7. mál. Þingsályktun um breytingu á Viðbragðaáætlun þjóðkirkjunnar .....  | 53  |
| 8. mál. Starfsreglur um kjör til kirkjuþings.....   | 54  |
| 9. mál. Starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa .....   | 62  |
| 10. mál. Starfsreglur um kirkjuþing .....   | 68  |
| 11. mál. Starfsreglur um þingsköp kirkjuþings.....  | 71  |
| 12. mál. Starfsreglur um kjaranefnd Þjóðkirkjunnar .....  | 81  |
| 13. mál. Starfsreglur um fjármál Þjóðkirkjunnar .....   | 83  |
| 14. mál. Tillaga til þingsályktunar um fjölda starfa í vígðri þjónustu þjóðkirkjunnar .....   | 88  |
| 15. mál. Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna .....   | 89  |
| 16. mál. Starfsreglur um söfnuði og sóknarnefndir .....   | 91  |
| 17. mál. Þingsályktun um greiningu á áhrifum skipulagsbreytinga á<br>sóknir þjóðkirkjunnar .....  | 98  |
| 18. mál. Tillaga að starfsreglum um vígslubiskupa.....  | 99  |
| 19. mál. Tillaga að starfsreglum um vígslubiskupa .....   | 101 |
| 20. mál. Tillaga að starfsreglum um biskupafund.....  | 104 |
| 21. mál. Tillaga að starfsreglum um prófasta.....   | 105 |
| 22. mál. Þingsályktun um stofnun starfshóps til að skilgreina þörf fyrir presta og<br>djákna vegna vígðrar grunnþjónustu þjóðkirkjunnar á landsvísu ..... | 112 |
| 23. mál. Þingsályktun um hlutdeild ungs fólks í kirkjustarfi og stjórn<br>Þjóðkirkjunnar á Íslandi .....  | 112 |
| 24. mál. Tillaga til þingsályktunar um miðlæga símaþjónustu þjóðkirkjunnar.....   | 114 |
| 25. mál. Þingsályktun um niðurlagningu Kirkjumiðstöðvarinnar við Vestmannsvatn....  | 115 |
| 26. mál. Þingsályktun um afnám gjaldtöku í áföngum vegna<br>prestþjónustu þjóðkirkjunnar.....   | 116 |
| 27. mál. Starfsreglur um íslensku þjóðkirkjuna erlendis.....  | 117 |
| 28. mál. Þingsályktun um stuðning þjóðkirkjunnar við safnaðarstarf erlendis.....  | 120 |
| 29. mál. Þingsályktun um leiðréttingu sóknargjalda .....  | 121 |
| 30. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr.<br>1026/2007, með síðari breytingum.....                            | 122 |

|   |     |
|---|-----|
| 31. mál. að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017, með síðari breytingum.....      | 123 |
| 32. mál. Þingsályktun um áframhaldandi gildi samþykktra þingsályktana kirkjuþings.....                                      | 124 |
| 33. mál. Þingsályktun um stefnur Þjóðkirkjunnar.....  | 125 |
| 34. mál. Þingsályktun um um stefnu Þjóðkirkjunnar í málefnum innflytjenda og fólks á flóttu .....                           | 126 |
| 35. mál. Þingsályktun um Vímuvarnarstefnu þjóðkirkjunnar .....  | 134 |
| 36. mál. Þingsályktun um skipan framkvæmdanefndar kirkjuþings og erindisbréf nefndarinnar.....                              | 140 |
| 37. mál. Þingsályktun um heitið þjóðkirkjan.....  | 142 |
| 38. mál. Tillaga að starfsreglum um rekstrarskrifstofu þjóðkirkjunnar.....  | 143 |
| 39. mál. Þingsályktun um áframhaldandi stöðvun nýráðninga.....  | 145 |
| 40. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins .....   | 146 |
| 41. mál. Starfsreglur um áframhaldandi gildi starfsreglna kirkjuþings .....   | 147 |
| 42. mál. Starfsreglur um kirkjuþing unga fólksins.....  | 149 |
| 43. mál. Starfsreglur um héraðsfundi og héraðsnefndir .....   | 152 |
| 44. mál. Starfsreglur um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa.....  | 156 |
| 45. mál. Þingsályktun um Jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar.....   | 158 |
| 46. mál. Þingsályktun um Jafnlaunastefnu Þjóðkirkjunnar.....  | 162 |
| 47. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007 .....                       | 165 |
| 48. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um ráðningu í prestsstörf nr. 4/2021 .....                                | 166 |
| 49. mál. Þingsályktun um hagræðingaraðgerðir í fjármálum Þjóðkirkjunnar.....  | 167 |
| 50. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum..... | 168 |
| 51. mál. Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna .....   | 169 |
| 52. mál. Starfsreglur um endurútgáfu starfsreglna þjóðkirkjunnar.....   | 170 |
| 53. mál. Þingsályktun um endurskoðaða fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar 2022 og ársreikning Þjóðkirkjunnar 2021.....            | 171 |
| 54. mál. Þingsályktun um Stefnumótun kærleiksþjónustu þjóðkirkjunnar .....  | 172 |
| 55. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um kjaranefnd Þjóðkirkjunnar nr. 5/2021 .....                             | 175 |
| 56. mál. Starfsreglur um Þjónustumiðstöð þjóðkirkjunnar.....  | 176 |
| 57. mál. Þingsályktun um stefnur þjóðkirkjunnar.....  | 178 |

## Kosningar í upphafi kirkjupings 2021-2022

Kosning 1. varaforseta

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir

Kosning 2. varaforseta

Guðlaugur Óskarsson

Kosning tveggja þingskrifara

Anný Ingimarsdóttir

Magnús ERLingsson

**Kosning til fastanefnda kirkjupings:**

### **Kjörbréfanefnd**

Anný Ingimarsdóttir

Arna Grétarsdóttir

Hermann Ragnar Jónsson

Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson

Steindór R. Haraldsson

### **Löggjafarnefnd**

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir

Steindór R. Haraldsson

Stefán Magnússon

Arna Grétarsdóttir

Bryndís Malla Elísdóttir

Axel Árnason Njarðvík

Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson

Hildur Inga Rúnarsdóttir

Skúli S. Ólafsson

### **Fjárhagsnefnd**

Þorkell Heiðarsson

Gísli Gunnarsson

Gísli Jónasson

Hermann Ragnar Jónsson

Hreinn Hákonarson

Gunnlaugur Garðarsson

Svana Helen Björnsdóttir

Einar Már Sigurðarson

### **Allsherjarnefnd**

Kolbrún Baldursdóttir  
Guðlaugur Óskarsson  
Guðrún Karls Helgudóttir  
Guðbjörg Arnardóttir (Magnús Erlingsson)  
Þuríður Björg Wiium Árnadóttir  
Margrét Eggertsdóttir  
Árný Herbertsdóttir  
Anný Ingimarsdóttir

### **Kosning formanna fastra þingnefnda kirkjuþings**

### **Kosning varaformanna fastra þingnefnda kirkjuþings**

Fastanefndir, formenn, varaformenn

#### *Fjárhagsnefnd*

Sr. Gísli Jónasson, formaður  
Svana Helen Björnsdóttir, varaformaður,

#### *Löggjafarnefnd*

Steindór Haraldsson, formaður  
Sr. Arna Grétarsdóttir, varaformaður

#### *Allsherjarnefnd*

Sr. Guðrún Karls Helgudóttir, formaður  
Guðlaugur Óskarsson, varaformaður

## Setningarræða forseta kirkjuþings, Drífu Hjartardóttur

Biskup Íslands Agnes M. Sigurðardóttir, fv. forsetar kirkjuþings, kirkjuþingsfulltrúar og góðir gestir.

Ég vil byrja á að þakka Jónasi Þóri, organista Bústaðakirkju og Erni Árnasyni, leikara, fyrir skemmtilegan tónlistarflutning.

Hugur okkar er hjá Grímseyingum en kirkjan þeirra, Miðgarðakirkja, brann til kaldra kola í septembermánuði sl. Auk kirkjuhússins sem var friðað brunnu ýmsir merkir kirkjugripir svo sem eins og altartistafla frá árinu 1879. Töluvert var af útskornum munum í kirkjunni þ.á m. skírnarfontur og einnig voru þar tvær kirkjuklukkur úr kopar.

Svona tjón er aldrei hægt að bæta til fulls þar sem um merk menningarverðmæti er að ræða með mikla sögu auk þess sem um er að ræða tilfinningatengsl sóknarbarna og annarra til kirkjunnar. Aðdáunarvert er hve íbúar í Grímsey tóku þessu óláni af miklu æðruleysi og hafa þeir sýnt að þeir munu hefjast handa af bjartsýni og dug við að koma sér upp nýju guðshúsi sem er þeim svo mikilvægt. Við svona aðstæður er ómetanlegt að hafa svigrúm til styrkveitinga frá þjóðkirkjunni til að styðja við byggingu nýrrar kirkju.

### Heimsfaraldur Covid 19 og hvernig kirkjunnar fólk brást við á jákvæðan hátt.

Það var mjög ánægjulegt að fylgjast með því hvernig prestar, starfsfólk og söfnuðir brugðust við í heimsfaraldrinum á svo fjölbreyttan hátt og nýttu tæknina til að koma til móts við safnaðarfólk. Þar sýndi kirkjan hvers hún er megnug þegar aðstæður breytast skyndilega og hugsa þarf upp á nýtt hvernig kirkjuleg þjónusta er veitt t.d. við útfarir, þegar í gildi eru samkomutakmarkanir. Ég vil lýsa, f.h. kirkjuþings þjóðkirkjunnar, yfir þakklæti til alls þess fólks, vígðra jafnt sem óvígðra, launaðra jafnt sem sjálfboðaliða, sem lagði sitt af mörkum til að halda úti þjónustu kirkjunnar við þessar erfiðu aðstæður sem við erum loksins að komast út úr.

### Kirkjuþing er nú háð í síðasta skipti á þessu kjörtímabili.

Á þessu kjörtímabili hafa mörg stór mál verið til umfjöllunar á þinginu. Má þar einkum nefna þá mikilvægu stefnumótun sem fram hefur farið á grundvelli samþykktar þingsins frá 2019 og sem birtist okkur í nokkrum málum á þessu kirkjuþingi sem öll eru þjóðkirkjunni þýðingarmikil. Þá hafa miklar skipulagsbreytingar verið til lykta leiddar. Skipulagsbreytingar sem segja má að byrjað hafi verið að ræða á árinu 2007 þegar þáverandi kirkjuþing samþykkti að hefja endurskoðun laga um þjóðkirkjuna. Breytingaferlið hefur því staðið yfir í 17 ár og nær yfir fjögur kjörtímabil kirkjuþings. Fjölmargin einstaklingar hafa lagt af mörkum til stefnumótunarinnar og skipulagsbreytinga þeirra sem hér um ræðir. Vil ég f.h. kirkjuþings þjóðkirkjunnar færa þeim öllum alúðarþakkir fyrir þeirra mikilsverða framlag.

Þetta síðasta þing kjörtímabilsins einkennist af því sem að framan er sagt um stefnumótun og skipulagsbreytingar en mörg mál sem það hvort tveggja varða eru lögð fram. Enn fremur mun þingið þurfa að fjalla um þróngan fjárhag kirkjunnar og ráðast gegn þeim rekstrarhalla sem við blasir.

Á þessu kirkjuþingi eru nú 38 mál. Ánægjulegt er að geta þess að langflest málanna voru lögð fram með þeim fjögurra vikna fresti sem áskilinn er í þingsköpum. Málin hafa verið í opinni samráðsgátt til kynningar og kostur gefinn á framlagningu umsagna. Hafa borist nokkrar umsagnir um tiltekin mál. Þá hefur sá háttur nú verið hafður á að öll þingmál eru birt á opnum vef kirkjunnar í stað þess að vera í aðgangsstýrðu gagnaherbergi. Það er mat forseta að það hafi leitt til þess að fleiri sýna nú áhuga á þingmálum þegar þau eru svo aðgengileg öllum.

Nú skal farið yfir helstu viðfangsefni þessa fráfaramandi kirkjuþings þ.e. fyrir tímabilið 2018-2021.

### **Sameiningar prestakalla**

Á þessu kjörtímabili hófst umfangsmikil skipulagsbreyting á prestakallaskipan landsins með sameiningum og stækkun prestakalla í dreifbýli jafnt sem þéttbýli. Segja má að sú vinna hafi byrjað árið 2018 með stefnumörkun biskupafundar sem birt var það ár í nýrri samráðsgátt á opnum vef kirkjunnar. Í þessu sambandi má minna á þá stefnumörkun um framtíðarskipan sókna, prestakalla og prófastsdæma sem kirkjuþing samþykkti árið 2000 og sem enn er í gildi. Þá samþykkti kirkjuþingið sama ár að gerð skyldi tilraun með starfrækslu Grafarvogssóknar og Grafarvogsprestakalls í óbreyttri mynd frá 1. janúar 2001, að telja. Söfnuðurinn og prestakallið hafa starfað undir óbreyttu skipulagi síðan og er þetta fjölmennasta þjónustueining kirkjunnar í dag. Verkefnið hefur gefist vel. Telja verður að reynslan af því að hafa prestaköllin stærri, þ.e. með tveimur eða fleiri prestum sé góð og æskilegt er að áfram verði haldið á sömu braut, bæði í þéttbýli og dreifbýli.

### **Stefnumótun.**

Eins og áður sagði var á kirkjuþingi 2019 samþykkt að ráðast í stefnumótunarvinnu fyrir þjóðkirkjuna. Haldinn var stefnumótunarfundur þjóðkirkjunnar 6. febrúar 2021, með þátttöku u.þ.b. 100 manns. Megin áhersluþættir sem fram komu á þeim fundi voru eftirfarandi: 1) Efla og bæta æskulýðsstarf. 2) Endurskoða stjórnskipun kirkjunnar. 3) Efla til muna kynningarstarf. 4) Tryggja fjárhagslegt öryggi og gæta að ráðdeild. Þessu til viðbótar voru tilgreindir aðrir þættir s.s. að efla mannauð kirkjunnar, að efla stuðning við einstaka þætti í starfsemi safnaða og efla aðsókn að kirkjunni. Kirkjuþing hefur fylgt þessu eftir m.a. með samþykkt skipulagsbreytinga sem greint verður frá hér.

### **Endurskoðun þjóðkirkjulaga og kirkjujarðasamkomulags.**

Lyktir fengust á árunum 2019-2021 hvað varðar þá endurskoðun laga um þjóðkirkjuna sem hófst upphaflega á kirkjuþingi árið 2007 eins og áður segir. Í því sambandi skal einnig minnt á að kirkjuþing 2015 kaus þriggja manna viðræðuhóp við ríkisvaldið um fjárhagsleg samskipti ríkisins og kirkju. Viðræðurnar skiluðu þeirri niðurstöðu að gerður var svonefndur viðbótarsamningur ríkis og kirkju við kirkjujarðasamkomulagið frá 1997, til fimmtán ára, sem öðlaðist gildi 6. september 2019. Samhliða var innleidd ný og einfölduð löggiöf um þjóðkirkjuna, samin af fulltrúum kirkjunnar í samvinnu við fulltrúa ríkisins og samþykkt á kirkjuþingi 2020. Löggiöf þessi öðlaðist endanlega gildi 1. júlí sl.

með nýjum lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 og brottfalli eldri þjóðkirkjulaga frá árinu 1997 frá sama tíma. Auk þess átti sér stað umfangsmikil lagahreinsun úreltra og gamalla réttarheimilda á sviði kirkjumála. Áður hafði kirkjulöggjöf verið breytt tvívegis eftir undirritun framangreinds samnings og tóku veigamestu breytingarnar gildi í ársbyrjun 2020. Þá tók kirkjan m.a. við starfsmannamálum sínum og fjármálum og lauk þar með afskiptum ríkisins af þeim málum. Svonefnd framtíðarnefnd kirkjuþings sem kosin var á kirkjuþingi árið 2019, vann allar nauðsynlegar breytingar á starfsreglum kirkjuþings, bæði aðlögun gildandi starfsreglna að nýjum lögum en vann einnig að samningu nýrra starfsreglna t.d. um fjármál þjóðkirkjunnar. Nefndin lauk störfum árið 2020.

Árið 2018 var samþykkt var ný fræðslustefna, þar sem sérstök áhersla er lögð á skírnarfræðslu og einnig persónuverndarstefna, svo og stefna um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar. Þá var ný jafnréttisstefna samþykkt á kirkjuþingi 2019 og endurskoðuð fasteignastefna árið 2020.

### **Umhverfismál**

Kirkjuþing hefur látið umhverfismál til sín taka og hafa verið samþykkar ýmsar ályktanir á því sviði á starfstíma þingsins, auk þess sem sérstök áhersla er á fræðslu um umhverfismál í fyrrnefndri fræðslustefnu.

### **Ný úthlutunarnefnd styrkja og kjaranefnd þjóðkirkjunnar**

Sett var á laggirnar sérstök úthlutunarnefnd kirkjunnar árið 2020 sem hefur tekið við því hlutverki sem kirkjuráð hafði áður að annast um úthlutanir til sókna (áður Jöfnunarsjóður sókna) og verkefna sem Kristnisjóður hafði áður styrkt.

Enn fremur var stofnsett sama ár kjaranefnd þjóðkirkjunnar sem annast viðræður við þau stéttarfélag sem gæta hagsmuna starfsmanna þjóðkirkjunnar. Gengið var frá kjarasamningi milli þjóðkirkjunnar og Prestafélags Íslands 21. júní 2021 (sólstöðusamningurinn).

### **Ný stjórnskipan yfirstjórnar kirkjunnar**

Aukakirkjuþing 2021 samþykkti á grundvelli nýrra þjóðkirkjulaga ályktun um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar. Yfirstjórn kirkjunnar er skipt upp í tvö ábyrgðarsvið sem starfi náíð saman. Biskup gætir einingar kirkjunnar, hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og vígðri þjónustu og ber ábyrgð á öllu því er lýtur að þessari grunnþjónustu þjóðkirkjunnar. Kirkjuþing kýs framkvæmdanefnd úr röðum kirkjuþingsfulltrúa sem hefur í umboði kirkjuþings eftirlit með fjárhag og rekstri þjóðkirkjunnar og fylgir eftir ákvörðunum og áætlunum samþykktum af kirkjuþingi. Starfrækt skal rekstrarskrifstofa þjóðkirkjunnar í umboði kirkjuþings. Framkvæmdastjóri rekstrarskrifstofu þjóðkirkjunnar, ráðinn af framkvæmdanefnd í umboði kirkjuþings, heyrir undir nefndina og fylgir eftir lögbundnu hlutverki kirkjuþings að því er varðar fjárstjórn, stefnumótun í rekstri og áætlanagerð. Rekstrarskrifstofa sinnir jafnframt allri almennri þjónustu við yfirstjórn þjóðkirkjunnar sem og við starfseiningar á ábyrgðarsviði biskups, eftir því sem við á í samræmi við þau verkefni og sérfræðipækkingu sem er innan vébanda skrifstofunnar.



## **Reglulegt kirkjuþing 2021-2022 hið síðasta á þessu kjörtímabili**

Fyrir kirkjuþingi 2021-2022 liggja ýmis mál er varða þá stefnumótun sem áður var getið um. Auk þessu eru mörg mál sem fela í sér aðlögun að nýjum þjóðkirkjulögum og samræmingu við löggjöfina. Er þar um að ræða setningu nýrra starfsreglna um málefni sem áður voru lögmælt, t.d. um kirkjuþing. Jafnframt mál um framangreinda nýja rekstrarskrifstofu þjóðkirkjunnar.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði þjóðkirkjulaganna falla allar starfsreglur, stefnur og samþykktir kirkjuþings brott um næstu áramót, nema kirkjuþing ákveði annað. Liggur því fyrir þinginu að endursetja gildandi starfsreglur eftir því sem þörf er talin á, svo og að veita tilteknum starfsreglum áframhaldandi gildi tímabundið meðan þær verða athugaðar nánar.

Biskupsembættið mun vafalaust taka meiri ábyrgð á ýmsum málefnum sem mælt er fyrir um í starfsreglum í dag og æskilegt er að athuga hvort ekki megi einfalda sumar starfsreglur og stytta. Í þessu sambandi setti aukakirkjuþing 2021 á laggirnar starfshóp til að endurskoða allar starfsreglur og brottfallin lög og gera tillögur um framtíðarskipan þeirra.

Forsætisnefnd flytur nokkur mál á þessu þingi sem einkum tengjast skipulagsbreytingum á yfirstjórn kirkjunnar og aðlögun að breyttu lagaumhverfi. Í því birtist sú nýja skipan að þingið hefur orðið mun sjálfstæðara og flytur nú þingmál sem áður hefðu verið flutt af kirkjuráði. Þannig flytur nefndin tillögur að nýjum starfsreglum um kirkjuþing sem ekki hafa verið til áður sem heildstæður bálkur. Ákvæði um þingið hafa fram að þessu verið í starfsreglum um þingsköp, en vegna breytts og aukins hlutverks kirkjuþings er rétt að setja heildstæðan starfsreglubálk sem fjallar með ítarlegri hætti um þingið sjálft, hlutverk þess og yfirstjórn. Auk þess fjalla þingsköp fyrst og fremst um vinnubrögð þingsins, fundarsköp o.fl. þegar það er að störfum. Forsætisnefnd flytur tillögu að nýjum þingsköpum og er þar m.a. gert ráð fyrir ítarlegri reglum um sérstakt hæfi kirkjuþingsfulltrúa og þeirra sem seturétt eiga á kirkjuþingi. Er þar byggt á ákvæði 7. gr. nýrra þjóðkirkjulaga, en þar eru gerðar talsvert ítarlegri kröfur um að gætt sé að sérstöku hæfi þingfulltrúa við meðferð mála á kirkjuþingi. Þá er gert ráð fyrir að framkvæmdanefnd kirkjuþings verði ein af fastanefndum þingsins. Nefndin flytur einnig tillögu að nýjum starfsreglum um söfnuði og sóknarnefndir. Þar er helst nýmæla að tekið er saman í einn starfsreglubálk allt það helsta sem varðar starf safnaða, þ.e. safnaðarfundar, sóknarnefnda, allt er varðar starfsmannahald safnaða o.fl. Áður voru ákvæði um þetta bæði í eldri þjóðkirkjulögum svo og núgildandi starfsreglum um sóknarnefndir.

Hér hefur eingöngu verið tæpt á helstu málefnum sem fjallað hefur verið um á kjörtímabili þessa kirkjuþings og sem lögð eru fyrir þetta þing. Óhætt mun að fullyrða að þetta sé eitt starfsamasta kirkjuþing seinni tíma og naumast hafa meiri breytingar orðið á skipulagi og starfsemi þjóðkirkjunnar síðan árið 1998, þegar gildi tóku ný þjóðkirkjulög á grundvelli kirkjujarðasamkomulagsins frá árinu 1997.

## **Önnur mál**

Í nýjum þjóðkirkjulögum er hugtakið söfnuður notað í stað hugtaksins sókn. Sókn er nú

einfaldlega skilgreind sem afmarkað landsvæði. Auk þess er í framkvæmd orðið sókn notað um félag það sem hver söfnuður myndar, þ.e. þá umgjörð sem annast rekstur og veraldlega umsýslu safnaðarins. Ég fagna þessari nálgun laganna því orðið söfnuður vísar til fólks en ekki félags. Orðið söfnuður minnir okkur á að það er fólkið í kirkjunni sem er grundvöllur hennar. Við sem berum ábyrgð á yfirstjórn kirkjunnar erum í störfum okkar í þjónustu við söfnuði kirkjunnar. Söfnuðir þjóðkirkjunnar eru, eins og segir í nýju þjóðkirkjulögunum, félagsleg og fjárhagsleg grunneining þjóðkirkjunnar. Hjá söfnuðunum fer fram fjölbreytt kirkjustarf og merkilegt og hver söfnuður hefur sínar hefðir og venjur.

Við verðum að halda áfram baráttunni fyrir sóknargjöldunum sem af hálfu ríkisins hefur ekki verið skilað til fulls síðan á árunum eftir bankahrunið. Nemur nú skerðingin hartnær 50%. Við megum aldrei sætta okkur við að sú skerðing verði gerð varanleg. Í því sambandi er mikilvægt að fram hafi komið 29. mál þessa kirkjuþings um leiðréttingu sóknargjalda.

Miklar vonir eru bundnar við störf Sóknarsambandsins, sem stofnað var 2019, sem er vettvangur fyrir sóknirnar í landinu til samtals hagsmunagæslu og framafarverkefna til hagsbóta fyrir söfnuði landsins.

Forseti og forsætisnefnd eru sannarlega reiðubúin að leggja sitt lóð á vogarskálarnar af það má verða að gagni til endurheimtu löglegra sóknargjalda að nýju.

Að lokum vil ég flytja ykkur ljóð Sigurbjörns Þorkelssonar okkur til andlegrar uppbyggingar.

Handafar skaparans  
Í lófa Guðs  
Er nafn þitt ritað  
Þú ert handarfar skaparans  
Í þessum heimi,  
Og líf þitt  
Hið fegursta ljóð.

Heilagur andi  
Hefur blásið þér líf,  
Anda og kraft í brjóst  
Til að vera sá sem þú ert.

Þú ert leikflétta  
Í undri kærleikans

Njóttu þess !!!!  
Og láttu muna um þig!!!

*Sigurbjörn Þorkelsson*

## Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur

Forseti kirkjuþings, kirkjuþingsfulltrúar, vígslubiskupar, tónlistarfólk, góðir gestir.

Á heimasíðu þjóðkirkjunnar kirkjan.is er flokkur fréttar af fólkinu í kirkjunni. Þar má lesa um fólk víðs vegar um landið sem leggur kirkjunni sinni lið. Ein þeirra er Valgerður Friðriksdóttir frá Ytri-Hlíð í Vesturárdal í Hofssókn sem hefur sungið í kirkjukórnum frá fermingu eða í um þrjá aldarfjórðunga eins og segir þar. Önnur er Marta Esther Hjaltadóttir sóknarnefndarkona í Hrunasókn sem segir skemmtilegt að vinna í sóknarnefndinni. Benedikta Waage segir:

„Ég veit ekki hvers konar lukka hefur verið yfir manni að fá tækifæri til að starfa í sóknarnefndinni og öðru kirkjustarfi.“ Og svo er það hann Björn sem hefur verið í sóknarnefnd í um aldarfjórðung og daginn sem fréttaritari kirkjan.is hittir hann er aðalsafnaðarfundur og þá kemur í ljós hvort hann heldur áfram. Ég nefni hér dæmi úr þeim frásögnum sem tíðindamaður kirkjan.is hefur ritað um fólkið í kirkjunni en þær eru miklu fleiri. Allar greinarnar hans enda á þessum orðum: Kirkjan er söfnuðurinn. Fólkið.

### Umboðið

Við værum ekki saman komin hér í dag ef fólkið í söfnuðinum hefði ekki gefið okkur umboð til að vera hér. Við værum ekki hér saman komin til að ræða málefni þjóðkirkjunnar og setja henni mark og mið ef enginn væri söfnuðurinn. Við værum ekki heldur hér í dag ef söfnuðurinn hefði ekki hirði sem hann hefði kallað til þjónustunnar og hefði sjálfur hlýtt kalli Drottins um að vera hans þjónn í kirkju hans hér á jörð.

Það eru margar skilgreiningar á kirkjunni sem ég ætla ekki að fara út í hér. Vil þó benda á myndlíkingar sem Pál postuli notar um kirkjuna í Efesusbréfinu. Eins og við munum þá ofsótti Páll eða Sál eins og hann var þá nefndur, kristið fólk en snéri algjörlega við blaðinu í afstöðu sinni til hinnar nýju lífsskoðunar sem Jesús birti og boðaði þegar hann varð fyrir þeirri lífsreynslu að heyra rödd Jesú á ferð sinni til Damaskus en sú frásaga er skráð af Lúkasi lækni í 9. kaflanum í Postulasögunni.

Efesusbréfið geymir margar myndrænar líkingar um kirkjuna. Hún er nefnd líkami, heimamenn Guðs, bygging, musteri, bústaður Guðs í heilögum anda og brúður Krists. Það er því ekkert einkennilegt þó við mannanna börn séum stundum eins og í lausu lofti varðandi kirkjuskipan og fyrirkomulag því kirkjan er svo sannarlegar ekki eins og hvert annað félag eða stofnun. En það sem tengir saman allar þessar myndir af kirkjunni og gefur okkur visku, kraft og þor til að takast á við viðfangsefnin er Kristur. Það er hann sem blessar og sameinar og gefur okkur kraftinn fyrir heilagan anda. Hann er því hinn eini sanni leiðtogi kirkjunnar og við erum limir á líkama hans eins og Páll orðar einnig í Efesusbréfinu.

Páll notar þessa myndlíkingu um líkamann og limina líka í Rómverjabréfinu um leið og hann brýnir hinn nýstofnaða söfnuð í Róm og minnir hann á að mismunandi styrkleikar koma saman og mynda eina heild. Hann segir í 12. kaflanum: „Eins erum við, þótt mörg séum, einn líkami í Kristi en hvert um sig annars limir. Við eigum margvíslegar náðargáfur samkvæmt þeirri náð sem Guð hefur gefið.“

## Kirkjuþing

Kirkjuþing hefur það hlutverk að setja líkamanum reglur svo limirnir geti starfað eftir þeim hlutverkum sem þeim er ætlað svo notuð sé myndlíking Páls um kirkjuna.

Kirkjuþingið nú ber þess merki að þjóðkirkjan er í miðju breytingaferli, annars vegar vegna viðbótarsamkomulagsins og hins vegar vegna nýrra þjóðkirkjulaga. Það sést meðal annars á því að ráðherra kirkjumála ávarpar þingið ekki eins og venja er til og tillögur liggja fyrir er varða fjármál sem líta má á sem beinar afleiðingar viðbótarsamkomulags við ríkið sem kirkjuþing samþykkti haustið 2019. Þjóðkirkjan með kirkjuþing í broddi fylkingar fetar sig nú til nýrrar hugsunar, nýrra vinnubragða og nýs skipulags. Það er meðal annars gert í og með þeirri stefnumótunarvinnu sem farið hefur fram en afrakstur hennar birtist hér á þinginu í nokkrum málum.

Viðfangsefnin eru því næg hjá kirkjunni sem er ekki af þessum heimi þó hún starfi í þessum heimi.

Á næsta vori verður kosið til kirkjuþings eins og kunnugt er. Ég sé að í málaskrá þessa kirkjuþings er tillaga að starfsreglum um kjör til kirkjuþings. Ég sé líka að ein umsögn hefur verið send inn. Undanfarna daga hafa fjölmiðlar vakið athygli á kirkjuþinginu með því að fjalla um tillögur sem hér liggja fyrir. Það hefur ef til vill verið eitt af úrlausnarefnum að koma því á framfæri við fólkið í kirkjunni hvernig skipulagi hennar er háttað og hvernig lýðræðið virkar innan hennar.

Ég minntist á skipulag. Á síðasta kirkjuþingsfundi þann 4. október síðastliðinn var samþykkt í annarri umræðu tillaga um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar. Hún fjallaði um að skipta upp miðlægri stjórnýslu kirkjunnar í annars vegar rekstrarsvið og hins vegar biskups svið. Tillagan tók miklum og nauðsynlegum breytingum milli umræðna sem ég þakkaði og hrósaði kirkjuþingi fyrir. Nú skiptir miklu máli við frekari útfærslu málsins, sem mér var falið ásamt forseta kirkjuþings, að okkur auðnist að nýta þann mannauð sem fyrir er á biskupsstofu. Það er að mínu viti vond niðurstaða að stofna til nýrrar skrifstofu, rekstrarskrifstofu, með tilheyrandi kostnaði. Þó svo þessi tvö svið séu komin til að vera er nauðsynlegt að þau starfi undir sama þaki, sömu skrifstofu. Sú einstaka þekking sem fyrir er á biskupsstofu nær þá að nýtast báðum sviðum og flæði milli sviðanna verði mikið og óheft – kirkjunni til dáða og blessunar. Það stendst enga skoðun, í þeim aðhaldsaðgerðum sem framundan eru, að stofna til frekari skrifstofukostnaðar. Hitt heldur þurfum við að nýta hverja krónu til að verja starf kirkjunnar úti á meðal fólksins – sérstaklega úti á landsbyggðinni. Annað er óverjandi.

Ég bið og vona að þær starfsreglur sem þingfulltrúar samþykkja á þessu þingi verði kirkjunni til blessunar eins og aðrar þær samþykktir sem hér verða gerðar.

Ég hef fylgst með kirkjuþingskosningum frá unga aldri og veit að skortur hefur verið á vitneskju um að hver þjóðkirkjumeðlimur getur boðið sig fram til kirkjuþings. Einnig þarf að finna leiðir til að vekja áhuga fólks á að gefa kost á sér til þingsetu. Nú er lag að láta allar samþykktir kirkjuþings um lýðræði, kynjakvóta, aldurskvóta og fleira virka í raun. Í þessu ljósi er einnig mikilvægt að brýna, einfalda og skýra starfshætti og vinnubrögð í kringum kirkjuþing. Málefna starf kirkjuþings, verklag og vinnutækni má ekki verða svo tyrfin, flókin og sértæk að fagkunnáttu þurfi til að geta tekið virkan og skapandi þátt. Lýðræði

er frjáls, frjór og skapandi vilji hvers atkvæðabærs einstaklings. Til þess að lýðræðið virki þarf leikborðið að vera einfalt og skýrt.

Hið sama á við um aðrar samþykktir kirkjuþings. Starfsreglur og aðrar ákvarðanir sem teknar eru hjá kirkjuþingi sem hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar þurfa að virka í raunveruleikanum. Það er talað um að einfalda regluverkið í kirkjunni en oft á tíðum er það ekki nógu lausnamiðað og skýrt þegar til á að taka. Það er brýnt að þau sem vinna eftir reglunum og með ákvarðanirnar geti það. Það er klókt að ræða við þau sem starfa á þeim grundvelli sem kirkjuþing ákveður. Það er meðal annarra starfsfólkið á biskupsstofu, fólkið í sóknarnefndunum og nefndunum mörgu sem starfa á vegum þjóðkirkjunnar.

### Heimurinn og jörðin

Lítill veira hefur stjórnað lífi mannkyns undanfarin nærri tvö ár. Á vef Landspítalans má lesa eftirfarandi: „Alvarlegrar lungnasýkingar varð vart í borginni Wuhan í Kína í lok desember 2019. Síðar var staðfest að um óþekkt afbrigði kórónuveirunnar væri að ræða og sjúkdómurinn fékk heitið COVID-19. Veiran hefur sýkt fólk víða og leitt til margra dauðsfalla um allan heim. Heilbrigðisyfirvöld flestra ríkja standa fyrir víðtækum aðgerðum til að hefta útbreiðslu veirunnar og lækna og hjúkra sjúkum, þar á meðal á Íslandi undir forystu almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra, Embættis landlæknis og sóttvarnalæknis.“

Eins og aðrir stóðum við frammi fyrir mikilli áskorun í þjóðkirkjunni um það hvernig bregðast skyldi við þessum vágesti. Starfsfólk biskupsstofu hefur verið í nánú samstarfi við Landlæknisembættið varðandi viðbrögð okkar. Leitast var við að senda upplýsingar til presta, sóknarnefnda og fleira kirkjufólks eins fljótt og hægt var þegar nýjar reglugerðir tóku gildi. Samtals urðu bréfin 30.

Þar sem kirkjustarf fer mikið fram í samfélagi fólks var vandi á höndum þegar samkomutakmarkanir voru miklar. Prestar, djáknar og starfsfólk sóknanna gerðu það sem hægt var í stöðunni, streymdu guðsþjónustum, sunnudagaskóla og öðru því efni sem hægt er að koma á framfæri á þann hátt. Þúsundir símtala voru tekin við fólk sem vitað var að yrði þakklát fyrir samtalið. Ég vil nota tækifærið og þakka fólkinu í kirkjunni, í söfnuðunum, prestaköllunum og prófastsdæmunum fyrir að standa vaktina í þessum óvenjulegu aðstæðum sem minntu okkur svo rækilega á að við erum öll á sama báti hvar sem við fæðumst hér á jörð og hvar sem við búum.

Annað sameiginlegt málefni allra jarðarbúa eru umhverfis- og loftslagsmálin. Næsta föstudag verður málþing í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins hér í Reykjavík sem ber yfirskriftina „Öll á sama báti – Loftslagskreppan og aðgerðir í þágu framtíðar.“ Fyrir málþinginu standa Stofnun Sigurbjörns Einarssonar og Guðfræðistofnun Háskóla Íslands, í samvinnu við samráðsvettvanginn *Faith for Nature*, trú fyrir jörðina Þetta er ekki eini atburðurinn þar sem fólk kemur saman til að ræða þann mikla vanda sem mannkyn stendur frammi fyrir.

Í fyrra var haldin í Skálholti netráðstefna sem leiðtogar um 15 trúarbragða sóttu. Þar var fjallað um á hvaða hugmyndagrunni mætti sameinast um að kalla eftir stofnun Heimsbandalags um trú fyrir jörðina í tengslum við Umhverfisstofnun Sameinuðu

þjóðanna. Markmið ráðstefnunnar var að sameina ólíkar trúarstofnanir, lífskoðunarfélög og trúarbrögð um heim allan til aðgerða sem tryggja geta heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna framgang. Íslenskt teymi trú- og lífskoðunarfélaga, umhverfisstofnana og umhverfissamtaka naut stuðnings ríkisstjórnarinnar við ráðstefnuhaldið og var þátttaka þjóðkirkjunnar umtalsverð.

Ráðstefnu þessari var svo fylgt eftir með framhaldsfundi 12.-13. október síðastliðinn. Nú er unnið að því að 5. Umhverfisþing Sameinuðu þjóðanna sem fram verður haldið í febrúar á næsta ári lýsi stuðningi við hugmyndina um Heimsbandalag trúarbragða fyrir jörðina. Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna lýsti viðburðinum í Skálholti í fyrra sem sögulegum og við sem stóðum að henni og tókum þátt í henni erum stolt af því að hafa lagt þar gott til mála.

### **Kópavogskirkja og aðrar fréttir af kirkjan.is**

Í gær var ég viðstödd samveru í Kópavogskirkju þar sem framkvæmdir hafa staðið yfir síðastliðin ár. Margir komu að því verki á einn eða annan hátt og voru hlutaðeigandi færðar að gjöf myndir af gluggum kirkjunnar sem eru eins og kunnugt er eftir listakonuna Gerði Helgadóttur. Fram kom í máli sóknarnefndarformanns og sóknarprests að kirkja nyti mikils velvilja sem hefði komið berlega í ljós í þessum framkvæmdum sem voru miklar og dýrar. Jöfnunarsjóður sókna veitti líka styrki sem um munaði og bið ég þess að sóknir landsins finni að þær eigi bakhjarl í þessum sameiginlega sjóði sóknanna. Því miður er hann ekki jafn öflugur og áður var vegna skerðingar sóknargjaldanna sem voru til viðmiðunar þegar framlagið í sjóðinn var ákveðið á sínum tíma. Vonandi verða sóknargjöldin leiðrétt eins og unnið hefur verið að lengi en framlagið í sjóðinn mun ekki leiðrétt verða enda sjóðurinn niðurlagður í þeirri mynd sem áður var og búið að skrifa undir viðbótarsamkomulagið sem verður þar af leiðandi ekki breytt.

Í upphafi vitnaði ég í fréttir af fólkinu í kirkjunni á heimasíðu þjóðkirkjunnar kirkjan.is. Margan annan fróðleik er þar að finna sem gefur sýnishorn af því mikla starfi sem þjóðkirkjan leggur af mörkum um allt land. Þar eru fréttir af því gróskumikla listastarfi sem fram fer. Tónlistarstarfi, bæði hér heima og þar sem íslenskir organistar halda tónleika erlendis, myndlistarstarfi, þátttöku fulltrúa kirkju okkar í erlendum vígslum og atburðum, fermingarbarnamótum, nýju barnaefni í sjónvarpi, starfsemi Skjólans og söfnuðum á grænni leið og þeim sem hafa náð settu marki. Þjóðkirkjan leggur sitt af mörkum til að efla fólkið og auðga lífið. Nærir líkamann, sálina og andann, í trú, von og kærleika.

Einn presta landsins gaf út ljóðabók nýverið. Um hana má líka lesa á kirkjan.is. Sr. Bragi Ingibergsson yrkir í kvæði sínu *Gönguleið viskunnar*:

Ég spurði um spádóma forðum  
í spekinnar hofi  
og leitaði' að eilífum orðum  
í auðnu og lofi:

Mun gæfan í veröldu velta  
á von sem er falin  
í vörðum sem enginn vill elta  
og aldrei er valin?

Og svarið sem heyrði ég hljóma  
frá hofinu forðum  
mun lengi í lífinu óma  
í launhelgum orðum:

Þú gönguleið viskunnar velur  
og vonanna dölum,  
því að gæfan um daga þar dvelur  
í dýrðlegum sölum.

Verum glöð og stolt af því að fá að taka þátt í starfi kirkjunnar.

„Ég veit ekki hvers konar lukka hefur verið yfir manni að fá tækifæri til að starfa í sóknarnefndinni og öðru kirkjustarfi“ sagði Benedikta Waage í áðurnefndu viðtali.

Ég bið þess að það verði einnig okkar reynsla og líðan á þessu kirkjuþingi.

## Skýrsla kirkjuráðs

Fundir kirkjuráðs hefjast alltaf á ritningarlestri og bæn. Kirkjuráðsfulltrúar minna sig á í hvers nafni þeir starfa og hafa í huga orð postulans: „Verið með sama hugarfari sem Kristur Jesús var“ Fil. 2:5. Fundurinn er falinn Jesú sem sagði: „Biðjið og yður mun gefast, leitið og þér munuð finna, knýið á og fyrir yður mun upp lokið verða. Því að hver sá öðlast sem biður, sá finnur sem leitar, og fyrir þeim sem á knýr mun upp lokið verða“ Matt. 7:7-8.

### Inngangur.

Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, er forseti kirkjuráðs. Auk biskups sitja í ráðinu fjórir fulltrúar kjörnir af kirkjuþingi til fjögurra ára, tveir leikmenn og tveir guðfræðingar. Kjörnir fulltrúar í kirkjuráði eru sr. Arna Grétarsdóttir, sóknarprestur á Reynivöllum, Kjalarnesprófastsdæmi, sr. Axel Árnason Njarðvík, héraðsprestur í Suðurprófastsdæmi, Stefán Magnússon, bóndi í Fagraskógi, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi og Svana Helen Björnsdóttir, verkfræðingur og doktorsnemi við Háskólann í Reykjavík, Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra. Varamenn eru Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, verkefnastjóri hjá Brimi hf., Berglind Hönnudóttir, starfsmaður í Austurlandsprófastsdæmi, sr. Guðrún Karls Helgudóttir, sóknarprestur í Grafarvogskirkju og sr. Hreinn Hákonarson, sérþjónustuprestur á Biskupsstofu. Kjörtímabili þess kirkjuráðs sem nú situr lýkur í lok kirkjuþings 2022 en það var kosið á kirkjuþingi 2018.

### Starfsemi kirkjuráðs.

#### *Almennt.*

Störf kirkjuráðs hafa byggt á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, svo og starfsreglum um kirkjuráð, nr. 817/2000, með síðari breytingum. Ný lög um þjóðkirkjuna, sem samþykkt voru 25. júní 2021 og tóku gildi 1. júlí sl., eru þó mun styttri og einfaldari en eldra regluverk en þar er ekki lengur fjallað um kirkjuráð heldur gengið út frá því að þjóðkirkjan ráði að mestu sínum málum og setji starfsreglur.

Kirkjuráð hefur farið með framkvæmd sameiginlegra málefna þjóðkirkjunnar, þar á meðal verkefna sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess, m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtökum leikmanna, Alþingis og ráðherra. Ákvörðunum kirkjulegra stjórnvalda, sem heyra undir lögsögu kirkjuráðs, hefur mátt skjóta til kirkjuráðs til endanlegrar úrlausnar. Undanskildar eru ákvarðanir úrskurðar- og áfrýjunarnefnda svo og ákvarðanir biskups er varða agavaldið og lausn ágreiningsefna svo og um kenningu kirkjunnar. Ákvörðunum kirkjuráðs á framkvæmdasviði kirkjulegrar stjórnýslu verður eigi áfrýjað til kirkjuþings en fjalla má um málefnið á kirkjuþingi að frumkvæði einstakra kirkjuþingsmanna.



Kirkjuráð hefur undirbúið kirkjuþing í samráði við forseta þingsins og forsætisnefnd. Þá hefur ráðið undirbúið þingmál sín og veitt kirkjuþingsfulltrúum, sem þess óska, aðstoð við framsetningu þingmála. Kirkjuráð hefur annast framkvæmd ákvarðana þingsins ef annað hefur ekki verið ákveðið af kirkjuþingi. Kirkjuráð hefur undirbúið drög að fjárhagsáætlun í samráði við forseta kirkjuþings og formann fjárhagsnefndar og áritar ársreikninga og leggur þá fram á kirkjuþingi. Að auki hefur kirkjuráð farið með fasteignamál Þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð hefur úthlutað styrkjum sem áður heyrðu undir Kirkjumálasjóð og Kristnisjóð og staðfestir úthlutanir Úthlutunarnefndar af þeim fjármunum sem áður heyrðu undir Jöfnunarsjóð sókna, sbr. starfsreglur um fjármál Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu, nr. 931/2020.

Kirkjuráð hefur haft forræði og forsjá um Skálholtsstað og hefur einnig afskipti af málefnum Skálholtsskóla. Kirkjuráð hefur einnig skipað skólaráð Skálholtsskóla.

#### ***Kirkjuráðsfundir.***

Kirkjuráð hefur haldið fund að jafnaði einu sinni í mánuði á biskupsstofu og á þessu starfsári hefur ráðið haldið 11 reglulega fundi auk fjögurra aukafunda. Í kjölfar Covid-19 faraldursins hafa kirkjuráðsfulltrúar í auknum mæli stuðst við fjarfundabúnað.

Á kirkjuráðsfundum sitja auk kirkjuráðsmanna og framkvæmdastjóra, skrifstofustjóri biskupsstofu og fjármálastjóri biskupsstofu, þegar umræða um fjármál eru sérstaklega á dagskrá og biskupsritari sem ritar fundargerðir.

Með tilkomu viðaukasamnings milli íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar, frá 6. september 2019 og breytinga á starfsreglum í kjölfar hans, hefur hlutverk kirkjuráðs breyst þar sem kirkjuþing fer nú með fjárstjórnarvald Þjóðkirkjunnar. Frá fyrsta kirkjuráðsfundi ársins 2021, sem var 7.-8. janúar, hafa forseti kirkjuþings og formaður fjárhagsnefndar setið fundi kirkjuráðs þegar fjallað er um fjármál. Forseti kirkjuþings situr auk þess fundi kirkjuráðs þegar málefni kirkjuþings eru til umfjöllunar. Vígslubiskupar sitja fundi ráðsins þegar málefni biskupsstólanna eru til umfjöllunar eða þegar forseti kirkjuráðs felur vígslubiskupi að stjórna fundi.

#### ***Starfsfólk kirkjuráðs.***

Starfsfólk kirkjuráðs eru Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Guðrún Finnbjarnardóttir, fulltrúi, Arnór Skúlason, arkitekt, verkefnastjóri viðhaldsmála á fasteignasviði og Ásta Guðrún Beck, lögfræðingur. Gunnar Óskarsson, ráðsmaður í Skálholti, hefur einnig talist til starfsmanna kirkjuráðs en kirkjuráð samþykkti á 326. fundi, þann 3. júní sl., að aðilaskipti yrðu á ráðningarsamningi hans og starfar hann nú eingöngu fyrir Skálholtsstað.

#### ***Starfshópar kirkjuráðs.***

Samkvæmt reglum um stjórnslu og starfshætti kirkjuráðs hafa þrír starfshópar kirkjuráðs verið starfandi, lagahópur, fjármalahópur og kirkjustarfshópur. Einn til tveir kirkjuráðsmenn starfa í hverjum hópi, ásamt starfsmanni frá biskupsstofu og formanni

fastanefnda kirkjuþings. Ásdís Clausen, fjármálastjóri biskupsstofu starfar með fjármál-  
hópi, sr. Hreinn Hákonarson sérþjónustuprestur á fræðslu- og kærleiksþjónustusviði  
starfar með kirkjustarfshópi og Ásta Guðrún Beck, lögfræðingur, starfaði með lagahópi.  
Stefán Magnússon starfar með lagahópi, Svana Helen Björnsdóttir og sr. Axel Árnason  
Njarðvík með fjármálahópi og sr. Arna Grétarsdóttir með kirkjustarfshópi kirkjuráðs.

#### *Samstarfsnefnd Alþingis og Þjóðkirkjunnar.*

Samstarfsnefnd Alþingis og Þjóðkirkjunnar starfaði á grundvelli laga nr. 12/1982, sem  
féllu brott með gildistöku nýrra Þjóðkirkjulaða 1. júlí 2021.

Nefndin hefur ekki haldið fund á starfsárinu.

#### *Verkefni kirkjuráðs á starfsárinu.*

59. kirkjuþingi 2019, var framhaldið á Grand Hóteli, Reykjavík 10. sept. 2020, en þinginu  
hafði ítrekað verið frestað frá nóvember 2019, vegna Covid-19 heimsfaraldurs. Til umfjöllun-  
ar á þinginu voru 40 mál og á þessu tímamarki var helmingur þeirra óafgreiddur, eða 20 mál.

Þegar þinginu lauk hófst kirkjuþing 2020-2021, þann 12. september og stóð það til  
15. september en þá var því frestað. Þinginu var framhaldið í gegnum fjarfundabúnað  
7. nóvember 2020 vegna Covid-19 heimsfaraldurs. Þann 13. mars 2021 var kirkjuþingi  
haldið áfram, þá á Grand Hóteli og lauk þinginu 14. mars 2021. Aukakirkjuþing 2021 var  
svo haldið 21. júní, 27. ágúst og 4. október, en þá var því slitið.

Á þinginu 2020-2021 voru lögð fram 49 mál, kirkjuráð lagði fram 11 mál, biskup Íslands  
flutti níu mál og þingmannamál voru 31. Alls voru 42 mál afgangi á þinginu. Þrjú mál  
voru dregin til baka og fjórum máluð frestað til næsta reglulega kirkjuþings.

Gerðir kirkjuþings eru birtar á vefsíðu kirkjunnar. Þar eru birtar breytingar á starfs-  
reglum, nýjar starfsreglur, ályktanir og samþykktir kirkjuþings. Kirkjuráð hefur unnið að  
framkvæmd og kynningu þeirra mála sem kirkjuþing fól ráðinu að sinna. Jafnframt hafa  
þær starfsreglur sem samþykktar voru fyrir gildistöku nýrra laga um Þjóðkirkjuna verið  
birtar í Stjórnartíðindum, en nú er Þjóðkirkjunni ekki lengur skylt að birta starfsreglur í  
Stjórnartíðindum eftir gildistöku nýrra laga um Þjóðkirkjuna.

#### *- Ályktanir og starfsreglur kirkjuþings 2019.*

Hér verður gerð grein fyrir þeim 20 málum sem biðu síðari umræðu kirkjuþings 2019  
þegar síðasta skýrsla kirkjuráðs var lögð fram. Fimm málanna voru dregin til baka, tvö  
fengu ekki framgang og einu máli var hafnað. Ekki er fjallað um þessi fimm mál hér.

#### *Sameiningar prestakalla.*

Mál flutt af biskupi Íslands.

Kirkjuþing samþykkti eftirfarandi breytingar á prestakallaskipaninni:

*Starfsreglur um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með  
síðari breytingum.*

4. mál. Ás-, Langholts- og Laugarnesprestaköll, Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra,  
sameinist í eitt prestakall, Laugardalsprestakall.

- 5. mál. Digranes- og Hjallaprestaköll, Reykjavíkprófastsdæmi eystra, sameinist í eitt prestakall, Digranes- og Hjallaprestakall.
- 9. mál. Bolungarvíkur-, Holts-, Ísafjarðar- og Þingeyrarprestaköll, Vestfjarðarprófastsdæmi, sameinist í eitt prestakall, Ísafjarðarprestakall.
- 12. mál. Akureyrar- og Laugalandsprestaköll, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi, sameinist í eitt prestakall, Akureyrar- og Laugalandsprestakall.
- 14. mál. Selfoss- og Eyrabakkaprestaköll, Suðurprófastsdæmi, sameinist í eitt prestakall, Árborgarprestakall.

*Auglýsing um breytingarnar hefur verið birt í Stjórnartíðindum og starfsreglurnar verið uppfærðar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.*

#### *Önnur þingmál.*

- 18. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir kirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum. (Leiga) Flutt af kirkjuráði.*

Tillagan laut að hækkun húsaleigu á prestssetrum og fleiru því tengt.

*Auglýsing um breytinguna hefur verið birt í Stjórnartíðindum og starfsreglurnar verið uppfærðar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.*

- 23. mál. *Þingsályktun um orkuskipti í samgöngum á vegum starfsfólks kirkjunnar.*

Kirkjuþing ályktaði að þjóðkirkjan, kirkjustjórn, prestar og sóknir stígi skref til orkuskipta í samgöngum. Kirkjuþing ályktaði enn fremur að starfshópur á vegum kirkjuráðs greini þær leiðir sem færar eru og kirkjuráð geri tillögu fyrir kirkjuþing 2020 hvernig orkuskiptum verði náð. Síðan verði innleidd ný skipan á samgöngum alls starfsfólks kirkjunnar í kjölfarið og verði þeim skiptum lokið eigi síðar en 2030. Kirkjuráði verði falið að koma upp, við fasteignir kirkjunnar, rafmagnstenglum eða hleðslustöðvum til að hlaða bíla gegn gjaldi árið 2020.

*Vegna frestunar kirkjuþings 2019 til september 2020, í ljósi heimsfaraldursins, frestaðist framkvæmd þingsályktunarinnar.*

- 24. mál. *Þingsályktun um að lýsa beri viðbragðsástandi í lofslagsmálum.*

Kirkjuþing ályktaði að stjórnvöldum beri að lýsa viðbragðsástandi vegna stöðunnar í loftslagsmálum á heimsvísu til að flýta fyrir innleiðingu þeirra róttæku aðgerða sem þörf er á til að stemma stigu við hlýnun andrúmslofts jarðar. Einnig er ríkisstjórn Íslands hvött til að aðgerðir í loftslagsmálum verði magnbundnar og tímasettar.

- 25. mál. *Þingsályktun um kolefnisjöfnun ferðalaga á vegum kirkjustjórnarinnar.*

Kirkjuþing ályktaði að þjóðkirkjan skuldbindi sig til þess að kolefnisjafna allir ferðir á vegum kirkjustjórnar og prófastsdæma innan þriggja ára, þ.e. fyrir árið 2022. Það verði gert með mótvægisáðgerðum í skógrækt eða endurheimt votlendis á jarðnæði í eigu kirkjunnar, m.a. þar sem boðið verður upp á helgun lands, sbr. helgun lands í Skálholti 16. september 2019. Gerð verði greining á akstri og annarri orkuþörf á árinu 2020 og gerður samningur við fyrirtæki um mælingu á kolefnisútblæstri og mótvægisáðgerðum.

Jafnframt verði fundnar leiðir til að hrinda kolefnisjöfnuninni í framkvæmd, annað hvort með þátttöku starfsfólks í skógrækt þar sem það á við eða samningi við fyrirtæki sem taka líkt að sér (endurheimt votlendis sérstaklega). Stefnt er að því að verkefninu „að kolefnisjafna yfirstjórn kirkjunnar“ verði hrint í framkvæmd sem hér segir: 2020 biskupsstofa, biskupsembætti. 2021 kirkjuráð, kirkjuþing. 2022 prófastsdæmi. Einnig verði söfnuðum og starfsemi þjóðkirkjunnar gert kleift að kolefnisjafna starf sitt á þessum jörðum líkt og nú þegar hefur verið lagt upp með í Skálholti.

Vegna frestunar kirkjuþings 2019 til september 2020, í ljósi heimsfaraldursins var framkvæmd þingsályktunarinnar frestað en kirkjuráð samþykkti að fela umhverfishópi kirkjunnar að vinna málið áfram í samráði við Umhverfisstofnun. Á 320. fundi kirkjuráðs, 3. desember 2020, var samþykkt beiðni umhverfishóps um tilfærslu fjármuna svo hægt væri að fara í kolefnismælingu fyrir biskupsstofu og tvo söfnuði út árið 2021.

27. mál og 29. mál. *Þingsályktun um undirbúning að stefnumótun fyrir þjóðkirkjuna.*

Allsherjarnefnd, fjárhagsnefnd og löggjafarnefnd fjölluðu um 27. mál og 29. mál og lögðu til að þau yrðu sameinuð í eitt mál og afgreidd þannig. Um var að ræða tillögu til þingsályktunar um frekari stefnumótun þjóðkirkjunnar og tillögu til þingsályktunar um gerð sviðsmynda fyrir þjóðkirkjuna. Kirkjuþing 2019 samþykkir að fela kirkjuráði að hefja vinnu að undirbúningi að stefnumótun fyrir þjóðkirkjuna og ráða utanaðkomandi ráðgjafa/ráðgjafafyrirtæki til að meta núverandi stöðu þjóðkirkjunnar varðandi skipulag, rekstur og stjórnsýslu. Taka skal tilliti til þeirra breytinga sem kirkjan hefur gengið í gegnum á síðastliðnum mánuðum og árum. Ásamt mati á núverandi stöðu skili ráðgjafinn/ráðgjafafyrirtækið af sér tillögum um með hvaða hætti þjóðkirkjan á að nálgast framtíðarsýn og heildar stefnumótun. Hafa skal að leiðarljósi þarfir og skyldur íslensku þjóðkirkjunnar, sem er evangelísk-lútersk kirkja. Gerð verði verk- og kostnaðaráætlun um verkið.

*Kirkjuráð samþykkti að fela dr. Bjarna Snæbirni Jónssyni að taka að sér undirbúning að stefnumótun fyrir þjóðkirkjuna.*

33. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 333/2017, með síðari breytingum.*

Tillagan laut að kosningarétti vígðra starfsmanna á biskupsstofu í föstu starfi en að vígðir kennarar í föstu starfi við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands hafa ekki lengur kosningarétt.

*Auglýsing um breytinguna hefur verið birt í Stjórnartíðindum og starfsreglurnar verið uppfærðar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.*

- **Ályktanir og starfsreglur kirkjuþings 2020-2021.**

1. mál. *Skýrsla kirkjuráðs til kirkjuþings um störf sín.*

Kirkjuþing þakkar framtíðarnefnd þeirri, sem kirkjuráð skipaði, þá vinnu sem henni var falið að inna af hendi vegna viðbótarsamnings milli þjóðkirkjunnar og íslenska ríkisins.

Kirkjuþing þakkar stjórn Skálholts og öðrum sem koma að starfsemi og uppbyggingu í Skálholti.

Kirkjuþing ályktar að farið verði yfir starfsreglur um Fjölskylduþjónustu kirkjunnar.

Kirkjuþing hvetur til að unnið verði úr niðurstöðum úttektar á aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra að kirkjum og safnaðarheimilum landsins og farið í framkvæmdir þar sem við á.

Kirkjuþing fagnar að hugmynd biskups Íslands um Dagsetur fyrir heimilislausar konur sé að verða að veruleika.

Kirkjuþing þakkar áfangaskýrslu nefndar sem er að semja tillögu að stefnumótun fyrir kærleiksþjónustu kirkjunnar.

Kirkjuþing þakkar öllu þjóðkirkjufólki framgöngu þess vegna Covid-19 faraldursins.  
*Kirkjuráð tekur undir framangreind sjónarmið kirkjuþings.*

2. mál. *Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar.*

Flutt af kirkjuráði.

Kirkjuþing 2020-2021 samþykkir endurskoðaða eftirfarandi ársreikninga:

Ársreikning Kirkjumálasjóðs fyrir árið 2018.

Ársreikning Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2018.

Ársreikning þjóðkirkjunnar fyrir árið 2019.

Ársreikning Kristnisjóðs fyrir árið 2019.

Ársreikning Jöfnunarsjóðs sókna fyrir árið 2019.

Enn fremur samþykkir kirkjuþing 2020-2021 fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu fyrir árið 2021.

3. mál. *Þingsályktun um frumvarp til laga um þjóðkirkjuna.*

*Málið var samþykkt óbreytt.*

4. mál. Tillaga til þingsályktunar um samskipta- og siðareglur þjóðkirkjunnar.

*Málinu var frestað til reglulegs kirkjuþings 2021-2022.*

5. mál. *Starfsreglur um kjaranefnd Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.*

Samþykkt var tillaga að starfsreglum um kjaranefnd Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu en kjaranefnd hefur eftirfarandi hlutverk: Að gæta hagsmuna Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu gagnvart samtökum þeirra launþega sem ráðnir eru þar til starfa, sérstaklega að því er varðar kaup og kjör. Að koma fram sem samningsaðili fyrir hönd Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu gagnvart stéttarfélögum hlutaðeigandi starfsfólks eða öðrum þeim, sem umboð hafa til slíkrar samningsgerðar. Að vinna að því að móta starfskjarastefnu Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.

Eftirtaldir aðilar voru skipaðir í kjaranefnd Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu: Aðalmenn: Guðrún Zoëga, verkfræðingur, formaður, Anna Mjöll Karlsdóttir, lögfræðingur og Einar Karl Haraldsson, ráðgjafi. Varamenn: Inga Rún Ólafsdóttir, forstöðumaður kjarasviðs Samb. ísl. sveitarf., varaformaður, Guðmundur Einarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri og Gunnar Þór Ágeirsson, löggiltur endurskoðandi.

*Auglýsing hefur verið birt í Stjórnartíðindum og starfsreglurnar verið uppfærðar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.*

6. mál. *Starfsreglur um fjármál þjóðkirkjunnar.*

Með viðbótarsamningi ríkis og kirkju, frá 6. september 2019, fékk kirkjuþing í hendur fjárstjórnarvald yfir gagngjaldi sem ríkið greiðir kirkjunni vegna afhentra kirkjueigna á grundvelli kirkjujarðasamkomulags frá 1997. Starfsreglur um fjármál Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu eru afurð af vinnu Framtíðarnefndar þjóðkirkjunnar, en nefndin er skipuð fulltrúum sem áttu að sjá um að aðlaga regluverk kirkjunnar að þeim breytingum sem koma í kjölfar samningsins. Með nýju reglunum kýs nú kirkjuþing nefnd til fjögurra ára í senn, sem úthlutar styrkjum skv. 2. mgr. 5. gr.

Eftirtaldir aðilar voru skipaðir í úthlutunarnefnd: Aðalmenn: Sr. Gísli Jónasson, prófastur, Valgerður Sverrisdóttir, fyrrverandi ráðherra, Guðmundur Jóhann Jónsson, forstjóri. Varamenn: Sr. Þuríður Björg Wíium Árnadóttir, Guðrún Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri og Jón Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra

*Auglýsing hefur verið birt í Stjórnartíðindum og starfsreglurnar verið birtar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.*

7. mál. *Starfsreglur um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa.*

*Auglýsing hefur verið birt í Stjórnartíðindum og starfsreglurnar verið birtar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.*

8. mál. *Þingsályktun um gjaldskrá um greiðslur fyrir prestsþjónustu.*

*Gjaldskráin hefur verið birt í Stjórnartíðindum og á vef kirkjunnar, kirkjan.is.*

9. mál. *Starfsreglur um breytingar á ýmsum starfsreglum kirkjuþings samkvæmt heimildum í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum. (Bandormur).*

Breytingin laut að hinum ýmsu nauðsynlegu breytingum á starfsreglum kirkjuþings, fyrst og fremst breytingum í kjölfar viðbótarsamnings þjóðkirkjunnar og ríkisins sem undirritaður var 6. september 2019.

*Auglýsing um breytingarnar hefur verið birt í Stjórnartíðindum og starfsreglurnar verið uppfærðar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.*

10. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum (Hvanneyri/Reykholt).*

Hvanneyrar- og Reykholtsprestaköll, Vesturlandsprófastsdæmi, sameinist í eitt prestakall, Reykholtsprestakall.

*Auglýsing um breytinguna hefur verið birt í Stjórnartíðindum og starfsreglurnar verið uppfærðar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.*

11. mál. *Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum (sóknarmörk).*

*Málinu var frestað til reglulegs kirkjuþings 2021-2022.*

12. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingum.*

Breytingarnar fela í sér að við birtingu starfsreglna og ályktana kirkjuþings megi ekkert undan fella sem þar á að standa og engar efnisbreytingar gera nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur sem telst sjálfögð leiðrétting. Þá er í auknum mæli er vísað til jafnréttisstefnu Þjóðkirkjunnar og jafnréttissjónarmiða og heimilt verður að afgreiða mál með einni umræðu án umfjöllunar fastanefndar kirkjuþings, mæli enginn kirkjuþingsfulltrúi gegn því. Forsætisnefnd geti nú ákveðið að störf kirkjuþings fari fram með fjarfundabúnaði við sérstakar aðstæður og að kosningar og atkvæðagreiðsla geti jafnframt farið fram í gegnum slíkan búnað. Kirkjuþingsfulltrúum beri að fylgja ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993, með síðari breytingum, um sérstakt hæfi, eins og við geti átt og leyft er að fresta afgreiðslu máls úr þingnefnd og seinni umræðu til næsta reglulegs kirkjuþings.

*Auglýsing um breytinguna hefur verið birt í Stjórnartíðindum og starfsreglurnar verið uppfærðar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.*

13. mál. *Tillaga til þingsályktunar um kaup og sölu fasteigna. Málinu var frestað til reglulegs kirkjuþings 2021-2022.*

14. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir kirkjunnar, nr. 950/2009, með síðari breytingum.*

Með breytingunni er aukin ábyrgð kirkjuþings á fjármálum undirstrikuð. Áskilið er að kirkjuþing ákveði hvaða fasteignir Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu skulu seldar og hvort Þjóðkirkjan-Biskupsstofa skuli kaupa fasteign eða ráðast í nýbyggingu. Sé ekki ákveðið annað framfylgi kirkjuráð ákvörðun kirkjuþings. Einnig er sett í starfsreglur að presti beri skylda til að skila prestssetri sínu til Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu, eigi síðar en við starfslok, nema um annað semjist.

*Auglýsing um breytinguna hefur verið birt í Stjórnartíðindum og starfsreglurnar verið uppfærðar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.*

15. mál. *Þingsályktun um breytingu á fasteignastefnu þjóðkirkjunnar.*

Breytingin lýtur fyrst og fremst að því að áskilið er að verkáætlun sé ávallt í gildi um umhirðu jarða á grundvelli heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna en fjárfestingar þjóðkirkjunnar skuli byggja á verkáætluninni. Fasteignir skulu ekki leigðar lengur en til fimm ára í senn og að þjóðkirkjan skuli almennt ekki fjárfesta í uppbyggingu landbúnaðarstarfsemi á jörðum í eigu þjóðkirkjunnar, nema við sérstakar aðstæður.

16. mál. *Þingsályktun um skipun starfshóps til að vinna að mótun heildstæðrar eignastefnu þjóðkirkjunnar.*

Kirkjuráð samþykkti að eftirtaldir aðilar yrðu skipaðir í starfshópin: Sr. Axel Árnason Njarðvík, kirkjuráðs- og kirkjuþingsfulltrúi, Svana Helen Björnsdóttir, kirkjuráðs- og kirkjuþingsfulltrúi og Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs

17. mál. *Tillaga að starfsreglum um ráðningu í prestsstörf.*  
*Málinu var frestað til næsta reglulegs kirkjuþings 2021-2022.*

18. mál. *Starfsreglur um héraðsfundi og héraðsnefndir.*

Starfsreglurnar fela ekki í sér efnislegar breytingar frá því sem lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997 hafa mælt um en í ljósi niðurfellingar ákvæðis um héraðssjóði með breytingarlögum nr. 95/2020 og í ljósi þess að unnið var að smíði nýrra þjóðkirkjulaga þótti rétt að fella inn í starfsreglurnar ákvæði um héraðssjóði og héraðsnefndir sem var að finna í brottföllnum lögum um þjóðkirkjuna.

*Auglýsing hefur verið birt í Stjórnartíðindum og starfsreglurnar verið birtar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.*

19. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum.*

Breytingin felur fyrst og fremst í sér breytingu á nafni starfsreglnanna sem nú heita starfsreglur um ráðningu í prestsstörf og starfslok, að auki felast í reglunum breytingar á reglum um starfslok.

*Auglýsing um breytinguna hefur verið birt í Stjórnartíðindum ásamt breytingum 43. máls og starfsreglurnar verið uppfærðar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.*

21. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum.*

Tillagan felur í sér að kirkjuráð skal auglýsa á almennum markaði allar fasteignir þjóðkirkjunnar, sem það hefur ákveðið að selja með samþykki kirkjuþings. Kirkjuráð skal taka hæsta tilboði eða hafna öllum.

*Auglýsing um breytinguna hefur verið birt í Stjórnartíðindum og starfsreglurnar verið uppfærðar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.*

22. mál. *Tillaga að starfsreglum um Skálholtsstað.*

*Málinu var frestað til næsta reglulegs kirkjuþings 2021-2022.*

23. mál. *Þingsályktun um verkáætlun vegna umhirðu jarða þjóðkirkjunnar.*

Málið fjallar um verkáætlun fyrir umhirðu jarða þjóðkirkjunnar 2021-2031. Málið fékk ekki framgang á kirkjuþingi í septembermánuði síðastliðnum en samþykkt var tillaga um að kirkjuráði yrði falið að vinna betur kostnaðaráætlun og samræma fasteignastefnu þjóðkirkjunnar. Þetta mál er framhald 22. máls kirkjuþings 2019 þar sem kirkjuþing samþykkti þingsályktun um úttekt á prestssetra- og kirkjujörðum vegna endurheimtar votlendis og skógræktar.

24. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um sóknarnefndir.*

Breytingin felur m.a. í sér að sóknarnefnd boðar til aðalsafnaðarfundar sóknar í samráði við sóknarprest og/eða starfandi prest.



*Auglýsing um breytinguna hefur verið birt í Stjórnartíðindum og starfsreglurnar verið uppfærðar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.*

25. mál. *Þingsályktun um mótun stefnu þjóðkirkjunnar í málum fólks á flóttu og umsækjenda um alþjóðlega vernd.*

Málið felur í sér samþykkt stefnu sem biskupi er ætlað að koma í framkvæmd. Stefnan snýr meðal annars að því að þjóðkirkjan er öllum opin, íbúum sem og þeim sem á landinu dvelja. Lögð er áhersla á hlutverk kirkjunnar sem skjólshús, þá er ekki átt við kirkjugrið heldur viðleitni til að vera virkur þátttakandi í að efla guðsríki og koma fram við aðra eins og við viljum láta koma fram við okkur. Biskup skipar sex manna starfshóp „Seekers ministry“, sem starfar sérstaklega að málefnum flóttafólks. Þá eru jafnframt tilnefndir móttökusöfnuðir til að tryggja ákveðna þjónustu.

26. mál. *Þingsályktun um brottvísanir flóttafólks sem hefur fengið alþjóðlega vernd í öðru ríki.*

Kirkjuþing 2020 hvetur íslensk stjórnvöld til að vísa umsækjendum um alþjóðlega vernd ekki úr landi án efnislegrar meðferðar hælisumsóknar. Þjóðkirkjan hefur sérstakar áhyggjur af börnum í þessum hópi. Þessu til viðbótar hvetur kirkjuþing íslensk stjórnvöld til að veita umsækjendum um alþjóðlega vernd dvalarleyfi af mannúðarástæðum ef þau hafa dvalið hérlendis til lengri tíma og aðlagast samfélaginu óháð niðurstöðu máls þeirra.

27. mál. *Þingsályktun um að skipa nefnd til að endurskoða starfsreglur um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017, með síðari breytingum og starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 333/2017, með síðari breytingum.*

Kirkjuþing 2020-2021 ályktar að kjósa þriggja manna nefnd til að endurskoða starfsreglur um kjör til kirkjuþings og starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa og semja tillögur að nýjum starfsreglum. Tillögurnar miði einkum að því að tryggja að kosningakerfi þjóðkirkjunnar sé lýðræðislegt og að jafnræðis sé gætt.

Nefnd um kosningareglur skipa eftirtaldir kirkjuþingsfulltrúar: Margrét Eggertsdóttir, sr. Bryndís Malla Elíadóttir og Einar Már Sigurðarson.

29. mál. *Þingsályktun um hugverkaskráningu.*

Kirkjuþing 2020 beinir þeim tilmælum til kirkjuráðs að það skrái merki þjóðkirkjunnar, orðmerki og myndmerki, með formlegum hætti hjá Hugverkastofunni sem starfar samkvæmt lögum um einkaleyfi nr. 17/1991, með síðari breytingum.

30. mál. *Þingsályktun um tækifærisgjafir til embættis biskups Íslands.*

Kirkjuþing 2020 beinir þeim tilmælum til biskups Íslands að allar tækifærisgjafir til embættis biskups Íslands verði skráðar sérstaklega.

31. mál. *Þingsályktun um Fréttabréf biskupsstofu og Víðförla, fréttablað kirkjunnar.*

Kirkjuþing 2020 beinir þeim tilmælum til kirkjuráðs að séð verði til þess að Fréttabréf

biskupsstofu frá 1976-1977 og 1979-1982, og fréttablað kirkjunnar: Viðförli 1. árg., október 1982 og til lokaútgáfu, þ.e. 29. árg., 1. tbl., desember 2009, verði innskönnuð og sett á vefinn timarit.is og á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

32. mál. *Þingsályktun um greiðslur útfarakostnaðar.*

Kirkjuþing 2020-2021 samþykkir að biskupsstofa gangi nú þegar til samninga við Kirkjugarðasamband Íslands um innheimtu útfarakostnaðar og greiðslur til presta vegna þjónustu við útfarir gegn innheimtuþóknun. Innheimtuþóknun greiðist ekki úr sjóðum kirkjunnar.

Framkvæmdastjóri kirkjuráðs og skrifstofustjóri biskupsstofu funduðu um málið með fulltrúum frá KGSÍ og PÍ. Við undirbúning 32. máls var gengið út frá tilteknum forsendum, sem ekki stóðust þegar farið var að innleiða málið. Kostnaðurinn var mun hærri en gert var ráð fyrir, meiri forritunarvinna var nauðsynleg sem leiddi til þess að samningurinn hefði ekki getað tekið gildi strax og ljóst að lögleg hámarksþóknun hefði ekki dugað upp í innheimtuþóknun sem KGSÍ gerði kröfu um. Framangreindir aðilar lögðu því til með minnisblaði dags. 5. janúar 2021, að framkvæmd þingsályktunartillögunnar í 32. máli yrði frestað.

33. mál. *Þingsályktun um skipan starfshóps til mótunar stefnu varðandi nánari útfærslu á fasteignastefnu þjóðkirkjunnar.*

Kirkjuþing 2020 samþykkir að skipa starfshóp þriggja fulltrúa til að fara yfir stöðu fasteigna þjóðkirkjunnar og gera tillögur um nánari útfærslu fasteignastefnu hennar og þá sérstaklega hvað varðar 1. og 2. grein. Starfshópurinn skili niðurstöðum sínum til kirkjuþings 2021.

Starfshópin skipa eftirtaldir kirkjuþingsfulltrúar: Stefán Magnússon, bóndi, sr. Þuríður Björg Árnadóttir Wium og sr. Gísli Gunnarsson

35. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembættis nr. 144/2016, með síðari breytingum.*

Breytingin felur í sér að í stað 1. og 2. mgr. 13. gr. starfsreglnanna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi: Atkvæðisbær sóknarbörn teljast þau sem skráð eru í þjóðkirkjuna í prestakalli samkvæmt þjóðskrá og eru fullra 16 ára við birtingu auglýsingar í Lögbirtinga- blaði um laust embætti sóknarprests eða prests í prestakalli. Nú kemur fram ósk, innan fimm daga frá birtingu auglýsingar, a.m.k. fimm atkvæðisbærra sóknarbarna um að almenn kosning skuli fara fram í prestakalli, eftir að embætti prests hefur verið auglýst laust til umsóknar. Skal þá biskupsstofa svo skjótt sem auðið er gefa atkvæðisbærum sóknarbörnum í prestakallinu kost á því að óska eftir almennri kosningu með rafrænni undirritun. Notast skal við öruggan hugbúnað og þ. á m. nota almenna innskráningar-þjónustu s.s. rafræn skilríki eða Íslykil Þjóðskrár Íslands. Skal sóknarbarn auðkenna sig á fullnægjandi hátt áður en undirritað er rafrænt. Skal vera unnt að undirrita samkvæmt framanskráðu uns umsóknarfrestur um prestsembætti rennur út. Hafi að lágmarki fjórðungur atkvæðisbærra

sóknarbarna undirritað ósk um almenna prestskosningu skal orðið við henni. Aldrei er þó þörf fleiri undirritana en fimm hundruð atkvæðisbærra sóknarbarna.

*Auglýsing um breytinguna hefur verið birt í Stjórnartíðindum og starfsreglurnar verið uppfærðar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.*

36. mál. *Þingsályktun um brottfall ýmissa laga og réttarreglna er varða málefni þjóðkirkjunnar.*

Kirkjuþing 2020-2021 beinir þeim tilmælum til dómsmálaráðherra að felld verði á brott úr lagasafninu tiltekin lög, tilskipanir, forordning, bréf kansallísins, kounsbréf til biskupanna, erindisbréf handa biskupum og prestastefnusamþykkt, við meðferð frumvarps til nýrra þjóðkirkjulaga á Alþingi.

37. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum (Sameining sókna).*

Gilsbakka- og Reykholtssóknir í Reykholtsprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi sameinist. Heiti hinnar nýju sóknar verði Reykholtssókn.

Dagverðarness- og Staðarfellssóknir í Dalaprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi sameinist. Heiti hinnar nýju sóknar verði Staðarfellssókn.

*Auglýsing um breytinguna hefur verið birt í Stjórnartíðindum og starfsreglurnar verið uppfærðar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.*

38. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar nr. 330/2019.*

Breytingin felur í sér að biskup Íslands ákveður nú þóknun fyrir teymið en ekki þóknananefnd kirkjunnar. Þá eru felld niður ákvæði sem tilgreina að kostnaður greiðist úr kirkjumálasjóði þar sem allur kostnaður greiðist nú frá Þjóðkirkjunni-Biskupsstofu, enda hefur kirkjumálasjóður verið lagður niður.

39. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prófasteina nr. 966/2006, með síðari breytingum.*

Breytingin felur í sér að prófastur geri ekki lengur árleg reikningsskil til Ríkisendurskoðunar vegna gjafa- og líknarsjóða í prófastsdæmi heldur til kjörinna endurskoðenda. Breytingin er þörf m.t.t. viðbótarsamnings íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar frá 6. september 2019 þar sem m.a. segir í 3. gr. að þjóðkirkjan hafi sjálfstæðan fjárhag og beri fulla ábyrgð á eigin fjármálum frá 1. janúar 2020. Endurskoðun reikninga er því ríkinu óviðkomandi frá því tímamarki.

*Auglýsing um breytinguna hefur verið birt í Stjórnartíðindum og starfsreglurnar verið uppfærðar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.*

40. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir kirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum.*

Starfsreglurnar fela í sér að öll prestssetur lúta sömu reglum varðandi húsaleigugreiðslur óháð því svæði sem prestssetur tilheyir.

*Auglýsing um breytinguna hefur verið birt í Stjórnartíðindum og starfsreglurnar verið uppfærðar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.*

41. mál. *Þingsályktun um ársreikninga kirkjumálasjóðs og Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.*

Kirkjuþing samþykkti endurskoðaða ársreikninga kirkjumálasjóð vegna ársins 2019 og ársreikning Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu vegna ársins 2020. Um leið var samþykkt að fjárhagsáætlun ársins 2021 skyldi endurskoðuð.

42. mál. *Þingsályktun um skipun starfskostnaðarnefndar kirkjuþings vegna prests- og prófastsþjónustu.*

Ályktunin felur í sér að skipuð verður þriggja manna nefnd til að endurskoða starfsreglur um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa.

Eftirtaldir aðilar voru skipaðir í nefndina: Einar Már Sigurðarson, formaður, Anna Guðrún Sigurvinsdóttir og sr. Gísli Jónasson.

43. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum.*

Umsækjendur um prestsstörf hafi nú val um hvort nafn sitt sem umsækjanda um tiltekið starf verði birt.

*Auglýsing um breytinguna hefur verið birt í Stjórnartíðindum og starfsreglurnar verið uppfærðar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.*

44. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingum.*

Breytingin felur í sér betri og vandaðri undirbúningi þingmála kirkjuþings þannig að ákvæði um skyldur forsætisnefndar til athugunar á framkomnum þingmálum áður en þau eru tekin inn á málaskrá þingsins, s.s. hvort mál falli undir valdsvið kirkjuþings, eru skýrari. Forsætisnefnd meti einnig hvort mál hafi verið nægilega kynnt og gætir þess að kostnaðaráætlun þingmáls sé raunhæf. Forsætisnefnd skuli birta framkomin mál í samráðsgátt en þar má jafnframt birta mál sem áformað er að leggja fram síðar. Þá skuli forsætisnefnd setja verklagsreglur um það með hvaða hætti þingmál skuli kynnt og hvað teljist nægjanleg kynning.

*Auglýsing um breytinguna hefur verið birt í Stjórnartíðindum og starfsreglurnar verið uppfærðar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.*

45. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa nr. 932/2020, með síðari breytingum.*

Málið tengist 34. máli sem varðar starfskostnað vegna prests- og prófastsþjónustu og var dregið til baka. Ályktunin felur í sér að ekki verður lengur greidd föst fjárhæð vegna reksturs síma hjá prestum heldur greiðir biskupsstofa þann kostnað.

*Auglýsing um breytinguna hefur verið birt í Stjórnartíðindum og starfsreglurnar verið uppfærðar á vef kirkjunnar, kirkjan.is. Breytingarnar taka gildi 1. maí 2021.*

46. mál. Þingsályktun um frekari stefnumótun þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð samþykkti að leggja fyrir kirkjuþing í samráði við forsætisnefnd, tillögu til þingsályktunar um frekari stefnumótun þjóðkirkjunnar. Kirkjuþing samþykkti að haldið yrði áfram með vinnu við stefnumótun þjóðkirkjunnar sem hófst í upphafi árs og að kirkjuráð fylgi því áfram eftir.

*Kirkjuráð fól stýrihópnum að halda áfram með þá vinnu sem þegar var hafin í samráði við dr. Bjarna Snæbjörn Jónsson.*

47. mál. Þingsályktun um breytingu á heiti Fjölskylduþjónustu kirkjunnar.

Kirkjuþing samþykkti að heiti Fjölskylduþjónustu kirkjunnar yrði breytt í Fjölskyldu- og sálgæsluþjónustu kirkjunnar. Sálgæsluhugtakið hefur víðtækari skírskotun til þjónustu en hugtakið fjölskylduþjónusta. Kirkjunni er hugtakið dýrmætt, en það fjallar um að hlúa að fólki og fjölskyldum í fjölbreyttum aðstæðum.

48. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um Fjölskylduþjónustu kirkjunnar nr. 951/2009, með síðari breytingum.

Starfsreglurnar fela í sér formlegar breytingar svo þær samrýmist þeirri nafnabreytingu sem samþykkt var í 47. máli. Jafnframt var fellt brott ákvæði um að kirkjuráð setti forstöðumanni erindisbréf enda dugar ráðningasamningur í því samhengi.

*Auglýsing um breytinguna hefur verið birt í Stjórnartíðindum og starfsreglurnar verið uppfærðar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.*

49. mál. Þingsályktun um innra eftirlit og áhættugreiningu.

Kirkjuþing fól kirkjuráði að koma á innra eftirliti og áhættugreiningu varðandi fjárfestingar, í samræmi við drög að heildstæðri eignastefnu sem kynnt var á kirkjuþingi 12. mars 2021.

*Kirkjuráð samþykkti að fela Svönu Helen Björnsdóttur, verkfræðingi, að taka að sér innleiðingarvinnu á innra eftirliti og áhættugreiningu varðandi fjárfestingar. Sú vinna hefur þó ekki farið í gang þar sem edlilegt þótti að bíða meðan unnið er að nýju skipulagi hjá yfirstjórn þjóðkirkjunnar.*

- **Ályktanir og starfsreglur aukakirkjuþings 2021 í júní, ágúst og október**

1. mál. Þingsályktun um kjarasamning Prestafélags Íslands og kjaranefndar kirkjunnar fyrir hönd Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.

Kjaranefnd kirkjunnar hefur samkvæmt starfsreglum, óskorað umboð til að koma fram sem samningsaðili fyrir hönd Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu gagnvart stéttarfélagum hlutaðeigandi starfsfólks eða öðrum þeim sem umboð hafa til slíkrar samningsgerðar. Samningar kjaranefndar skulu þó undirritaðir með fyrirvara um samþykki kirkjuþings.

*Kjarasamningur ásamt bókunum og fylgiskjölum, sem var undirritaður 1. júní 2021, var borinn upp og samþykktur með atkvæðagreiðslu á þinginu 21. júní sl.*

2. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa.*

Prestafélag Íslands og starfskostnaðarnefnd kirkjuþings náðu samkomulagi um fyrirkomulag hluta starfskostnaðar starfandi presta varðandi akstur og síma, sbr. minnisblað frá 27. maí 2021 en það telst hluti af kjarasamningi PÍ og ÞB. Sátt er um að starfskostnaði sé til framtíðar best fyrir komið innan kjarasamnings en ekki í starfsreglum kirkjuþings og eðlilegt sé að þeir liðir sem samið er um núna falli úr starfsreglum um starfskostnað presta og prófaste.

*Samþykkt 21. júní sl.*

*Starfsreglurnar hafa verið uppfærðar á vef kirkjunnar, kirkjan.is í samræmi við breytinguna.*

3. mál. *Þingsályktun um aðhaldsaðgerðir í fjármálum Þjóðkirkjunnar.*

Þingsályktunin felur í sér að nýráðningar til starfa hjá Þjóðkirkjunni-Biskupsstofu, skuli stöðvaðar að svo stöddu.

*Samþykkt 21. júní sl.*

*Ályktunin fellur úr gildi 1. nóvember 2021.*

4. mál. *Tillaga til þingsályktunar um sölu fasteigna Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu Málinu var vísað til næsta reglulegs kirkjuþings 2021-2022.*

5. mál. *Þingsályktun um fjárstjórn kirkjuþings til bráðabirgða*

Tillagan var samþykkt með breytingartillögu sem felur í sér að kirkjuþing 2021 samþykkti að forseti kirkjuþings sitji mánaðarlega fundi kirkjuráðs þegar fjármál kirkjunnar eru rædd. Þetta fyrirkomulag gildi til 1. nóvember nk. eða þar til framtíðarskipan mála verður ákveðin.

*Samþykkt 21. júní sl.*

6. mál. *Þingsályktun um ákvörðun launa og annarra starfskjara biskups Íslands og vígslubiskupa.*

Þingsályktunin felur í sér að kjaranefnd ákvarði laun og önnur starfskjör biskups Íslands og vígslubiskupa.

*Málið var samþykkt 27. ágúst sl.*

7. mál. *Tillaga til þingsályktunar um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar*

*Málið var samþykkt 4. október sl.*

8. mál. *Þingsályktun um gjaldskrá um greiðslur vegna prestsþjónustu*

Þingsályktunin felur í sér að gjaldskrá er útfærð og samræmd við kjarasamning Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu og Prestafélags Íslands, frá 21. júní 2021.

*Málið var samþykkt 27. ágúst sl.*

9. mál. *Tillaga til þingsályktunar um skipun starfshóps til tillögugerðar um áframhaldandi gildi starfsreglna kirkjuþings.*

*Málið var samþykkt var 4. október sl.*

Samþykkt að skipa í starfshópinn kirkjuþingsfulltrúana Anný Ingimarsdóttur, sr. Bryndísi Möllu Elídóttur og Stefán Magnússon.

### **Mál lögð fram af kirkjuráði á kirkjuþingi 2021-2022.**

Kirkjuráð leggur fram fjögur mál á kirkjuþingi 2021-2022.

Þau eru eftirfarandi:

#### *1. mál. Skýrsla kirkjuráðs.*

Að venju leggur kirkjuráð fram skýrslu um störf sín á starfsárinu. Skýrsla þessi ásamt fylgiskjölum er lögð fyrir kirkjuþing 2021-2022 skv. starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum.

Vísað er til Árbókar kirkjunnar þar sem einnig er að finna greinargóðar skýrslur um kirkjustarfið.

#### *2. mál. Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar og fjárhagsáætlun.*

Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar eru lögð fram á kirkjuþingi ásamt fjárhagsáætlun ársins.

25. mál. *Tillaga til þingsályktunar um niðurlagningu Kirkjumiðstöðvarinnar við Vestmannsvatn.*

Kirkjuráð samþykkti á fundi sínum 24. september sl. að sjálfseignarstofnunin yrði lögð niður og að það myndi óska staðfestingar kirkjuþings á því á þinginu sem haldið verður 23. október nk.

#### *27. mál. Tillaga að starfsreglum um íslensku þjóðkirkjuna erlendis.*

Á 59. kirkjuþingi 2019 var samþykkt tillaga til þingsályktunar um skipan þriggja manna nefndar til endurskoðunar á starfsreglum um íslensku þjóðkirkjuna erlendis, nr. 1003/2005, með síðari breytingum. Nefndin skilaði starfsreglunum til kirkjuráðs með skilabréfi dags. 15. september 2021.

### **Fasteignir.**

Um fasteignir þjóðkirkjunnar gilda starfsreglur um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum og Fasteignastefna þjóðkirkjunnar sem samþykkt var á kirkjuþingi 2018 en breytt lítilega á kirkjuþingi 2019.

Kirkjuráð hefur annast um rekstur fasteigna kirkjumálasjóðs sem felst m.a. í því að

annast viðhald eignanna í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun, gæta og varðveita þau réttindi tengjast eignunum, sjá um tryggingar og halda uppi lögskilum.

» *Um fasteignasvið.*

Fasteignasvið Þjóðkirkjunnar hefur verið starfrækt af kirkjuráði. Þar er sinnt daglegum rekstri þeirra verkefna sem kirkjuráði eru falin í starfsreglum. Kirkjuráð hefur skipað sviðsstjóra fasteignasviðs og falið honum að annast daglegan rekstur fasteigna og eignaumsýslu samkvæmt samþykktu fjárhags- og framkvæmdaáætlun. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs gegnir starfi sviðsstjóra fasteignasviðs.

Verkefni fasteignasviðsins eða erindi tengd sviðinu voru til umfjöllunar á öllum fundum kirkjuráðs á starfsárinu enda einn stærsti málaflokkur kirkjuráðs. Skál nú gerð grein fyrir umfangsmestu málum á sviðinu en að öðru leyti vísast til fundargerða kirkjuráðs á starfsárinu, nóvember 2019 til september 2020 og framkvæmdaáætlana fasteignasviðs 2019-2021 og 2021-2023. Þar er að finna nákvæmt yfirlit yfir allar nauðsynlegustu viðhaldsframkvæmdir á eignum kirkjumálasjóðs, s.s. prestsseturshúsum og öðrum eignum.

» *Seldar fasteignir.*

Gengið var frá sölu eins prestsbústaðar á starfsárinu, Skagabraut 30, Suðurnesjabæ. Jafnframt var gengið frá sölu vegna kirkjuhússins, Laugarvegi 31 og jörðinni Hraungerði, Flóahreppi.

» *Helstu viðhaldsverkefni.*

Stærstu viðhaldsframkvæmdir á starfsárinu voru við prestsbústaðina á Klausturvegi á Kirkjubæjarklaustri, Breiðabólstað, Smáragötu 6 í Vestmannaeyjum, Bergstaðastræti 75, Reykholti, Reykhólum, Völusteinsstræti 16, Bolungarvík, Hvanneyrabraut á Siglufirði, Hlíðarvegi 42, Ólafsfirði, Skútustöðum og Steinum 1, Djúpavogi.

Einnig hefur verið unnið við minni viðhaldsverkefni á öðrum prestsbústöðum um allt land.

***Verkefni kirkjuráðs á sviði fjármála.***

Verkefni kirkjuráðs á sviði fjármála voru til umfjöllunar á flestum fundum á starfsárinu. Frá áramótum hafa forseti kirkjuþings og formaður fjárhagsnefndar setið fundi kirkjuráðs sem snúa að fjármálum, eins og að framan greinir auk þess sem fjármálastjóri hefur átt fastan lið á hverjum fundi til að ræða málefni fjármálasviðs og farið yfir stöðu útgjalda miðað við fjárhagsáætlun ársins.

Kirkjuráð gerir grein fyrir fjármálum Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu í 2. máli kirkjuþings 2021-2022; Skýrsla um fjármál Þjóðkirkjunnar og vísast til hennar um þau verkefni.

**Stofnanir sem heyra undir kirkjuráð.**

Stofnanir og nefndir skila skýrslum í Árbók kirkjunnar og er vísað þangað til nánari greinargerða um starfsemi þeirra. Sú umfjöllun sem hér fer á eftir er til fyllingar því eða sérstakrar áréttingar á atriðum sem kirkjuráð vill vekja athygli kirkjuþings á.



### **Skálholt.**

#### » *Skálholtsstaður.*

Biskup Íslands og kirkjuráð hafa forræði um framkvæmdir í Skálholti og starfrækslu Skálholtsstaðar. Skálholtsstaður og Skálholtsskóli og hafa verið rekin sem ein rekstrareining síðastliðin ár. Lög nr. 32/1963 um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað og lög nr. 22/1993 um Skálholtsskóla féllu úr gildi með gildistöku nýrra laga um þjóðkirkjuna síðasta sumar. Í lögum um Skálholtsskóla nr. 22/1993 var m.a. kveðið á um hlutverk og stjórnun Skálholtsskóla. Stjórn Skálholts er skipuð af kirkjuráði. Á 323. fundi kirkjuráðs 4. mars 2021 var samþykkt nýtt erindisbréf fyrir stjórn Skálholts sem felur í sér aukna ábyrgð stjórnarinnar. Af þeim sökum hafa afskipti kirkjuráðs af Skálholti verið minni en áður. Í stjórn Skálholts sitja sem aðalmenn: Drífa Hjartardóttir, bóndi og forseti kirkjuþings, sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson, sóknarprestur í Hrunaprestakalli, Suðurprófastsdæmi og Sólborg Lilja Steinþórsdóttir, hóteltjóri. Til vara: Þórarinn Þorfinnsson, bóndi á Spóastöðum í Biskupstungum, Olga Eleonora Marcher Egonsdóttir, fjármálastjóri og Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafultrúi.

Kirkjuráð fundaði í Skálholti á 325. fundi sínum, 6. maí sl. með starfsfólki Skálholts og formanni stjórnar Skálholts. Rætt var um málefni staðarins auk þess sem framkvæmdastjóri Skálholts kynnti framtíðarsýn sína á staðnum.

#### » *Fasteignir í Skálholti.*

Um helstu viðhaldsverkefni í Skálholti ber að nefna að síðastliðið vor var farið í útboð vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Skálholtskirkju. Umfangsmiklar framkvæmdir á Skálholtskirkju hófust í ágúst og gert er ráð fyrir að þeim ljúki fyrir Skálholtshátíð 2023. Samningurinn vegna framkvæmdanna er aðgengilegur í gagnaherbergi kirkjuþings. Fyrr í sumar voru pantaðar steinskífur á þak kirkjunnar frá Noregi og eru þær komnar í Skálholt.

Viðgerðum á útitröppum við kirkjuna er lokið. Búið er að lagfæra snyrtingar í sumar-búðum auk þess sem gert var við tvö herbergi þar vegna leka og myglu. Í móttökuhúsi hefur verið unnið við að lagfæra frárennslislagnir í kjallara en þar hafa allir útveggir í kjallara verið einangraðir. Smávægilegar viðgerðir hafa verið framkvæmdar á Skálholtsskóla en ekki hefur tekist að fá verktaka í lagfæringar á þaki skólans. Gestastofa, færanlegt hús, sem stóð fyrir neðan Skálholtsskóla við bílaplan hefur verið selt og flutt burt.

#### » *Rekstur Skálholtsskóla.*

Kirkjuráð samþykkti á síðasta starfsári að rekstur Skálholtsskóla yrði boðinn út. Gengið var frá samningi við Sigurbjörgu Ólafsdóttur 7. júlí 2020. Í lok sumars urðu aðilaskipti að samningnum en Bjarki Þor Ingigerðar Sólmundsson og Gunnhildur Helga Gunnarsdóttir tóku við af Sigurbjörgu.

Staða skólaráðs Skálholtsskóla hefur tekið breytingum eftir að veitinga- og gistiþjónustan var boðin út en hún er nú rekin af einkaaðilum. Vegna breytinga í Skálholti og Covid-19 heimsfaraldurs hefur skólaráðið ekki haldið fundi á tímabilinu.

### ***Tónskóli þjóðkirkjunnar.***

Tónskóli þjóðkirkjunnar starfar samkvæmt starfsreglum um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 1074/2017. Samkvæmt starfsreglunum starfrækir kirkjan Tónskóla þjóðkirkjunnar „sem annast um menntun organista og kirkjutónlistarfræðslu þeirra og annars tónlistarfólks innan kirkjunnar. Tónskólinn heyrir undir kirkjuráð. Skólinn starfar eftir námsskrá sem kirkjuráð samþykkir“. Kirkjuráð skipar þriggja manna kirkjutónlistarráð sem er stjórn Tónskóla þjóðkirkjunnar og fagrað í kirkjutónlistarmálum. Á starfsárinu flutti Tónskólinn úr jarðhæð Grensáskirkju í Hjallakirkju. Þar er nú kirkjutónlistarbókasafnið sem er sameign söngmálastjóra og Tónskólans, kennsluaðstaða fyrir söng og skrifstofuaðstaða ritara skólans.

Í kirkjutónlistarráði sitja nú sr. Guðmundur Karl Brynjarsson, formaður, sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Helga Þórdís Guðmundsdóttir, organisti. Varamenn eru Guðmundur Sigurðsson, organisti, sr. Sigurjón Árni Eyjólfsson og Hákon Leifsson, organisti.

Björn Steinar Sólbergsson, organisti, er skólastjóri Tónskóla þjóðkirkjunnar.

### ***Fjölskyldu- og sálgæsluþjónusta kirkjunnar.***

Fjölskyldu- og sálgæsluþjónusta kirkjunnar veitir sérhæfða þjónustu í fjölskyldumálum á grundvelli kristinna lífsgilda. Þjónustan er á sviði sálgæslu- og kærleiksþjónustu kirkjunnar og lýtur faglegri forystu biskups Íslands, en heyrir að öðru leyti undir kirkjuráð. Í nóvember sl. var sr. Vigfús Bjarni Albertsson ráðinn forstöðumaður Fjölskyldu- og sálgæsluþjónustu kirkjunnar en auk hans starfa þar þær Andrea Baldursdóttir og Guðrún Kolbrún Otterstedt, félagsráðgjafar. Eins og kunnugt er var nafni Fjölskylduþjónustu kirkjunnar breytt á síðasta kirkjuþingi í Fjölskyldu- og sálgæsluþjónustu kirkjunnar.

Kirkjuráð samþykkti á 317. fundi sínum, 1. október 2020 að fela lagahópnum endurskoðun starfsreglnanna vegna ályktunar kirkjuþings 2020 um að farið yrði yfir þær. Lagahópur taldi ekki lengur þörf á endurskoðun reglnanna þar sem prestur hefur verið ráðinn í starf forstöðumanns Fjölskyldu- og sálgæsluþjónustu kirkjunnar, eins og starfsreglurnar gera ráð fyrir. Kirkjuráð samþykkti tillögur lagahóps að ekki eru ástæður til breytinga á starfsreglunum að öðru leyti en því að ekki er þörf á að forstöðumanni sé sett erindisbréf.

### ***Stjórn Kirkjuhússins-Skálholtsútgáfunnar.***

Samkvæmt skipulagsskrá Kirkjuhússins-Skálholtsútgáfunnar skal kirkjuráð skipa þrjá af níu stjórnarmönnum. Einn fulltrúi er skipaður árlega og nær hver skipun til þriggja ára í senn. Í stjórn Kirkjuhússins-Skálholtsútgáfunnar sitja Arna Grétarsdóttir, Valur Arnason, Sigríður Dögg Geirsdóttir, Hreinn Hákonarson, Magnea Sverrisdóttir, Guðmundur Þór Guðmundsson, Hildur Björk Hörpudóttir og Halla Jónsdóttir.

### ***Strandarkirkja í Selvogi.***

Kirkjuráð hefur forræði yfir málefnum Strandarkirkju. Strandarkirkjunefnd er skipuð af kirkjuráði og hefur nefndin umsjón með rekstri kirkjunnar fyrir hönd kirkjuráðs. Í

Strandarkirkjunefnd sitja Ragnhildur Benediktsdóttir, fyrrverandi skrifstofustjóri biskupsstofu, formaður, sr. Gunnar Jóhannesson prestur í Selfossprestakalli og sr. Baldur Kristjánsson fyrrverandi sóknarprestur í Þorlákshafnarprestakalli. Varamenn eru Sigurbjörg Nielsdóttir Hansen, fjármálastjóri biskupsstofu og Margrét Jónsdóttir, bóndi. Nefndin er skipuð til 31. maí 2023. Á fundi kirkjuráðs, 7. október sl. tók Ásdís Clausen núverandi fjármálastjóri Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu sæti Sigurbjargar þar sem hún er ekki lengur fjármálastjóri.

### ***Kirkjuþing unga fólksins.***

Kirkjuþing unga fólksins kemur saman árlega. Hlutverk þess er að ræða stöðu og hlutverk ungs fólks í þjóðkirkjunni og í samfélagi kirkna um heim allan. Þar eiga sæti fulltrúar prófastsdæma þjóðkirkjunnar og fulltrúar frá KFUM og KFUK. Fulltrúarnir skulu vera á aldrinum 14 til 30 ára og skráðir í þjóðkirkjuna. Kirkjuþing unga fólksins er vettvangur ungs fólks til að hafa áhrif á starfsemi kirkjunnar.

Kirkjuþingi unga fólksins fór fram helgina 14.-16. maí sl. í Grensáskirkju. Á þinginu komu saman 20 fulltrúar á aldrinum 14-26 ára frá öllum prófastsdæmum sem ræddu málefni og framtíð kirkjunnar en fyrir þinginu lágu sex mál, þau eru eftirfarandi:

#### *1. mál. Þingsályktun um breytingu á persónuverndarstefnu þjóðkirkjunnar.*

Kirkjuþing unga fólksins samþykkti að öll myndbirting af börnum yrði með öllu óheimil. Þingsályktunin gengur út á að kirkjan skuli ekki birta myndir af börnum á vef- og prentmiðlum kirkjunnar. Jafnframt ættu prestar og starfsfólk kirkjunnar ekki að setja myndir af börnum í safnaðarstarfi á sínar persónulegu síður.

#### *2. mál. Þingsályktun um myndheim til notkunar í kynningarefni og auglýsingum.*

Þingsályktunin felur í sér að Þjóðkirkjan-Biskupsstofa komi upp alhliða myndheimi sem sé aðgengilegur söfnuðum í gegnum efnisveituna til notkunar í öllu auglýsinga- og kynningarefni. Slíkur myndheimur myndi koma í staðinn fyrir myndbirtingar af börnum í safnaðarstarfi.

#### *3. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins.*

Tillagan gengur út á að breytingar verði gerðar á 4. gr. starfsreglna um kirkjuþing unga fólksins, nr. 952/2009. Lagt er til að ekki verði áskilið að kirkjuþing unga fólksins skuli halda að vori heldur að það skuli haldið árlega á tímabilinu ágúst fram í maí.

#### *4. mál. Þingsályktun um Æskulýðsmiðstöð þjóðkirkjunnar í Grensáskirkju.*

Samþykkt var að skorað yrði á biskupsembættið að gera samning við Fossvogsprestakall um að opna æskulýðsmiðstöð í Grensáskirkju. Ráð eða stjórn æskulýðsmiðstöðvar skuli innihalda minnst einn fulltrúa sem sé starfandi á vettvangi æskulýðsstarfs kirkjunnar eða eitt ungmenni sem sé skráð í kirkjuna.

#### *5. mál. Þingsályktun um að skora á söfnuði þjóðkirkjunnar að auka sumarstarf.*

Þingsályktunin felur í sér að hvatt er til þess að safnaðarstarf verði heilsárs starf til að

viðhalda betur þeim árangri og þátttöku sem náðst hefur yfir veturinn. Með þessu megi mæta eftirspurn eftir sumarnámskeiðum og félagsstarfi fyrir börn á sumrin, sem sífellt eykst og koma í veg fyrir að foreldrar sem taka fæðingarorlof yfir sumarmánuðina fari á mis við foreldramorgna í kirkjunni.

6. mál. *Þingsályktun um breytingu á starfsreglum um sóknarnefndir.*

Tillagan felur í sér að breytingar verði gerðar á 3. gr. starfsreglna um sóknarnefndir, nr. 1111/2011, með síðari breytingum svo við bætist í lok greinarinnar að kjósa skuli fulltrúa fræðslu- og æskulýðsmála og varamann hans úr hópi sóknarnefndar til fjögurra ára.

Forseti kirkjubings unga fólksins mun fylgja málunum eftir á kirkjubingi í haust.

### **Lokaorð.**

Skýrslur kirkjulegra stofnana og nefnda birtast í Árbók kirkjunnar sem nær öllu jöfnu yfir tímabilið frá 1. júní til 31. maí. Árbókin er gefin út á rafrænu formi, nema tölulegar upplýsingar um prófastsdæmi, prestaköll og sóknir.

Reykjavík í október 2021

Kirkjuráð

Agnes M. Sigurðardóttir, forseti kirkjuráðs

Arna Grétarsdóttir

Axel Árnason Njarðvík

Stefán Magnússon

Svana Helen Björnsdóttir

Fylgiskjöl:

1. Framkvæmdaáætlun fasteignasviðs fyrir árin 2022-2024.
2. Fundargerðir stjórnar Skálholts.
3. Samningurinn vegna framkvæmda á Skálholtskirkju.
4. Kynningarlærur framkvæmdastjóra Skálholts um framtíðarsýn.

Kirkjuþing afgreiddi skýrslu kirkjuráðs með eftirfarandi

*Þingsályktun:*

Kirkjuþing þakkar öllu þjóðkirkjufólki fyrir langlundargeð, hugmyndauðgi, æðruleysi og samstöðu á tímum heimsfaraldurs. Á þessum tímum hefur kirkjan, eins og oft áður, sýnt að hún er samfélag fólks sem hefur styrk til þess að takast saman á við erfiðar aðstæður.

Kirkjuþing þakkar þeim fjölmörgu einstaklingum sem komu að stefnumótun þjóðkirkjunnar sem fór fram á vormánuðum 2021. Kirkjuþing ályktar að þau sem fari með fjárvald þjóðkirkjunnar forgangsraði í samræmi við niðurstöður stefnumótunarinnar.

Kirkjuþing þakkar þeim sem vinna að málefnum innflytjenda og flóttafólks og ályktar að þjóðkirkjan styðji áfram við og efla hið góða starf sem unnið er á þeim vettvangi.

Kirkjuþing fagnar aðgerðum Þjóðkirkjunnar í umhverfismálum á árinu. Kirkjuþing ályktar að kirkjan stígi það skref í orkuskiptum í samgöngum sem samþykkt var að fara í á kirkjuþingi 2019 og komi upp rafmagnstenglum eða hleðslustöðvum við fasteignir kirkjunnar til að hlaða bíla gegn gjaldi. Framkvæmd þessari var frestað vegna heimsfaraldursins.

Kirkjuþing unga fólksins er ein af grunnstöðum kirkjunnar og mikilvægt er að efla þátttöku og áhrif ungs fólks í kirkjunni. Kirkjuþing hvetur kirkjuþing unga fólksins til þess að koma málum sínum áfram til þingsins.

Kirkjuþing ályktar að yfirstandandi aðhaldsaðgerðir komi ekki niður á grunnþjónustu kirkjunnar.

*Nefndarálit allsherjarnefndar um skýrslu kirkjuráðs.*

Allsherjarnefnd hefur fjallað um skýrslu kirkjuráðs og fylgigögn ásamt ávörpum við upphaf kirkjuþings.

Nefndin þakkar biskupi Íslands og forseta kirkjuþings fyrir ávörp þeirra við þingsetningu í Bústaðakirkju.

Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings, hóf ræðu sína á því að minnast Miðgarðskirkju í Grímsey sem brann í september síðastliðnum. Minnti hún á samtakamátt sóknarbarna og mikilvægi styrktarsjóða Þjóðkirkjunnar á svona stundum en eyjarmenn hyggjast endurbyggja kirkju sína.

Drífa minnti á þær skipulagsbreytingar sem hafa átt sér stað í umhverfi Þjóðkirkjunnar undanfarið og verða til umfjöllunar á þessu þingi. Þjóðkirkjan er að fóta sig í nýju umhverfi. Hún ræddi einnig mikilvægi stefnumótunarvinnunnar sem fram fór á árinu og birtist í nokkrum málum á þessu þingi.

Einnig minnti hún á öll yrðum við að halda áfram baráttunni fyrir sóknargjöldunum sem af hálfu ríkisins hefur ekki verið skilað til fulls.

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands minnti kirkjuþing á það í hvers umboði það starfar og ítrekaði það að kirkjan væri ekkert án fólksins í söfnuðum landsins. Frú Agnes vitnaði í myndlíkingar Páls postula í Efesusbréfinu þar sem hann líkir kirkjunni við líkama þar sem allir hafa mikilvægu hlutverki að gegna.

Hún minnti á að kirkjan væri í miðju breytingarferli þar sem hún fetaði sig áfram til

nýrrar hugsunar, nýrra vinnubragða og nýs skipulags og því væru verkefni kirkjunnar næg um þessar mundir.

Hún ræddi hlutverk kirkjunnar í umhverfismálum og sagði frá verkefnum hennar á því sviði.

Biskup Íslands og forseti kirkjuþings þökkðu báðar starfsfólki kirkjunnar um land allt fyrir að bregðast vel við nýjum veruleika í heimsfaraldri.

Allsherjarnefnd þakkar ítarlega og greinargóða skýrslu kirkjuráðs og mikilvæg störf þess á liðnu ári.

## Skýrsla kirkjuráðs um fjármál Þjóðkirkjunnar

### Fjármál Þjóðkirkjunnar.

Árið 2021 hefur einkennst af miklum skipulagsbreytingum sem og tiltekt í fjármálum Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.

Fjármálasviðið Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu samanstóð af sjö starfsmönnum á haustmánuðum 2020, en í upphafi ársins 2021, eftir erfiðar uppsagnir, stóðu eftir þáverandi fjármálastjóri sem var í veikindaleyfi, staðgengill fjármálastjóra, bókari og gjaldkeri. Mikið álag hefur verið á sviðinu, verkefnið hefur þurft að vinna með færri fólki en áður og breyttu verklagi. Verkferlum var breytt og verklag bætt innan fjármálasviðsins, m.a. var milliuppgjörum skilað til kirkjuráðs ársfórðungslega. Uppgjörin hafa verið rýnd mjög nákvæmlega af kirkjuráði en einnig hafa þau verið kynnt og rædd í fjárhagsnefnd kirkjuþings.

Vinna og skil á ársreikningi Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu fyrir árið 2020 gekk þó vel og var hann birtur og undirritaður á kirkjuþingi 12. mars 2021. Aldrei áður hefur ársreikningur verið unnin svo hratt og aldrei áður hefur ársreikningur verið lagður jafnsnemma fyrir kirkjuþing og í ár.

Í vor var tekin sú ákvörðun að útvista færslu bókhalds til endurskoðunarfyrirtækisins Deloitte. Eftir þessa breytingu voru aðeins fjármálastjóri og gjaldkeri starfandi á fjármálasviði. Á sama tíma var tekin ákvörðun um að færa útreikninglauna frá fjármálasviði yfir á mannauðssvið. Þetta þýddi að launavinnslan var færð úr bókhaldskerfi Navision yfir í mannauðskerfi Kjarna. Áfram var þó Navision launakerfið notað til launavinnslu fyrir hluta þess fólks sem fjármálasvið sér um launavinnslu fyrir. Þessar breytingar reyndust ekki vel, misræmi og villur komu upp við launavinnslu sem unnin var í Kjarna. Nú í haust var því ákvörðun tekin að snúa til baka og eru nú öll laun reiknuð og bókuð á fjármálasviði. Fjármálastjóri hætti störfum í júní og var þá Ásdís Clausen, sem áður hafði verið staðgengill og starfandi fjármálastjóri, fastráðinn sem fjármálastjóri Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.

Útvistun bókhalds hefur ekki reynst jafnvel og vonast var til og því er nú hugað að ráðningu nýs starfsmanns inn á fjármálasvið, sem mun nýtast í fjölbreytt verkefni fyrir sviðið.

Mannabreytingarnar á fjármálasviði hafa reynt mjög á starfsemi sviðsins, mikið álag á fátt starfsfólk sem hefur í einhverjum tilvikum hægt á verkefnum, t.d. gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021, sem þó er í góðum farvegi nú og er kynnt á þessu kirkjuþingi með fyrirvara um heildartekjur Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu en þær fást ekki ákvarðaðar fyrr en ný ríkisstjórn hefur verið mynduð og Alþingi samþykkt fjárlög ársins 2022.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 sem hér er lögð fram nú er unnin af fjármálastjóra í samráði við stjórnendur einstakra sviða og starfsdeilda Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu og í samræmi við bókhalds- og kostnaðarliði núliðandi árs. Vinna við fjárhagsáætlun hófst í

maí fyrr á þessu ári og hefur staðið yfir með hléum fram til október. Drög að fjárhagsáætlun voru kynntar vel og ræddar reglulega á kirkjuráðsfundum og voru lokadrög þau sem hér eru lögð fram kynnt kirkjuráði 7. október síðastliðinn. Fjárhagsnefnd kirkjuþings hefur verið kynnt áætlunin og hefur nefndin rætt hana á fundi sínum í aðdraganda kirkjuþings nú. Helsti óvissuþáttur fjárhagsáætlunar er tekjuliðurinn, þ.e. endurgjald samkvæmt viðaukasamningi sem gerður var 2019 um kirkjujarðasamkomulag. Upplýsingar um heildartekjur liggja ekki fyrir eins og fram hefur komið en áætluð tala er rúmlega 3,9 milljarðar króna.

### **Fjármál sókna**

Sóknargjöld ársins 2020 voru 975 kr. á mánuði fyrir einstaklinga 16 ára og eldri og hækkuðu um 50 kr. milli ára. Þau eiga að taka breytingum til samræmis við þá hækkun sem verður á meðtaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu, en það hefur ekki orðið.

Það er mjög brýnt að fá leiðréttingu á sóknargjöldum því flestar sóknir eru í miklum eða mjög miklum vandræðum með að fjármagna kirkjustarf sitt. Þetta mál þarf að setja á oddinn í starfsemi þjóðkirkjunnar á næstu misserum. Það þarf að kynna enn betur allt það fjölbreytta, góða starf og þjónustu sem sóknir um land allt eru að sinna. Þá gegnir þjóðkirkjan afar mikilvægu hlutverki í velferðarmálum allrar þjóðarinnar sem vekja þarf athygli á. Mikilvægt er að einhver taki að sér að leiða þetta mál og sjái um að stilla saman strengi hinna mörgu sókna. Það gæti t.d. verið í höndum kirkjuþings að styðja við og leiðbeina í þessu máli.

Hver sóknargjöldin verða á komandi ári kemur ekki í ljós fyrir en fjárlög fyrir næsta ár verða samþykkt á Alþingi.

### **Rekstrarafkoma Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.**

Rekstrarhalli ársins 2020 nam 653,9 milljónum kr. en þar af nam tap af sölu fasteigna 207,5 milljónum kr. Hrein eign félagsins í árslok 2020 nam 4.136,7 milljónum kr.

Til að bregðast við taprekstri kirkjunnar var unnin aðgerðaáætlun með skýrum verkferlum sem snúa að milliuppgjörum til að hægt sé að nota bókhaldið sem stjórnæki við betri ákvörðunartöku og getu til að bregðast hratt við ófyrirsjáanlegum atvikum.

### **Fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu fyrir árið 2022.**

Fjárhagsáætlun ársins 2022 er fylgiskjal með þessu skjali.

Áætluð greiðsla frá ríkinu til Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu á árinu 2022 er 3,9 milljarðar króna. Eins og fyrr segir hefur sú fjárhæð ekki fengist staðfest hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu eða verið birt í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2022, en vænta má staðfestingar í lok nóvember eða byrjun desember þegar fjárlög verða samþykkt. Gert er ráð fyrir að launakostnaður verði um 3,1 milljarðar króna, þar af nemur launakostnaður presta og biskupa tæpum 2,5 milljarði króna.

Úthlutanir og styrkir til sókna og annarra eru um 12% af heildartekjum þjóðkirkjunnar, eða um 495 milljónir kr.

Rekstrar og viðhaldskostnaður fasteigna í eigu þjóðkirkjunnar er áætlaður 329 milljónir kr.



Rekstrarkostnaður vegna kirkjuþings og kirkjuráðs er áætlaður tæpar 100 milljónir kr. Áætlaður húsnæðiskostnaður Þjóðkirkjunnar í Katrínartúni 4 er áætlaður tæp 75 milljónir kr.

Rekstrarkostnaður Tónskóla Þjóðkirkjunnar lækkar á milli ára og er áætlaður 21,3 milljónir kr.

Verkefnatengdir kostnaðarliðir eru unnir í samræmi við verkefnaáætlun en aðrir liðir hækka vegna verðlagsbreytinga.

Kirkjuþing afgreiddi skýrslu um fjármál Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu með eftirfarandi

*Þingsályktun:*

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir fjárhagsáætlun kirkjunnar fyrir árið 2022.

*Nefndarálit fjárhagsnefndar um skýrslu um fjármál Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.*

Fjárhagsnefnd hefur farið yfir tillögu að fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2022 og hefur nefndin lagt til margvíslegar breytingar- og hagræðingartillögur sem birtast í þeirri áætlun sem hér er lögð fram.

Sú fjárhagsáætlun sem lögð var fram á októberþingi kirkjuþings gerði ráð fyrir rekstrarhalla upp á 465 milljónir. Ekki tókst að ná fram jöfnuði gjalda og tekna í meðförum nefndarinnar, en með margvíslegum og oft sársaukafullum niðurskurði tókst að ná rekstrahallanum niður í 175 milljónir. Fjárhagsnefnd bendir á að afar brýnt er að ná jafnvægi í fjármálum Þjóðkirkjunnar og telur óhjákvæmilegt að því markmiði verði náð á næstu tveimur árum. Er því beint til allra aðila sem koma að starfi kirkjunnar að gæta ýtrasta aðhalds í fjármálum og leita allra leiða til hagræðingar. Einnig þarf að ljúka vinnu við að endurskipuleggja rekstrarsvið kirkjunnar þannig að allt verklag og verkferlar verði sem skýrast og þjóni þörfum kirkjunnar sem best.

Fjárhagsnefnd bendir á, að til þess að fjármagna þann hallarekstur sem fyrirsjáanlegur er á næsta ári þarf að eiga sér stað áframhaldandi hagræðing á fasteignasviðinu og jafnframt einhver sala eigna. Nefndin bendir einnig á að mjög brýnt er, að þegar í stað verði farið í þá vinnu að móta heildstæða eignastefnu Þjóðkirkjunnar þannig að öll sala eigna og hugsanlegar fjárfestingar verði samkvæmt skýrri eignastefnu. Í þessari vinnu ber þá líka að skoða sérstaklega þá margvíslegu möguleika, sem fyrir hendi kunna að vera, til að auka tekjur af eignum kirkjunnar, t.d. með samstarfi við aðra aðila.

Þá bendir fjárhagsnefnd einnig á, að nauðsynlegt er að endurskoða allt starfsmannahald kirkjunnar og leita aukinnar hagræðingar í þeim eignum enda nema launagreiðslur u.þ.b. 77% af heildartekjum kirkjunnar. Vegna fyrirliggjandi fjárhagsstöðu er ljóst, að á árinu 2022 verður að leita allar leiða til að fækka stöðugildum starfsmanna Þjóðkirkjunnar. Er því brýnt að þeirri skoðun á þjónustuþörf í grunnþjónustu kirkjunnar sem lögð er til í 22. máli þessa þings verði unnin eins hratt og framast er unnt, þannig að sú heildarstefna sem þar verður mörkuð nýtist sem best við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023.

Fjárhagsnefnd bendir einnig á, að nýsamþykkt skipulag á yfirstjórn kirkjunnar, sem innleitt verður um næstu áramót, mun væntanlega leiða til einhverra þeirra breytinga

sem geta haft áhrif á fjárhagsáætlun vegna ársins 2022. Sömuleiðis hefur endanlegur útreikningur á gagngreiðslu ríkisins fyrir árið 2022 skv. kirkjujarðasamkomulaginu ekki borist enn. Fjárhagsnefnd mun því taka fjárhagsáætlunina til skoðunar fyrir fundi kirkjuþings í mars 2022.

Þá áréttar fjárhagsnefnd mikilvægi þess að kirkjuþing leiti allra leiða til að styrkja sóknir landsins í því, að ná fram leiðréttingu á sóknargjaldinu.

3. mál 2021-2022

Flutt af Gísla Gunnarssyni, Stefáni Magnússyni og Þuríði Björgu Wíium Árnadóttur.

### **Þingsályktun um skýrslu til kirkjuþings um fasteignamál þjóðkirkjunnar.**

Kirkjuþing 2021-2022 ályktar að fasteignasviði verði falið að afla frekari upplýsinga um þær eignir, sem þar eru tilgreindar, s.s. ástand, viðhaldsþörf, rekstrarkostnað, tekjur af eigninni og áætlað söluverð þeirra eigna sem það á við. Þetta verði unnið í samráði við fjárhagsnefnd kirkjuþings.

### **Skýrsla til kirkjuþings um fasteignamál þjóðkirkjunnar.**

#### **Efnisyfirlit**

- Inngangur
- Staðan í dag
  - » Suðurprófastsdæmi
  - » Kjalarnesprófastsdæmi
  - » Vesturlandsprófastsdæmi
  - » Vestfjarðarprófastsdæmi
  - » Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi
  - » Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi
  - » Austurlandsprófastsdæmi
  - » Reykjavíkurprófastsdæmi vestra
  - » Reykjavíkurprófastsdæmi eystra
  - » Öll prófastsdæmi
- Breytingar á fjölda prestssetra
- Ábendingar varðandi nánari útfærslu á fasteignastefnu þjóðkirkjunnar

#### **Inngangur**

Á 60. kirkjuþingi var lögð fram tillaga til þingsályktunar um skipun starfshóps til mótunar stefnu varðandi nánari útfærslu á fasteignastefnu þjóðkirkjunnar. Tillagan var flutt af fjárhagsnefnd og var sr. Gísli Gunnarsson framsögumaður hennar. Í greinargerð kemur fram að brýnt sé að mótuð sé stefna um það hvaða fasteignir skuli vera áfram í eigu kirkjunnar og hvaða eignir megi hugsanlega selja.

Tillagan var samþykkt á kirkjuþingi og var starfshópur skipaður undir forystu sr. Gísla Gunnarsson, en auk hans voru í hópnum Stefán Magnússon og sr. Þuríður Björg Wíium Árnadóttir. Starfsmaður hópsins var Ásta Guðrún Beck frá fasteignasviði kirkjuráðs.

Hópurinn hélt átta fundi og er skýrsla þessi afrakstur vinnunnar.

#### **Staðan í dag**

Í eftirfarandi upptalningu á prestssetrum er byggt á starfsreglum um skipan kirkjunnar í

héraði nr. 1026/2007 en skv. þeim er skylt að leggja til prestssetur á 42 stöðum en nú búa 47 prestar í húsnæði á vegum þjóðkirkjunnar og greiða leigu fyrir skv. 21. gr. starfsreglna um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009.

#### ***Suðurprófastsdæmi***

Í Suðurprófastsdæmi eru nú átta prestssetur auk Skálholts. Prestssetursjarðir eru Fellsmúli, Hrúni, Oddi og Breiðabólstaður. Önnur prestssetur eru Hólagata 42 og Smáragata 6 í Vestmannaeyjum, Ránarbraut 7 í Vík og Klausturvegur á Kirkjubæjarklaustri. Aðrar eignir eru jarðirnar Voli og Mosfell í Grímsnesi, auk lóða sem leigðar hafa verið út úr jörðunum.

#### ***Kjalarnesprófastsdæmi***

Í Kjalarnesprófastsdæmi er nú eitt prestssetur, prestssetursjörðin Reynivellir. Aðrar eignir er jörðin Mosfell í Mosfellsdal, auk stakra lóða sem leigðar hafa verið úr henni.

#### ***Vesturlandsprófastsdæmi***

Í Vesturlandsprófastsdæmi eru nú sjö prestssetur. Prestssetursjarðirnar eru Borg á Mýrum, Reykholt, Stafholt og Staðastaður. Önnur prestssetur eru Eyrarvegur 26 Grundarfirði, Lágholt 9 í Stykkishólmi, Lindarholt 8 Ólafsvík og Sunnubraut 25 í Búðardal. Aðrar eignir er jörðin Saurbær í Hvalfjarðarsveit, auk fjölda lóða sem leigðar hafa verið úr Reykholti og Saurbæ.

#### ***Vestfjarðaprófastsdæmi***

Í Vestfjarðaprófastsdæmi eru nú sex prestssetur. Þar af er ein prestssetursjörð, Holt í Öndarfirði, sem þó er ekki setin presti eins og er. Önnur prestssetur eru Aðalstræti 40 á Þingeyri, Aðalstræti 57 á Patreksfirði, Hellisbraut 4 á Reykhólum, Kópnesbraut 17 á Hólmavík og Völusteinsstræti 16 í Bolungarvík. Aðrar eignir eru jarðirnar Vatnsfjörður og Árnes 1 á Ströndum, Miðtún 12 á Ísafirði auk lóða sem leigðar hafa verið úr jörðunum.

#### ***Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi***

Í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi eru nú fimm prestssetur. Prestssetursjarðir eru Glaumbær, Melstaður og Miklibær. Önnur prestssetur eru Hólabraut 30 Skagaströnd og Hvammstangabraut 21, sem þó er ekki setið presti. Prestssetur á Hofsósi hefur verið selt. Aðrar eignir eru Hólar/biskupssetur, jörðin Mælifell og Löngumýrarskóli, auk lóða sem leigðar hafa verið úr jörðunum.

#### ***Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi***

Í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi eru nú átta prestssetur. Prestssetursjarðir eru Möðruvellir 1, Skinnastaður, Skútustaðir 1, Grenjaðarstaður og Laufás. Önnur prestssetur eru Hvanneyrarbraut 45 Siglufirði, Hlíðarvegur 42 Ólafsfirði og Sunnuvegur 4 á Þórshöfn. Aðrar eignir eru jarðirnar Háls í Fnjóskadal og Syðra-Laugaland (ásamt Brúnum úr Syðra-Laugalandi), Dalbraut 2 á Dalvík, auk lóða sem leigðar hafa verið úr jörðunum.

### *Austurlandsprófastsdæmi*

Í Austurlandsprófastsdæmi eru nú 5 prestssetur. Prestssetursjörð er jörðin Heydalir. Önnur prestssetur eru Hamrahlíð 12 Vopnafirði, Króksholt 1 Fáskrúðsfirði, Öldugata 2 Seyðisfirði og Steinar 1 á Djúpavogi. Aðrar eignir eru jarðirnar Hof, Desjarmýri, Kolfreyjustaður, Skeggjastaðir og Valþjófsstaður (1 og 2), auk lóða sem leigðar hafa veri úr jörðunum.

### *Reykjavíkurprófastsdæmi vestra*

Í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra er ekkert prestssetur. Eignir eru Bergstaðastræti 75, aðsetur biskups, Hjarðarhagi 30 og Háaleitisbraut 66 (hluti Grensáskirkju).

### *Reykjavíkurprófastsdæmi eystra*

Engar eignir eru í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.

### *Öll prófastsdæmi*

Jarðir kirkjunnar eru nú 33 talsins, auk Skálholts. Þar af eru 18 jarðir setnar prestum.

Þjóðkirkjan á auk þess 27 fasteignir sem nýttar eru sem íbúðarhúsnæði. Af þeim eru tvær í útleigu til annarra en presta. Þessu til viðbótar eru svo Löngumýrarskóli og húsnæði í Grensáskirkju. Ótaldar eru lóðir úr jörðunum sem flestar eru leigðar á lóðarleigu.

### **Breytingar á fjölda prestssetra**

Töluverðar breytingar hafa orðið á fjölda prestssetra frá því svokallað kirkjujarðasamkomulag var gert. Á árunum 2008-2014 fækkaði prestssetrum um 27, og þar af voru 15 prestssetursjarðir. Frá þeim tíma hafa 14 eignir verið seldar, þar af eru tíu prestssetur, þar af er ein prestssetursjörð (aðrar eignir eru tvær spildur úr Valþjófsstað, Laugavegur 31 og gamli prestsbústaðurinn að Glaumbæ).

### **Ábendingar varðandi nánari útfærslu á fasteignastefnu þjóðkirkjunnar**

Upphafsaðkvæði fasteignastefnu þjóðkirkjunnar kveða á um að leggja skuli til fasteignir til þess að styðja þjónustu þjóðkirkjunnar, hlutverk hennar og markmið þar sem nauðsyn krefur og eftir því sem fjárhagur leyfir. Auk þessi eigi þjóðkirkjan að varðveita tiltekna fasteignir þyki sérstök söguleg, menningarleg eða önnur veigamikil rök hníga til þess. Með þessi sjónarmið að leiðarljósi hefur starfshópurinn farið yfir eignasafn þjóðkirkjunnar og metið hvaða eignir sé rétt að varðveita og hvaða eignir sé rétt að selja.

Starfshópurinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að horft verði til þess að prestssetrum í þéttbýli verði fækkað þar sem slíkt er hægt vegna aðstæðna á fasteignamarkaði. Horft var til þess að þar sem þéttbýliskjarnar eru með innan við 500 íbúa væri rétt að halda þeim eignum sem þar eru. Búi fleiri en 500 manns í þéttbýliskjarna getur kirkjuþing þó samþykkt að embættisbústaður skuli lagður til í eftirfarandi tilvikum:

- Þar sem aðstæður á fasteignamarkaði réttlæta slíkt
- Þar sem staðhættir, til að mynda eftir sameiningar prestakalla, réttlæta slíkt
- Þar sem söguleg eða menningaleg rök þykja mæla með því

Búi færri en 500 manns í þéttbýliskjarna getur kirkjuþing þó ákveðið að ekki skuli lagður til prestsbústaður þar, ef sérstök rök mæla með því, s.s. að nálægð sé við við fjölmennari þéttbýlisstaði eða til að gæta samræmis innan sömu landsvæða.

Starfshópurinn telur rétt að þjóðkirkjan haldi fremur í prestssetursjarðir heldur en eignir í þéttbýli. Annars vegar vegna þess að land er tryggari fjárfesting en mannvirki, sem kalla stöðugt á viðhald meðan tekjur standa ekki undir kostnaði af rekstri. Hinsvegar telur hópurinn það rétt vegna menningarlegra og sögulegra sjónarmiða varðandi staðina.

Í upptalningunni hér á eftir er ekki fjallað sérstaklega um lóðir úr jörðum þjóðkirkjunnar sem ekki hefur verið skipt út úr jörðunum með landskiptum.

Horft verði til heppilegra tímamóta við sölu á þeim eignum sem ekki er lagt til að verði áfram í eigu þjóðkirkjunnar.

Þær jarðir sem hópurinn telur rétt að þjóni áfram hlutverki sínu sem prestssetursjarðir eru eftirtaldar:

- Borg
- Breiðabólsstaður
- Fellsmúli
- Glaumbær
- Grenjaðarstaður
- Heydalir
- Hof
- Hruni
- Laufás
- Möðruvellir 1
- Oddi
- Reykholt
- Reynivellir
- Skálholt
- Skinnastaður
- Skútustaðir 1
- Staðastaður
- Stafholt

Aðrar jarðir sem hópurinn telur rétt að verði áfram í eigu þjóðkirkjunnar eru eftirtaldar:

- Valþjófsstaður 1 og 2
- Háls
- Kolfreyjustaður
- Melstaður (ásamt Hrótey)
- Mælifell
- Mosfell í Mosfellsdal
- Mosfell í Grímsnesi
- Holt

- Vatnsfjörður
- Saurbær

Aðrar eignir sem hópurinn leggur til að verði áfram í eigu Þjóðkirkjunnar eru eftirtaldar:

- Aðalstræti 40, Þingeyri
- Aðalstræti 57, Patreksfirði
- Háaleitisbraut 66 (hluti af Grensáskirkju)
- Hellisbraut 4, Reykhólum
- Hólabraut 30, Skagaströnd
- Hólar/biskupssetur, Sveitarfélaginu Skagafirði
- Klausturvegur, Kirkjubæjarklaustri
- Löngumýrarskóli, Sveitarfélaginu Skagafirði
- Ránarbraut 7, Vík
- Steinar 1, Djúpavogi
- Sunnuvegur 4, Þórshöfn
- Sunnubraut 25, Búðardal
- Öldugata 2, Seyðisfirði

Þær jarðir sem lagt er því til að verði seldar eru eftirtaldar:

- Árnes 1
- Desjarmýri
- Miklibær
- Skeggjastaðir
- Syðra-Laugaland og Brúnir (úr Syðra-Laugalandi)
- Voli

Aðrar eignir sem lagt er því til að seldar verði eru eftirtaldar:

- Bergstaðastræti 75, Reykjavík
- Dalbraut 2, Dalvík
- Eyrarvegur 26, Grundarfirði
- Hamrahlíð 12, Vopnafirði
- Hjarðarhagi 30, Reykjavík
- Hlíðarvegur 42, Ólafsfirði
- Hólagata 42, Vestmannaeyjum
- Hvammstangabraut 21, Hvammstanga
- Hvanneyrarbraut 45, Siglufirði
- Kópnesbraut 17, Hólmavík
- Króksholt 1, Fáskrúðsfirði
- Lágholt 9, Stykkishólmi
- Lindarholt 8, Ólafsvík
- Miðtún 12, Ísafirði
- Smáragata 6, Vestmannaeyjum
- Völusteinsstræti 16, Bolungarvík

4. mál 2021-2022

Flutt af biskupi Íslands

### **Þingsályktun um heildarstefnu Þjóðkirkjunnar.**

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir eftirfarandi heildarstefnu Þjóðkirkjunnar:

#### **Þjóðkirkjan Heildarstefna**

##### **Hlutverk**

Þjóðkirkjan vill vera salt og ljós íslensks samfélags með því að vera trúarlegur og félagslegur vettvangur opin og öllum. Grunnstef í boðun Þjóðkirkjunnar er fagnaðarerindið um Jesú Krist.

##### **Framtíðarsýn**

Að Þjóðkirkjan sé ávallt þekkt af verkum sínum sem lifandi samfélag kristins fólks með heilnæma lífssýn og leiðandi afl til andlegrar velferðar íslensku þjóðarinnar á grundvelli kristinnar trúar og siðaboðskapar.

##### **Grunnstoðir í stefnu**

Tilteknar grunnstoðir í stefnu eru forsenda þess að Þjóðkirkjan geti á hverjum tíma rækt hlutverk sitt með fullnægjandi hætti og starfað út frá fyrirbyggjandi framtíðarsýn og meginmarkmiðum:

- Samfélagsleg grunnstoð sem birtist í því að Þjóðkirkjan er virkur þátttakandi í samfélaginu, leiðandi afl til andlegrar velferðar á grundvelli kristinnar trúar, lýðræðis og jafnréttis, og sýnileg með ímynd trausts og ábyrgðar.
- Opinn og aðlaðandi vettvangur sem grundvallast á því að Þjóðkirkjan sé trúarleg og félagslegt samfélag fyrir allt fólk, veiti mikilvæga kærleiksþjónustu sem nýtir virðingar og trausts og einkennist af umburðarlyndi og víðsýni.
- Öflugt starf á öllum sviðum sem einkennist af lýðræði, jafnrétti, valdeflingu og ábyrgð út frá skýrum markmiðum, skilvirkri og viðeigandi þjónustu við safnaðarstarf og stöðugri þróun í takt við breytingar í íslensku samfélagi.
- Traustir innviðir sem eru grundvöllur starfsemi og þjónustu og byggja á einfaldri og skilvirkri stjórnslu, traustum rekstri og fjárhag og mannauði sem nýtir möguleika sína til fulls í hvetjandi og lýðræðislegu starfsumhverfi þar sem jafnrétti er í hávegum haft.

Þessum grunnstoðum tengjast tilteknir árangursþættir sem fram koma í stefnuramma og kirkjuþing og stjórnendur miðlægrar starfsemi vakta reglulega á hverjum tíma. Markmið verða skilgreind á grundvelli stefnunnar og lögð fyrir kirkjuþing ásamt áætlun um stefnuáherslur á hverju ári.



## **Grunngildi**

Í allri starfsemi og þjónustu þjóðkirkjunnar er lögð áhersla á að í starfi þjóðkirkjunnar birtist í verki þau grunngildi kirkjunnar að vera ávallt

BIÐJANDI, BOÐANDI OG ÞJÓNANDI

**Samþykkt á kirkjuþingi 27. október 2021**

5. mál 2021-2022

Flutt af biskupi Íslands

## **Þingsályktun um nýjar áherslur í skipulagi á æskulýðsmálum.**

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir nýja skipan æskulýðsmála sem felur í sér eftirfarandi:

### **I. Svæðisstjórar æskulýðsmála Þjóðkirkjunnar – ný störf**

#### **a. Umdæmi og starfsstöðvar**

Kirkjuþing samþykkir að ráðið verði í stöður fjögurra svæðisstjóra æskulýðsmála Þjóðkirkjunnar samkvæmt því sem nánar greinir í ályktun þessari. Svæðin fjögur eru:

1. Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmi
2. Vesturlands- og Vestfjarðaprófastsdæmi
3. Húnavatns- og Skagafjarðar- og Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi
4. Austurlands- og Suðurprófastsdæmi

Starfsstöð svæðisstjóra æskulýðsmála verður æskulýðsmiðstöð umdæmisins og þar verður önnur æskulýðstengd aðstaða eftir ákvörðun héraðsnefndar.

#### **b. Starfsskyldur svæðisstjóra, launakostnaður og starfsaðstaða**

##### *a. Svæðisstjóri æskulýðsmála:*

- hefur í umboði biskups og prófesta tilsjón með æskulýðsstarfi á svæðinu
- fylgir eftir stefnumörkun og samþykktum kirkjuþings er varðar kirkjulegt starf fyrir ungmenni á svæðinu
- starfar með verkefnisstjórum æskulýðsmála og æskulýðsleiðtogum sem starfa sem fyrr fyrir söfnuði á svæðinu og kemur á tengingum á milli þeirra
- veitir söfnuðum á svæðinu stuðning og ráðgjöf um æskulýðsmál og mönnun þeirra
- hefur frumkvæðisskyldu til að stuðla að safnaðarstarfi fyrir ungmenni í söfnuðum svæðisins, s.s. að skipuleggja æskulýðsmót o.fl.
- annast daglega starfsemi æskulýðsmiðstöðvar svæðisins og er rekstrarstjóri hennar, í samræmi við samþykktir héraðsnefndar

##### *b. Laun svæðisstjóra æskulýðsmála verða greidd af Þjóðkirkjunni*

##### *c. Héraðsnefndir prófastsdæma leggja til starfsaðstöðu á kostnað héraðssjóða*

### **II. Innleiðing**

Innleiðing þessa fyrirkomulags verður í tveimur áföngum.

#### **a. Fyrri áfangi**

Fyrri áfangi hefst 1. janúar 2023 en í honum verða tvær stöður svæðisstjóra æskulýðsmála stofnsettar, ein staða í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmum og ein staða í Austurlands- og Suðurprófastsdæmum.

### *b. Seinni áfangi*

Fyrirkomulagið verði metið og endurskoðað fyrir kirkjuþing að hausti árið 2024 og í framhaldi komið á í Vesturlands- og Vestfjarðaprófastsdæmum og Húnavatns- og Skagafjarðar- og Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmum.

### **III. Skipun starfshóps um æskulýðsmál**

Kirkjuþing kjósi þriggja manna starfshóp um æskulýðsmál sem starfi á meðan nýtt fyrirkomulag er innleitt (sbr. lið II.) þ.e. til kirkjuþings haustið 2024.

Starfshópurinn verði biskupi Íslands til ráðgjafar við gerð starfslýsinga og ákvörðunar á kröfum til menntunar svæðisstjóra.

Starfshópurinn ber auk þess ábyrgð á fyrra skrefi innleiðingarinnar í samráði við biskup Íslands og prófesta þeirra prófastsdæma sem innleiðingin nær til.

Starfshópurinn skili kirkjuþingi skýrslu um framkvæmd þingsályktunar þessarar á kirkjuþingum 2023 og 2024.

### **IV. Ráðningarsamband starfsfólks í æskulýðsstarfi kirkjunnar**

Kirkjuþing hvetur til þess að starfsfólk í æskulýðsstarfi sé almennt ráðið til starfa sem launþegar en ekki sem verktakar.

### **Samþykkt á kirkjuþingi 26. mars 2022**

Kirkjuþing 2021-2022 kaus þann 28. mars 2022 eftirtalda í nefndina:

Guðrún Karls Helgudóttir, formaður

Þuríður Björg Wium Árnadóttir

Sigurður Óskar Óskarsson

6. mál 2021-2022

Flutt af biskupi Íslands

**Þingsályktun um frekari vinnu vegna stefnumótunar í samskipta-, ímyndar- og kynningarmálum þjóðkirkjunnar.**

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir að vinnu vegna stefnumótunar í samskipta-, ímyndar- og markaðsmálum þjóðkirkjunnar verði haldið áfram með eftirfarandi hætti:

Kirkjuþing samþykkir að könnun verði framkvæmd til að safna upplýsingum um viðhorf þjóðarinnar til þjóðkirkjunnar. Í kjölfarið verði fenginn sérfræðingur í greiningarvinnu á þörfum landsmanna og starfsfólki kirkjunnar, svo þjónustan geti mætt betur þörfum og væntingum almennings og starfsfólks.

Kirkjuþing samþykkir að starfshópur um samskipta-, ímyndar- og kynningarmál þjóðkirkjunnar vinni að nýrri samskiptastefnu þjóðkirkjunnar og leiðbeiningum til sókna um samfélagsmiðla og sameiginlegt markaðsefni. Þá er samþykkt að stöðugildi á samskiptasviði verði áfram 1,5.

**Samþykkt á kirkjuþingi 22. nóvember 2021**

7. mál 2021-2022

Flutt af biskupi Íslands

**Þingsályktun  
um breytingu á Viðbragðaáætlun þjóðkirkjunnar.**

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir eftirfarandi breytingar á viðbragðaáætlun kirkjunnar:

1. Í II. kafla um hlutverk hópslysanefndar kirkjunnar, bls. 6 breytist liður c) í d) og nýr liður c) verður til:

**c) Almannavarnarástand án stórslysa eða náttúruhamfara, s.s. heimsfaraldur**

- hópslysanefnd kemur saman eða heldur símafund sem fyrst, eftir að almannavarnarástandi hefur verið lýst yfir
- hópslysanefnd er í viðbragðsstöðu vegna mögulegrar beiðni um aðstoð
- hópslysanefnd útfærir viðbragð í samráði við hlutaðeigandi yfirvöld
- hópslysanefnd er til taks um ráðgjöf og stuðning við biskup Íslands um viðbrögð kirkjunnar í því ástandi sem er.

2. Í III. kafla um hlutverk prófasts bls. 7 breytist liður c) í d), d) liður verður e) og nýr liður c) verður til:

**c) Almannavarnarástand án stórslysa eða náttúruhamfara, s.s. heimsfaraldur**

- prófastur fær boð um að almannavarnarástandi hafi verið lýst yfir
- prófastur virkjar viðbragðaáætlun eftir því sem við á.

**Samþykkt í einni umræðu á kirkjuþingi 22. nóvember 2021**

### Starfsreglur um kjör til kirkjuþings.

#### 1. gr.

##### *Kosning til kirkjuþings og fjöldi þingfulltrúa.*

Kosning til kirkjuþings fer fram á fjögurra ára fresti.

Á kirkjuþingi eiga sæti 29 fulltrúar, 12 vígðir og 17 leikmenn.

#### 2. gr.

##### *Kjördæmi kirkjuþings og skipting fulltrúa.*

Á kirkjuþingi eru þrjú kjördæmi vígðra og níu leikmanna.

Kjördæmaskipan vígðra og fjöldi fulltrúa er eftirfarandi:

1. Reykjavíkurbjórðæmi: Reykjavíkurbjórðæmi vestra og eystra- og Kjalarnesbjórðæmi. Sex fulltrúar og þrjár til vara.
2. Skálholtskjórðæmi: Suður-, Vesturlands- og Vestfjarðarbjórðæmi. Þrjár fulltrúar og tveir til vara.
3. Hólakjórðæmi: Húnavatns- og Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Þingeyjar- og Austurlandsbjórðæmi. Þrjár fulltrúar og tveir til vara.

Kjördæmaskipan leikmanna og fjöldi fulltrúa er eftirfarandi:

1. Reykjavíkurbjórðæmi vestra, 1. kjördæmi. Þrjár fulltrúar og þrjár til vara.
2. Reykjavíkurbjórðæmi eystra, 2. kjördæmi. Þrjár fulltrúar og þrjár til vara.
3. Kjalarnesbjórðæmi, 3. kjördæmi. Þrjár fulltrúar og þrjár til vara.
4. Vesturlandsbjórðæmi, 4. kjördæmi. Einn fulltrúi og tveir til vara.
5. Vestfjarðarbjórðæmi, 5. kjördæmi. Einn fulltrúi og tveir til vara.
6. Húnavatns- og Skagafjarðarbjórðæmi. 6. kjördæmi. Einn fulltrúi og tveir til vara.
7. Eyjafjarðar- og Þingeyjarbjórðæmi, 7. kjördæmi. Tveir fulltrúar og tveir til vara.
8. Austurlandsbjórðæmi 8. kjördæmi. Einn fulltrúi og tveir til vara.
9. Suðurbjórðæmi, 9. kjördæmi. Tveir fulltrúar og tveir til vara.

#### 3. gr.

##### *Kosningarréttur vígðra.*

Kosningarrétt til kirkjuþings á hver sá sem vígslu hefur hlotið og er:

- a. þjónandi prestur eða djákni íslensku þjóðkirkjunnar eða hjá íslenskum söfnuði þjóðkirkjunnar erlendis og er í föstu og launuðu starfi sem slíkur, eða
- b. þjónandi prestur eða djákni sem lýtur tilsjónar biskups Íslands og er í föstu og launuðu starfi á vegum stofnunar og/eða félagasamtaka hér á landi.

Prestur eða djákni í tímabundnu leyfi, allt að tveimur árum, nýtur kosningarréttar.

Prestur sem settur er til þjónustu tímabundið nýtur ekki kosningarréttar nema í þeim tilfellum þar sem ekki er skipaður prestur fyrir.

Prestur, sem sinnir aukþjónustu, nýtur ekki kosningarréttar fyrir það embætti sem hann sinnir aukþjónustu í.

Djákni skal vera ráðinn til a.m.k. eins árs eða ótímabundið til að njóta kosningarréttar. Prestur eða djákni sem látið hefur af þjónustu nýtur ekki kosningarréttar.

#### 4. gr.

##### *Kosningarréttur leikmanna.*

Kosningarrétt til kirkjuþings, sem leikmaður, á hver sá sem er:

- a. aðal- og varamaður í sóknarnefndum í 1., 2. og 3. kjördæmi, sbr. 2. gr.,
- b. aðal- og varamaður í sóknarnefndum í 4., 5., 6., 7., 8. og 9. kjördæmi, sbr. 2. gr.

Þá skulu hafa kosningarrétt allt að 15 fulltrúar úr hverju prestakalli í 1, 2. og 3. kjördæmi, valdir af sóknarnefnd eða sóknarnefndum, til viðbótar öðrum kjörfulltrúum, sbr. 1. mgr.

#### 5. gr.

##### *Takmörkun á kosningarrétti og kjörgengi.*

Biskupar og starfsmenn kirkjuþings og biskupsstofu njóta ekki kosningarréttar né kjörgengis. Sama gildir um kennara við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands.

#### 6. gr.

##### *Viðmið kosningarréttar.*

Miða skal kosningarrétt samkvæmt 3. og 4. gr. við 1. apríl það ár sem kosning fer fram.

#### 7. gr.

##### *Kjörgengi.*

Kjörgengur til kirkjuþings er:

- a. hver vígður maður sem á kosningarrétt skv. 3. gr.
- b. hver leikmaður sem hefur hlotið skírni í nafni heilagrar þrenningar, skráður er í íslensku þjóðkirkjuna, og hefur náð 18 ára aldri og hefur meðmæli sinnar sóknarnefndar.

Hver sá sem fullnægir skilyrðum 1. mgr. skal hafa óflekkað mannorð.

Enginn skv. 2. mgr. telst hafa óflekkað mannorð sem hlotið hefur dóm fyrir refsivert brot og refsing er óskilorðsbundið fangelsi, frá þeim degi sem dómur er upp kveðinn og þar til afplánun er að fullu lokið.

Kjörgengisskilyrði skulu vera uppfyllt 1. apríl það ár sem kosning fer fram.

## 8. gr.

### *Hvar kosningarréttar og kjörgengis skuli notið.*

Prestur eða djákni sem uppfyllir skilyrði 3. gr. um kosningarrétt, nýtur réttarins og kjörgengis í því kjördæmi sem prófastsdæmi hans tilheyrir, sbr. 2. gr.

Prestur eða djákni hjá íslenskum söfnuði þjóðkirkjunnar erlendis sem er í föstu og launuðu starfi sem slíkur og uppfyllir skilyrði 3. gr. um kosningarrétt nýtur réttarins og kjörgengis í Reykjavíkurborgkjördæmi.

Þjónandi prestur eða djákni sem lýtur tilsjónar biskups Íslands og er í föstu og launuðu starfi á vegum stofnunar og/eða félagasamtaka hér á landi og uppfyllir skilyrði 3. gr. um kosningarrétt nýtur kosningarréttar og kjörgengis í því kjördæmi sem prófastsdæmi hans tilheyrir.

Leikmaður sem uppfyllir skilyrði b-liðar 7. gr. er kjörgengur innan þess kjördæmis sem lögheimili hans er skráð í þjóðskrá, sbr. 2. mgr. 7. gr. Leikmaður sem uppfyllir skilyrði 4. gr. um kosningarrétt, nýtur réttarins innan þess kjördæmis sem sókn hans tilheyrir, sbr. 2. gr.

## 9. gr.

### *Rafræn kjörskrá.*

Kjörskrá skal vera rafræn og annast kjörstjórn gerð hennar á grundvelli gagna frá Þjóðskrá Íslands og vinnsluheimilda þaðan ef við á. Kjörskrá skal vera aðskilin frá kosningarhluta kosningakerfisins og þar skulu koma fram upplýsingar um kjördæmi, nafn kjósanda, lögheimili, kennitölu og kyn.

Á kjörskrá skal taka þá sem uppfylla skilyrði 3. og 4. gr., sbr. 6. gr. Kjörskrá skal hafa verið gerð þremur vikum áður en kosning hefst.

Þegar kjörskrá hefur verið samin skal kjörstjórn auglýsa það á vefsvæði þjóðkirkjunnar og á öðrum fréttamiðlum. Í auglýsingunni skal tekið fram að þeir sem vilja koma að athugasemdum við kjörskrá skuli senda þær kjörstjórn.

Eftir auglýsingu um gerð kjörskrár getur kjósandi kannað á þar til gerðu vefsetri hvort nafn hans er skráð á kjörskrá. Við aðgang að vefsetrinu er notuð almenn innskráningarpjónusta sem kjörstjórn ákveður, s.s. rafræn skilríki eða Íslykill Þjóðskrár Íslands.

Kjörskrá skal enn fremur leggja fram á pappír kjósendum til sýnis á biskupsstofu og skrifstofum prófata.

## 10. gr.

### *Leiðréttingar á kjörskrá.*

Athugasemdir vegna kjörskrár skulu berast kjörstjórn eigi síðar en þremur sólarhringum áður en kosning hefst. Kjörstjórn skal þegar taka til meðferðar athugasemdir sem henni berast vegna kjörskrár og gera viðeigandi leiðréttingar á henni. Kjörstjórn skal í síðasta lagi gera leiðréttingar á kjörskrá, tveimur sólarhringum áður en kosning hefst. Ef kjörstjórn verður þess áskynja að villa hafi átt sér stað við kjörskrárgerðina skal slíkt leiðrétt. Óheimilt er að breyta kjörskrá ef skilyrði skv. 6. gr. hafa ekki verið uppfyllt fyrir þann tíma sem þar greinir.



Berist kjörstjórn athugasemd þess efnis að nafn skuli tekið af eða sett á kjörskrá skal það þegar tilkynnt hlutaðeigandi, nema athugasemdin stafi frá honum sjálfum. Skal hlutaðeigandi veittur frestur, eftir því sem tími og atvik leyfa, til að koma að athugasemdum. Kjörstjórn skal þegar í stað tilkynna hlutaðeigandi um niðurstöðu málsins.

Kjörstjórn skal fram að þeim degi er kosning hefst leiðréttu kjörskrá ef henni berst vitneskja um andlát manns sem er á kjörskrá.

Ákvörðun kjörstjórnar um leiðréttingu á kjörskrá má skjóta til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar. Skal niðurstaða yfirkjörstjórnar liggja fyrir ekki síðar en einum sólarhring áður en kosning hefst.

#### 11. gr.

##### *Framboð og kynningar til kosningar kirkjuþings.*

Kjörstjórn auglýsir á vefsvæði þjóðkirkjunnar og á öðrum fréttamiðlum eigi síðar en 25. febrúar á því ári sem kjósa skal eftir framboðum til kirkjuþings.

Þeir sem hyggjast bjóða sig fram til kirkjuþings skulu hafa tilkynnt kjörstjórn framboð sitt skriflega eigi síðar en 15. mars það ár sem kjósa skal.

Kjörstjórn getur óskað eftir því að sá sem hyggst bjóða sig fram, framvísi staðfestingu eða gefi kjörstjórn heimild til að afla gagna er sýni kjörgengi hans, sbr. 7. gr.

Frambjóðendur í hverju kjördæmi skulu ekki vera færri en sem nemur fjölda aðal- og varamanna til samans, annars vegar í kjördæmi vígðra og hins vegar leikmanna.

Ef ekki berast nægilega mörg framboð skal kjörstjórn svo fljótt sem auðið er gera uppstillingarnefnd kirkjunnar viðvart. Skal uppstillingarnefnd tilnefna þá frambjóðendur sem á vantar. Skal sú tilnefning hafa borist kjörstjórn eigi síðar en 31. mars það ár sem kjósa skal, ásamt samþykki hlutaðeigandi.

Prófastar tryggji, að fram fari kynning á frambjóðendum í prófastsdæminu.

#### 12. gr.

##### *Framkvæmd og fyrirkomulag kosningar.*

Atkvæðagreiðsla til kirkjuþings skal vera rafræn.

Sá einn sem er skráður á kjörskrá og hefur aflað sér fullnægjandi auðkenningar, sbr. 4. mgr. getur nýtt kosningarrétt sinn.

Kjörstjórn ákveður nánari framkvæmd kosninganna, en rekstarskrifsofa þjóðkirkjunnar skal sjá til þess að aðgangur sé tryggur að öruggu kosningakerfi. Tryggt skal að kosningakerfi það sem notað er sé þannig úr garði gert að ekki sé hægt að breyta atkvæði án þess að það sé greinanlegt. Óheimilt er að kanna hvernig kjósandi greiddi atkvæði í kosningakerfinu.

Við atkvæðagreiðslu skal kjósandi nota almenna innskráningarþjónustu sem kjörstjórn ákveður, s.s. rafræn skilríki eða Íslykill Þjóðskrár Íslands og skal kjósandi auðkenna sig á fullnægjandi hátt áður en hann greiðir atkvæði.

Kjósandi greiðir atkvæði á þann hátt að hann merkir við jafn mörg nöfn frambjóðenda, sem nemur fjölda aðalmanna í viðkomandi kjördæmi.

Greiði kjósandi ekki atkvæði á þann hátt sem greinir í 5. mgr. er atkvæði hans ógilt. Sama gildir um autt atkvæði.

Atkvæðagreiðsla skal fara fram á tímabilinu 1. til 20. maí á því ári sem kjósa skal, en atkvæðagreiðsla skal standa yfir í fimm sólarhringa samfelld.

Kjörstjórn auglýsir á vefsvæði þjóðkirkjunnar og á öðrum fréttamiðlum hvenær kosning hefst og hvenær henni lýkur. Auglýsing skal birt a.m.k. viku áður en kosning hefst.

Allar upplýsingar um undirbúning og framkvæmd kosninga skulu vera aðgengilegar á vefsvæði þjóðkirkjunnar, rekstrarskrifstofu þjóðkirkjunnar og hjá próföstum.

Prófastar hvetji fulltrúa til að nýta kosningarrétt sinn.

### 13. gr.

#### *Afkóðun og talning atkvæða.*

Talning atkvæða skal hefjast innan sólarhrings frá lokum kosningar. Áður en talning hefst skulu atkvæðin afkóðuð.

Aðgengi að dulkóðun kosningakerfisins skal stýrt með tvískiptu leyniorði. Fulltrúi kjörstjórnar og fulltrúi forsætisnefndar kirkjuþings búa til og varðveita hvor sinn helming leyniorðsins meðan kosning varir.

Áður en talning atkvæða hefst koma fulltrúarnir hinu tvískipta leyniorði fyrir í afkóðunarhluta kosningakerfisins.

Að lokinni afkóðun atkvæða í kosningakerfinu skulu atkvæðin talin og niðurstöður kosningarinnar teknar saman í talningarhluta kerfisins.

### 14. gr.

#### *Niðurstöður kosninga.*

Þeir, sem flestir merkja við með atkvæði sínu, eru kjörnir aðalmenn í hverju kjördæmi fyrir sig og skal fjöldi atkvæða ráða röðun þeirra. Varamenn eru þeir sem næstir koma að atkvæðum eftir aðalmönnum og skal fjöldi atkvæða ráða röðun þeirra. Hafi tveir eða fleiri hlotið jafnmörg atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri ræður hlutkesti.

Kjörstjórn staðfestir niðurstöður og birtir á vefsvæði þjóðkirkjunnar nöfn þeirra er kjörnir hafa verið svo fljótt sem verða má.

Niðurstöður kosningaþátttöku í hverju kjördæmi skulu enn fremur birtar á vefsvæði þjóðkirkjunnar.

### 15. gr.

#### *Útgáfa kjörbréfa.*

Kjörstjórn gefur út kjörbréf til aðalmanna og varamanna og skal röð varamanna greind sérstaklega.

### 16. gr.

#### *Innköllun varamanna.*

Ef kirkjuþingsmaður andast á kjörtímabilinu, forfallast tímabundið eða varanlega, eða missir kjörgengi sitt til kirkjuþings, tekur varamaður hans sæti í þeirri röð sem hann er til kjörinn. Hafi kirkjuþingsmaðurinn gegnt embætti forseta kirkjuþings, skal kirkjuþing kjósa til embættisins að nýju.

Varamaður tekur sæti aðalmanns í föstum þingnefndum og þarf ekki að kjósa að nýju um sæti aðalmannsins.

17. gr.

*Meðferð gagna eftir að talningu er lokið.*

Að kærufresti liðnum eða eftir að yfirkjörstjórn hefur kveðið upp úrskurð sinn varðandi kosninguna, hafi hún verið kærð, skal kjörstjórn sjá til þess að öllum atkvæðum, dulkóðuðum og afkóðuðum, rafrænni kjörskrá og afkóðunarlyklum verði eytt úr kosningakerfinu. Kjörstjórn tilkynnir forsætisnefnd kirkjuþings þegar eyðing gagnanna hefur átt sér stað.

18. gr.

*Uppstillingarnefnd.*

Kirkjuþing kýs uppstillingarnefnd þjóðkirkjunnar. Í uppstillingarnefnd þjóðkirkjunnar eru níu menn einn úr hverju prófastsdæmi. Kirkjuþing kýs í nefndina til fjögurra ára á þriðja reglulega kirkjuþingi eftir síðasta kjör til kirkjuþings. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega úr hópi nefndarmanna. Forsætisnefnd kirkjuþings skipar þá sem kirkjuþingsfulltrúar kusu í uppstillingarnefnd þjóðkirkjunnar.

Í uppstillingarnefnd skulu hvorki vera kirkjuþingsmenn eða varamenn þeirra né starfsmenn eða starfsfólk í föstu, launuðu starfi hjá þjóðkirkjunni.

Uppstillingarnefnd er ályktunarhæf ef minnst 2/3 nefndarmanna mæta á fund. Nefndinni er heimilt að nota fjarfundarbúnað í störfum sínum.

Uppstillingarnefnd færir gerðabók þar sem skrá skal meginatriði funda og ákvarðanir. Aðsetur nefndarinnar skal vera á biskupsstofu sem sér henni fyrir aðstöðu og þjónustu. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af þjóðkirkjunni.

19. gr.

*Kjörstjórn þjóðkirkjunnar.*

Kirkjuþing kýs kjörstjórn þjóðkirkjunnar. Formaður kjörstjórnar og varamaður hans skulu kosnir sérstaklega. Í kjörstjórn eru þrír kjörstjórnarmenn og þrír varamenn þeirra í þeirri röð sem þeir taka sæti aðalmanns. Kosning til kjörstjórnar fer fram á þriðja reglulega kirkjuþingi eftir síðasta kjör til kirkjuþings. Forsætisnefnd kirkjuþings skipar þá sem kirkjuþingsfulltrúar kusu í kjörstjórn þjóðkirkjunnar.

Skipunartími kjörstjórnar þjóðkirkjunnar er fjögur ár frá 1. desember það ár sem þriðja reglulega kirkjuþing eftir síðasta kjör til kirkjuþings er haldið.

Kjörstjórnarmenn skulu hvorki vera kirkjuþingsmenn eða varamenn þeirra né vera í föstu, launuðu starfi hjá þjóðkirkjunni.

Kjörstjórn færir gerðabók þar sem skrá skal meginatriði funda, ákvarðanir hennar svo og úrslit kosninga.

Aðsetur kjörstjórnar er á biskupsstofu. Kjörstjórn velur sér aðstoðarmenn til að annast, á ábyrgð kjörstjórnar, framkvæmd tiltekinna þátta í kosningu til kirkjuþings.

Kostnaður við störf kjörstjórnar greiðist af þjóðkirkjunni.

20. gr.

*Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar.*

Kirkjuþing kýs yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar. Í yfirkjörstjórn eru þrír menn og þrír til vara.

Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar er kosin á þriðja reglulega kirkjuþingi eftir síðasta kjör til kirkjuþings. Formaður skal kosinn sérstaklega og vera löglærður sem og varamaður hans.

Varamenn skulu kosnir í þeirri röð sem þeir taka sæti aðalmanns. Kjörtímabil yfirkjörstjórnar er í fjögur ár frá 1. desember það ár sem þriðja reglulega kirkjuþing eftir síðasta kjör til kirkjuþings er haldið. Forsætisnefnd kirkjuþings skipar þá sem kirkjuþingsfulltrúar kusu í yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar.

Yfirkjörstjórnarmenn skulu hvorki vera kirkjuþingsmenn eða varamenn þeirra né vera í föstu, launuðu starfi hjá þjóðkirkjunni.

Yfirkjörstjórn færir gerðabók þar sem skrá skal meginatriði funda og ákvarðanir.

Aðsetur yfirkjörstjórnar skal vera á biskupsstofu sem sér nefndinni fyrir aðstöðu og þjónustu.

Kostnaður af störfum yfirkjörstjórnar greiðist af þjóðkirkjunni.

21. gr.

*Kærur til yfirkjörstjórnar.*

Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar fer með úrskurðarvald í ágreiningsmálum vegna kirkjuþingskosninga.

Rétt til að kæra kirkjuþingskosningu eiga allir þeir sem nutu kosningarréttar til kirkjuþings og þeir leikmenn sem í kjöri voru en höfðu ekki kosningarrétt.

Kærur skulu berast kjörstjórn eigi síðar en einni viku eftir að úrslit kosninga liggja fyrir.

Kjörstjórn skal innan þriggja virkra daga frá móttöku kærunnar senda hana ásamt athugasemdum sínum til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar.

Kæra má til yfirkjörstjórnar:

- a. ákvarðanir kjörstjórnar vegna kjörgengis- og kjörskrármála,
- b. framkvæmd kirkjuþingskosninga.

Yfirkjörstjórn eru heimil eftirfarandi úrræði:

- a. að fallast á eða synja kröfu manns um kjörgengi,
- b. að fallast á kröfu eða synja um að tiltekinn maður skuli ekki vera á kjörskrá,
- c. að staðfesta lögmæti framkvæmdar kirkjuþingskosninga, eftir atvikum með athugasemdum,
- d. að ógilda kosningu tiltekins kirkjuþingsmanns eða kirkjuþingsmanna og leggja fyrir kjörstjórn að endurtaka kosningu í hlutaðeigandi kjördæmi,
- e. að ógilda tiltekinn þátt eða þætti í framkvæmd kirkjuþingskosninga og leggja fyrir kjörstjórn að endurtaka þann eða þá þætti þannig að niðurstaða fái st,
- f. að ógilda kirkjuþingskosningu að öllu leyti og leggja fyrir kjörstjórn að láta kjósa að nýju.

22. gr.

*Frávísun kæru.*

Yfirkjörstjórn vísar kæru frá ef:

- a. kærandi hefur ekki kæruaðild,
- b. hún er of seint fram komin,
- c. mál heyrir ekki undir yfirkjörstjórn,
- d. kröfugerð er óskýr eða vanreifuð þrátt fyrir ábendingar yfirkjörstjórnar.

23. gr.

*Úrskurður yfirkjörstjórnar.*

Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar skal skera úr þeim málum sem fyrir hana eru lögð eins fljótt og auðið er og ekki síðar en sjö virkum dögum eftir að mál berst.

Niðurstöður yfirkjörstjórnar skulu vera í úrskurðarformi og dregnar saman í úrskurðarorð.

24. gr.

*Gildistaka.*

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. janúar 2022. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017, með síðari breytingum.

**Samþykkt á kirkjuþingi 23. nóvember 2021**

### **Starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa.**

1. gr.

*Kjörgengi.*

Kjörgengur til embættis biskups Íslands og vígslubiskupa er hver guðfræðikandidat sem fullnægir skilyrðum til þess að gegna prestsembætti í íslensku þjóðkirkjunni.

2. gr.

*Kjörtímabil.*

Kjörtímabil biskups Íslands og vígslubiskupa skal vera sex ár í senn.

Nú er aðeins sá í kjöri til embættis biskups Íslands eða vígslubiskups sem fyrir er í embættinu og er hann þá rétt kjörinn til þess án atkvæðagreiðslu, enda fullnægi hann að öðru leyti kjörgengisskilyrðum 1. gr.

3. gr.

Kosið skal í einni kjördeild.

4. gr.

*Kosningarréttur við kjör biskups Íslands.*

*A. Kosningarréttur vígðra:*

Biskup Íslands og vígslubiskupar eiga kosningarrétt við biskupskjör. Auk þeirra á kosningarrétt hver sá sem vígslu hefur hlotið og er:

- a) Þjónandi prestur eða djákni íslensku þjóðkirkjunnar eða hjá íslenskum söfnuði þjóðkirkjunnar erlendis og er í föstu og launuðu starfi sem slíkur, eða
- b) Þjónandi prestur eða djákni sem lýtur tilsjónar biskups Íslands og er í föstu og launuðu starfi á vegum stofnunar og/eða félagasamtaka hér á landi.

Prestur eða djákni í tímabundnu leyfi, allt að tveimur árum, nýtur kosningarréttar.

Prestur sem settur er til þjónustu tímabundið nýtur ekki kosningarréttar nema í þeim tilfellum þar sem ekki er skipaður prestur fyrir.

Prestur, sem sinnir aukþjónustu, nýtur ekki kosningarréttar fyrir það embætti sem hann sinnir aukþjónustu í.

Djákni skal vera ráðinn til a.m.k. eins árs eða ótímabundið til að njóta kosningarréttar.

Prestur eða djákni sem látið hefur af þjónustu nýtur ekki kosningarréttar. Kosningarrétt eiga vígðir kennarar í föstu starfi við guðfræði- og trúarbragðafræðideild háskóla Íslands og vígðir starfsmenn á biskupsstofu sem eru í föstu starfi.

*B. Kosningarréttur leikmanna:*

- a) Aðal- og varamenn í sóknarnefndum.
- b) Þá skulu allt að sjö kjörfulltrúar úr hverju prestakalli valdir af sóknarnefnd eða sóknarnefndum til viðbótar öðrum kjörfulltrúum, sbr. a-lið.

- c) Þeir leikmenn sem eiga sæti á kirkjuþingi og ekki eiga atkvæðisrétt skv. a- eða b-liðum.

5. gr.

*Kosningarréttur við kjör vígslubiskupa.*

Kosningarrétt við vígslubiskupskjör eiga þeir sömu og réttinn eiga skv. 4. gr. og tilheyra prófastsdæmi sem er í því umdæmi vígslubiskups sem kosið er í.

Þjónandi prestur eða djákni hjá íslenskum söfnuði þjóðkirkjunnar erlendis, sbr. a) lið 1. mgr. 4. gr., nýtur kosningarréttar í umdæmi vígslubiskups í Skálholti.

Þjónandi prestur eða djákni, sbr. b) lið 1. mgr. 4. gr., nýtur kosningarréttar í því umdæmi vígslubiskups sem viðkomandi starfar í.

Kosningarrétt eiga kirkjuþingsmenn, vígðir kennarar í föstu starfi við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands og vígðir starfsmenn á biskupsstofu sem eru í föstu starfi.

6. gr.

*Viðmið kosningarréttar.*

Skilyrði kosningarréttar skv. 4. og 5. gr. skulu uppfyllt þremur vikum áður en tilnefning hefst og skal kjósandi vera skráður í þjóðkirkjuna þann dag.

7. gr.

*Kjörstjórn.*

Kjörstjórn við kirkjuþingskjör, sbr. starfsreglur um kjör til kirkjuþings, er jafnframt kjörstjórn við kjör samkvæmt starfsreglum þessum.

8. gr.

*Ákvörðun um hvenær kosning fer fram.*

Kjörstjórn ákveður hvenær kjörgögn skulu send þeim sem kosningarbærir eru við kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa. Með útsendingu kjörgagna hefst kosning skv. 15. gr. Jafnframt ákveður kjörstjórn hvenær kosningu lýkur, sbr. 15. gr.

Ákvarðanir kjörstjórnar skv. 1. mgr. eru háðar samþykki forsætisnefndar kirkjuþings.

9. gr.

*Kjörskrá.*

Kjörskrá skal vera rafræn og annast kjörstjórn gerð hennar á grundvelli gagna frá biskupsstofu og Þjóðskrá Íslands og vinnsluheimilda þaðan ef við á.

Á kjörskrá skal taka þá sem uppfylla skilyrði 4. eða 5. gr. eftir því sem við á, sbr. 6. gr., og þar skulu koma fram upplýsingar um nafn kjósanda, lögheimili hans og kennitölu. Kjörskrá skal hafa verið gerð tveimur vikum áður en tilnefning, skv. 3. mgr. 11. gr. hefst.

Þegar kjörskrá er tilbúin skal kjörstjórn auglýsa það á vefsvæði þjóðkirkjunnar og á öðrum fréttamiðlum. Í auglýsingunni skal taka fram að þeir sem vilja koma að athugasemdum við kjörskrá skuli senda þær kjörstjórn.

Þegar kjörskrá hefur verið gerð getur viðkomandi kannað á þar til gerðu vefsetri hvort nafn hans er á kjörskrá. Við aðgang að vefsetrinu er notuð almenn innskráningarþjónusta sem kjörstjórn ákveður, s.s. rafræn skilríki eða Íslykill Þjóðskrár Íslands.

#### 10. gr.

##### *Leiðréttingar á kjörskrá.*

Athugasemdir vegna kjörskrár skulu berast kjörstjórn eigi síðar en fimm sólarhringum áður en tilnefning hefst, sbr. 3. mgr. 11. gr. Kjörstjórn skal þegar taka til meðferðar athugasemdir sem henni berast vegna kjörskrár og gera viðeigandi leiðréttingar á henni. Kjörstjórn skal í síðasta lagi gera leiðréttingar á kjörskrá tveimur sólarhringum áður en tilnefning hefst. Ef kjörstjórn verður þess áskynja að villa hafi átt sér stað við kjörskrárgerðina skal hún leiðrétt. Óheimilt er að breyta kjörskrá ef skilyrði 6. gr. hafa ekki verið uppfyllt fyrir þann tíma sem þar greinir.

Berist kjörstjórn athugasemd þess efnis að nafn skuli tekið af eða sett á kjörskrá skal það þegar, sannanlega, tilkynnt hlutaðeigandi nema athugasemdin stafi frá honum sjálfum. Skal hlutaðeigandi veittur frestur, eftir því sem tími og atvik leyfa, til að koma að athugasemdum. Kjörstjórn skal þegar í stað tilkynna hlutaðeigandi um niðurstöðu málsins. Skal það gert með sannanlegum hætti.

Kjörstjórn skal fram að þeim degi er tilnefning hefst leiðrétt kjörskrá ef henni berst vitneskja um andlát manns sem er á skránni.

Ákvörðun kjörstjórnar um leiðréttingu á kjörskrá má skjóta til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar. Skal niðurstaða yfirkjörstjórnar liggja fyrir ekki síðar en einum sólarhring áður en tilnefning hefst.

#### 11. gr.

##### *Tilnefning til biskups Íslands og vígslubiskups.*

Hver vígður maður sem kosningarréttar nýtur skv. 4. gr. hefur rétt á að tilnefna allt að þrjú einstaklinga sem uppfylla skilyrði 1. gr. til kjörs biskups Íslands.

Hver vígður maður sem kosningarréttar nýtur skv. 5. gr. hefur rétt á að tilnefna allt að þrjú einstaklinga sem uppfylla skilyrði 1. gr. til kjörs vígslubiskups.

Tilnefning skv. 1. og 2. mgr. skal hefjast a.m.k. fimm vikum áður en kjör til biskups Íslands eða vígslubiskups hefst.

#### 12. gr.

##### *Framkvæmd og fyrirkomulag tilnefninga.*

Tilnefningin skal vera rafræn og standa í fimm sólarhringa samfelld. Skal henni lokið a.m.k. fjórum vikum áður en kosning biskups Íslands eða vígslubiskups hefst.

Kjörstjórn sér um undirbúning og ákveður nánari framkvæmd tilnefningarinnar, en rekstrarskrifstofa þjóðkirkjunnar skal sjá til þess að aðgangur sé tryggður að öruggu kosningakerfi til að nota við tilnefninguna. Tryggt skal að kerfi það sem notað er sé þannig úr garði gert að ekki sé hægt að breyta tilnefningu án þess að það sé greinanlegt. Óheimilt er að kanna hvern viðkomandi tilnefndi í kerfinu.



Við tilnefninguna skal viðkomandi nota almenna innskráningarþjónustu sem kjörstjórn ákveður, s.s. rafræn skilríki eða Íslykil Þjóðskrár Íslands og skal hann auðkenna sig á fullnægjandi hátt áður en hann getur nýtt rétt sinn til að tilnefna.

Kjörstjórn auglýsir á vefsvæði þjóðkirkjunnar og á öðrum fréttamiðlum hvenær tilnefning hefst og hvenær henni lýkur. Auglýsing skal birt a.m.k. viku áður en tilnefning hefst.

Allar upplýsingar um undirbúning og framkvæmd kosninga skulu vera aðgengilegar á vefsvæði þjóðkirkjunnar, á rekstrarskrifstofu þjóðkirkjunnar og hjá próföstum.

#### 13. gr.

##### *Afkóðun og talning tilnefninga.*

Kjörstjórn skal innan sólarhrings frá því að tilnefningu var lokið, taka saman og telja tilnefningarnar. Áður en talning hefst skal afkóða tilnefningarnar. Formaður kjörstjórnar skal varðveita lykil sem notaður er við afkóðunina.

Eftir afkóðun skulu tilnefningarnar taldar og niðurstöður teknar saman í afkóðunar- og talningarhluta kerfisins.

#### 14. gr.

##### *Niðurstaða tilnefninga.*

Þeir þrír einstaklingar sem flestar tilnefningar fá, að teknu tilliti til 3. mgr., eru í kjöri til biskups Íslands eða vígslubiskups. Ef tveir eða fleiri fá sama fjölda tilnefninga skulu þeir báðir eða allir vera í kjöri. Séu tilnefndir færri einstaklingar en þrír eru þeir allir í kjöri að teknu tilliti til 3. mgr.

Kjörstjórn skal strax og niðurstaða úr tilnefningunni er ljós, kanna hvort þeir sem verða í kjöri, skv. 1. mgr., sbr. 3. mgr., uppfylli skilyrði 1. gr. Telji kjörstjórn að svo sé ekki skal hlutaðeigandi þegar í stað gert viðvart og honum veittur frestur, eftir því sem tími og atvik leyfa, til að koma að athugasemdum. Kjörstjórn skal innan sólarhrings frá því að athugasemdir berast taka afstöðu og tilkynna hlutaðeigandi um þá niðurstöðu.

Vilji viðkomandi ekki una niðurstöðu skv. 2. mgr., getur hann skotið henni til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar, innan sólarhrings frá því að honum var sannanlega tilkynnt um niðurstöðuna. Skal niðurstaða yfirkjörstjórnar liggja fyrir ekki síðar en tveimur sólarhringum síðar.

Kjörstjórn skal svo fljótt sem verða má tilkynna þeim einstaklingum sem flestar tilnefningar fá, sbr. 1. mgr., um niðurstöðuna og leita eftir afstöðu þeirra til tilnefningarinnar. Ef einhver þeirra gefur ekki kost á sér skal sá sem næstur honum er að tilnefningu taka sæti hans.

Á vefsvæði þjóðkirkjunnar skal svo fljótt sem verða má, eftir að niðurstaða tilnefninga er ljós, tilkynna um þá sem verða í kjöri auk þeirra tveggja sem næstir komu að tilnefningu.

#### 15. gr.

##### *Framkvæmd kosninga.*

Kosning skal vera rafræn.

Kosning skal fara fram þó að einn sé í kjöri, nema um endurkjör sé að ræða, sbr. 2. mgr. 2. gr.

Kjörstjórn sendir þeim sem eiga kosningarrétt nauðsynleg kjörgögn rafrænt:

Kjörstjórn ákveður nánari framkvæmd kosninganna, en þjóðkirkjan skal sjá til þess að aðgangur sé tryggður að öruggu kosningakerfi. Tryggt skal að kosningakerfi það sem notað er sé þannig úr garði gert að ekki sé hægt að breyta atkvæði án þess að það sé greinanlegt. Óheimilt er að kanna hvernig kjósandi greiddi atkvæði í kosningakerfinu.

Við atkvæðagreiðslu skal kjósandi nota almenna innskráningarþjónustu sem kjörstjórn ákveður, s.s. rafræn skilríki eða Íslykil Þjóðskrár Íslands og skal kjósandi auðkenna sig á fullnægjandi hátt áður en hann greiðir atkvæði.

Kjörstjórn auglýsir á vefsvæði þjóðkirkjunnar og á öðrum fréttamiðlum hvenær kosning hefst og hvenær henni lýkur. Auglýsing skal birt a.m.k. viku áður en kosning hefst.

Atkvæðagreiðsla skal standa yfir í fimm sólarhringa samfelld.

Allar upplýsingar um undirbúning og framkvæmd kosninga skulu vera aðgengilegar á vefsvæði þjóðkirkjunnar, á rekstrarskrifstofu þjóðkirkjunnar og hjá próföstum.

Kjósandi greiðir atkvæði á þann hátt að hann merkir við nafn þess frambjóðanda sem hann kys. Geri hann það ekki, er atkvæði hans ógilt. Sama gildir um autt atkvæði.

#### 16. gr.

##### *Afkóðun og talning atkvæða og niðurstöður kosninga.*

Talning atkvæða skal hefjast innan sólarhrings frá lokum kosningar. Áður en talning hefst skulu atkvæðin afkóðuð.

Kjörstjórn skal gefa þeim sem eru í kjöri kost á að hafa umboðsmenn sína viðstadda talninguna.

Aðgengi að dulkóðun kosningakerfisins skal stýrt með tvískiptu leyniorði. Fulltrúi kjörstjórnar og fulltrúi forsætisnefndar kirkjupings búa til og varðveita hvor sinn helming leyniorðsins meðan kosning varir.

Áður en talning hefst koma fulltrúarnir hinu tvískipta leyniorði fyrir í afkóðunarhluta kosningakerfisins.

Sá er réttkjörinn biskup Íslands eða vígslubiskup sem fær meiri hluta greiddra atkvæða. Ef enginn frambjóðandi fær meiri hluta greiddra atkvæða skal kosið á nýjan leik milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu. Ef fleiri en tveir fá jafnmörg atkvæði skal hlutkesti ráða um hverja tvo skuli kosið. Sá er réttkjörinn biskup Íslands eða vígslubiskup sem fær meiri hluta greiddra atkvæða. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða.

#### 17. gr.

##### *Kærur til yfirkjörstjórnar.*

Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar, sbr. starfsreglur um kjör til kirkjupings, fer með endanlegt úrskurðarvald í ágreiningsmálum vegna kosninga samkvæmt starfsreglum þessum. Kosningu geta þeir kært sem eiga kosningarrétt.

Kærur vegna kosninga skulu hafa borist kjörstjórn eigi síðar en þremur dögum eftir að atkvæði hafa verið talin. Beri síðasta dag kærufrests upp á frídag skal næsti virki dagur teljast síðasti dagur kærufrests.

Kærur skulu hafa borist kjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir kl. 16.00 á síðasta degi

kærufrests eða hafa verið pósthimplaðar í síðasta lagi þann dag. Leggur hún þær fyrir yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar til úrskurðar ásamt athugasemdum sínum. Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar skal skera úr þeim málum sem fyrir hana eru lögð eins fljótt og auðið er og ekki síðar en sjö virkum dögum eftir að mál berst.

Niðurstöður yfirkjörstjórnar skulu vera í úrskurðarformi og dregnar saman í úrskurðarorð.

18. gr.

*Birting niðurstöðu kosningar.*

Kosningabátttaka og úrslit kosningar skal birta á vefsvæði þjóðkirkjunnar.

19. gr.

*Gildistaka.*

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. janúar 2022. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 333/2017, með síðari breytingu.

**Samþykkt á kirkjuþingi 28. mars 2022.**

### **Starfsreglur um kirkjuþing.**

#### *Kirkjuþing.*

##### 1. gr.

Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar, þar með talið fjárfstjórnarvald, nema lög kveði á um annað.

Kirkjuþing markar stefnu þjóðkirkjunnar í sameiginlegum málefnum hennar, öðrum en þeim sem lúta að kenningu kirkjunnar.

Kosið skal til kirkjuþings leynilegri kosningu til fjögurra ára í senn. Á kirkjuþingi eiga sæti 29 fulltrúar, 17 leikmenn og 12 vígðir.

Kirkjuþing kys þingsforseta úr röðum leikmanna þingsins og tvo varaforseta með sama hætti. Saman mynda þeir forsætisnefnd þingsins. Forseti kirkjuþings boðar til þingsins.

#### *Verkefni kirkjuþings.*

##### 2. gr.

Kirkjuþing setur starfsreglur um málefni þjóðkirkjunnar, þar á meðal um skipulag kirkjuþings, svo sem kjör til þess, kjördæmaskipan, fjölda kirkjuþingsfulltrúa, þingsköp og verkefni þingsins. Enn fremur samþykkir kirkjuþing ályktanir og samþykktir um málefni þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing hefur að jafnaði frumkvæði að frumvörpum til laga um málefni þjóðkirkjunnar og leggur til við ráðherra kirkjumála að þau verði flutt á Alþingi.

Kirkjuþing veitir umsögn og gerir tillögur um lagafrumvörp ráðherra kirkjumála um kirkjuleg málefni sem hann hyggst flytja á Alþingi.

Kirkjuþing ábyrgist rekstur og fjármál þjóðkirkjunnar, nema starfsreglur þingsins kveði á um annað.

#### *Forseti kirkjuþings.*

##### 3. gr.

Forseti kirkjuþings ber ábyrgð á starfsemi og rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnarsýslu þess, eftir því sem kirkjuþing mælir nánar um.

Forseti undirbýr þinghald kirkjuþings í samráði við forsætisnefnd og stýrir störfum þingsins skv. gildandi starfsreglum um þingsköp kirkjuþings hverju sinni.

Forseti gætir þess, í samvinnu við framkvæmdanefnd kirkjuþings, að starfsreglum, ályktunum og öðrum samþykktum kirkjuþings sé fylgt eftir og að þær séu endurskoðaðar eftir þörfum.

Forseti kirkjuþings skal birta starfsreglur, samþykktir og ályktanir kirkjuþings á opnum vef kirkjunnar innan fjögurra vikna frá samþykkt þeirra.

Við birtingu starfsreglna og ályktana kirkjuþings má ekkert undan fella sem þar á að

standa og fram hefur komið á þinginu og hljóðupptaka ber með sér. Engar efnisbreytingar má gera nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur sem telst sjálfsögð leiðrétting.

Óski aukinn meiri hluti þingfulltrúa, þ.e. 2/3 hlutar, eftir því, meðan á kjörtímabili stendur, að kosið verði að nýju til forseta kirkjuþings skulu kosningar til þingforseta fara fram.

#### *Framkvæmdanefnd kirkjuþings.*

##### 4. gr.

Kirkjuþing kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara í framkvæmdanefnd kirkjuþings til eins árs í senn. Skal nefndin kjörin á haustfundi kirkjuþings. Nefndin starfar í umboði þingsins, sem setur nefndinni erindisbréf. Tveir fulltrúar skulu koma úr hópi leikmanna og einn úr hópi vígðra; sama gildir um varamenn.

Nefndin hefur eftirlit með fjárhag og rekstri þjóðkirkjunnar og að ákvörðunum og áætlunum samþykktum af kirkjuþingi sé fylgt eftir.

#### *Aðsetur kirkjuþings.*

##### 5. gr.

Kirkjuþing hefur aðsetur á rekstrarstofu þjóðkirkjunnar. Rekstrarstofa veitir forseta þingsins og kirkjuþingsfulltrúum alla nauðsynlega þjónustu og þá aðstoð sem þörf krefur. Forseti, í samráði við framkvæmdastjóra rekstrarstofu, ræður starfsfólk kirkjuþings í samræmi við gildandi fjárheimildir hverju sinni.

#### *Þingfararkaup, ferða- og dvalarkostnaður.*

##### 6. gr.

Kirkjuþingsfulltrúar og aðrir sem seturétt eiga á þinginu fá þingfararkaup fyrir hvern dag sem þingið situr.

Ef varamaður er kvaddur til skal hann fá þingfararkaup fyrir hvern dag sem hann situr kirkjuþing en greiðsla til aðalmanns fellur brott sama tíma.

Þóknananefnd ákveður laun kirkjuþingsfulltrúa.

##### 7. gr.

Kirkjuþingsfulltrúar sem eiga lengri leið til og frá þingstað en 50 km fá greiddan akstur fram og til baka eða leigubílakostnað eða flugfargjald eftir því hver ferðamátinn er hagkvæmari.

Forsætisnefnd kirkjuþings sker úr ágreiningi sem upp kann að koma um þetta efni.

##### 8. gr.

Kirkjuþingsfulltrúar fá greidda hálfu fæðispeninga, ef ekki er boðið upp á kvöldverð á kirkjuþinginu. Enn fremur fá þingfulltrúar greidda hálfu fæðispeninga vegna aksturs til og frá þingstað vari akstur þingsmanns lengur en sex klukkustundir.

Kirkjuþingsfulltrúar fá greiddan sanngjarnan gistikostnað, þar sem það á við.

Greiðslur samkvæmt 1. og 2. mgr. miðast við gildandi ákvarðanir ferðakostnaðarnefndar ríkisins, sbr. auglýsingar nefndarinnar á vef stjórnarráðsins.

*Gildistaka.*

9. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. janúar 2022. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingum.

**Samþykkt á kirkjuþingi 23. nóvember 2021.**

## **Starfsreglur um þingsköp kirkjuþings.**

### **I. KAFLI.**

#### **Þingfundir.**

##### **1. gr.**

Forseti kirkjuþings boðar kirkjuþing árlega saman til fundar á haustmánuðum með eigi skemmri fyrirvara en eins mánaðar.

Kirkjuþing starfar allt að tveimur vikum í senn. Heimilt er að gera allt að sex mánaða hlé á þingfundum milli umræðna eða áður en síðari umræðu um þingmál lýkur.

Óski þriðjungur kjörinna kirkjuþingsfulltrúa eftir er forseta skylt að kalla aukakirkjuþing saman án ástæðulausrar tafar. Þá er forseta heimilt að boða til aukakirkjuþings þegar brýna nauðsyn ber til.

### **II. KAFLI**

#### **Sérstakt hæfi fulltrúa á kirkjuþingi.**

##### **2. gr.**

Hæfisreglur þessar taka til allra sem sitja á kirkjuþingi og skiptir þá ekki máli hvort þeir eiga atkvæðisrétt eða hafa málfrelsi.

##### **3. gr.**

Hver sá sem situr á kirkjuþingi má hvorki taka þátt í umfjöllun né atkvæðagreiðslu um mál sem varðar hann sérstaklega persónulega eða fjárhagslega.

Mál telst varða sérstaka fjárhagslega hagsmuni þingfulltrúa sem eru vígðir þjónar þegar fjallað er um setningu reglna um starfskostnað vegna prestsstarfa eða gjaldskrá vegna prestsþjónustu. Hið sama gildir um þá þingfulltrúa sem eru prestar og sitja á prestssetri þegar fjallað er um það hvar prestssetur skulu lögð til og hvar þau skulu lögð niður, um leigugjöld prestssetra svo og hlunnindi og önnur fjárhagsleg réttindi er varðar slíkar eignir kirkjunnar. Þegar fjallað er um skipulagsbreytingar í tilteknu prófastsdæmi sem áhrif hafa á sérstaka hagsmuni presta, s.s. ákvörðun um hámarksfjölda starfandi presta, eru starfandi prestar í því prófastsdæmi vanhæfir sem þingfulltrúar til að taka þátt í meðferð málsins. Hið sama gildir um djákna sem þar starfa.

Það varðar einnig vanhæfi ef þingfulltrúi

- a. er fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila sem á þeirra hagsmuna að gæta sem um getur í 1. mgr.,
- b. er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar manns sem á þeirra hagsmuna að gæta sem um getur í 1. mgr.,
- c. ef mál varðar sérstaklega persónulega eða fjárhagslega hagsmuni næsta yfirmann hans,

d. ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Eigi er þó um vanhæfi að ræða ef þeir hagsmunir, sem málið snýst um, eru það smávægilegir eða eðli málsins er með þeim hætti að hvorki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á umfjöllun né atkvæðagreiðslu.

Það leiðir ekki til vanhæfis til afgreiðslu máls þegar mál varðar almenna þjóðkirkjulega hagsmuni þegar þeir sem skráðir eru í þjóðkirkjuna verða taldir eiga svipaðra hagsmuna að gæta.

Þegar kirkjuþing velur fulltrúa úr sínum röðum í nefndir eða störf á vegum þingsins eru þeir fulltrúar ekki vanhæfir sem boðið hafa sig fram eða stungið hefur verið upp á við það kjör. Þessi undantekning á þó ekki við um kjör í kjaranefnd þjóðkirkjunnar. Þeir þingfulltrúar, sem eru félagsmenn þeirra stéttarféлага sem nefndin kemur fram sem viðsemjandi við, skulu víkja sæti við meðferð máls og kjör í þá nefnd.

#### 4. gr.

Forseti kirkjuþings gætir þess að fulltrúi eða fulltrúar sem kunna að vera vanhæfir til meðferðar tiltekins þingmáls víki sæti.

Fulltrúi á kirkjuþingi skal án tafar vekja athygli þingforseta á ástæðum sem kunna að valda vanhæfi hans til umfjöllunar og atkvæðagreiðslu um tiltekinn dagskrárlið þingsins skv. reglum þessum.

Rísi ágreiningur um túlkun þessara reglna sker forseti þingsins úr.

#### 5. gr.

Kirkjuþingsfulltrúi sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða atkvæðagreiðslu um það. Hann skal víkja úr fundarsal og má ekki hafa frekari afskipti af málinu á þinginu eða við störf nefnda þess sem þingfulltrúi. Þegar afgreiðslu málsins er lokið skal þingfulltrúinn kallaður inn á þingið aftur til að taka þátt í umfjöllun og afgreiðslu annarra mála.

#### 6. gr.

Kirkjuþing er ályktunarhæft við afgreiðslu máls óháð þeim fjölda fulltrúa sem eftir eru þegar vanhæfir þingfulltrúar hafa vikið sæti.

### III. KAFLI

#### **Störf nýkjörins kirkjuþings.**

#### 7. gr.

Forseti kirkjuþings er kjörinn úr röðum leikmanna til fjögurra ára í senn á fyrsta kirkjuþingi að afloknum kirkjuþingskosningum. Fráfarandi forseti stýrir forsetakjöri og gegnir að öðru leyti forsetastörfum þar til nýr forseti hefur verið kjörinn. Njóti fráfarandi forseta ekki við kemur varaforseti í hans stað.



8. gr.

Á fyrsta fundi eftir kirkjuþingskjör skal kjósa kjörbréfanefnd til næstu fjögurra ára. Nefndin kys sér formann og gerir hann þinginu grein fyrir áliti og tillögum hennar um rannsókn og afgreiðslu kjörbréfa. Fresta skal þingfundi meðan á athugun kjörbréfa stendur en að henni lokinni koma þau til afgreiðslu þingsins.

9. gr.

Að lokinni afgreiðslu kjörbréfa kys kirkjuþing skriflega og í óbundinni kosningu forseta og fyrsta og annan varaforseta úr röðum leikmanna. Saman mynda þeir forsætisnefnd kirkjuþings.

IV. KAFLI

**Kosningar á kirkjuþingi og nefndir kirkjuþings.**

10. gr.

Fastanefndir kirkjuþings eru:

1. Kjörbréfanefnd, skipuð fimm kirkjuþingsfulltrúum. Nefndin rannsakar kjörbréf, kosningu þingfulltrúa og kjörgengi.
2. Löggjafarnefnd, skipuð átta kirkjuþingsfulltrúum. Nefndin fjallar um þau mál sem fram eru borin á þinginu og varða löggjöf og starfsreglur.
3. Fjárhagsnefnd, skipuð átta kirkjuþingsfulltrúum. Nefndin fær til umsagnar fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar og yfirlit reikninga kirkjulegra embætta, stofnana og sjóða kirkjunnar sem sæta endurskoðun. Þá koma til kasta nefndarinnar önnur mál fjárhagslegs eðlis sem fram eru borin á þinginu.
4. Allsherjarnefnd, skipuð níu kirkjuþingsfulltrúum. Nefndin fær þær skýrslur sem skylt er að leggja fram á kirkjuþingi til umfjöllunar og öll önnur þingmál sem falla utan verksviðs hinna nefndanna.

Forsætisnefnd ber ábyrgð á skipan fastanefnda.

11. gr.

Fastanefndir kirkjuþings eru kjörnar í upphafi hvers reglulegs kirkjuþings, sbr. þó 8. gr., og gildir kosningin uns kosið hefur verið til nefndanna að nýju. Formenn og varaformenn nefndanna skulu kosnir sérstaklega á þingfundi.

Forseti kirkjuþings getur kallað saman fastanefndir kirkjuþings milli þinga ef nauðsyn ber til. Þetta gildir þó ekki um framkvæmdanefnd kirkjuþings. Þá hefur hann formenn nefndanna sér til samráðs eftir því sem honum þykir þurfa.

12. gr.

Kirkjuþing kys, til eins árs í senn, framkvæmdanefnd Þjóðkirkjunnar sem er skipuð þremur kirkjuþingsfulltrúum, þar af einum vígðum. Varamenn eru kosnir með sama hætti. Nefndin lítur eftir starfi rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar í samræmi við gildandi starfsreglur og stefnumörkun hverju sinni. Kirkjuþing setur nefndinni erindisbréf. Nefndin er kosin í óbundinni kosningu.

Kirkjuþing kýs, samkvæmt gildandi starfsreglum eða öðrum gildandi heimildum hverju sinni, kjörstjórn og yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar.

Nýkjörið kirkjuþing kýs þrjá fulltrúa í þóknanefnd kirkjunnar til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Formaður skal kosinn sérstaklega á kirkjuþingi. Nefndin ákveður þóknun fyrir störf í ráðum, nefndum og starfshópum á vegum kirkjunnar nema annað sé ákveðið í öðrum starfsreglum. Enn fremur ákveður nefndin þingfararkaup kirkjuþingsfulltrúa. Nefndin skal birta ákvarðanir sínar um þóknanir á opnu vefsvæði þjóðkirkjunnar.

Nýkjörið kirkjuþing kýs þrjá fulltrúa í Strandarkirkjunefnd og jafnmarga til vara til fjögurra ára.

Nýkjörið kirkjuþing kýs til annarra þeirra nefnda og trúnaðarstarfa sem kveðið er á um í starfsreglum, samþykktum eða ályktunum frá kirkjuþingi svo og í lögum. Þá getur kirkjuþing jafnan kosið nefndir til að fjalla um sérstök mál. Nefndir samkvæmt þessari málsgrein skulu árlega gera kirkjuþingi grein fyrir störfum sínum.

Forsætisnefnd gerir tillögur um fulltrúa til þeirra trúnaðarstarfa sem kosið skal til á kirkjuþingi. Það gildir þó ekki um óbundnar kosningar og ekki þegar gert er ráð fyrir tilnefningum til trúnaðarstarfa. Forsætisnefnd skal við tillögugerð sína gæta þess að fylgt sé jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar. Nefndin skal leggja tillögur sínar fram með hæfilegum fyrirvara og gæta þess að tilnefndur fulltrúi sé tilbúinn til að taka starfann að sér.

Breytingartillögur við tillögur forsætisnefndar skulu hafa borist nefndinni eigi síðar en sólarhring eftir framlagningu þeirra. Þetta á þó ekki við um kjör til fastanefnda þingsins. Telji forsætisnefnd að breytingartillaga kunni að leiða til niðurstöðu sem andstæð er jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar skal forsætisnefnd skýra kirkjuþingi frá þeirri niðurstöðu sinni áður en gengið er til atkvæðagreiðslu.

Við tilnefningar og kosningar til nefnda og annarra trúnaðarstarfa skal gæta ákvæða laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnframt skal þess gætt að hafa hliðsjón af jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar svo og þeirra jafnréttisviðmiða sem kirkjan vill byggja á, svo sem jafnræðis kynslóða og þátttöku fulltrúa frá öllum landshlutum.

## V. KAFLI

### Þingmál.

#### 13. gr.

Þingmál skulu almennt hafa borist forseta kirkjuþings fjórum vikum fyrir upphaf þings.

Þó er nægilegt að skýrslur framkvæmdanefndar þjóðkirkjunnar og um fjármál þjóðkirkjunnar berist forseta þremur vikum fyrir upphaf þings.

Ef kirkjuþingi er frestað um meira en einn mánuð er einnig heimilt að leggja fram ný þingmál fjórum vikum fyrir þann tíma að kirkjuþing, sem frestað hefur verið samkvæmt heimild í 1. gr., kemur saman að nýju. Einungis verða lögð fram þingmál skv. þessari málsgrein sem eiga rót að rekja til samþykktá á fundum kirkjuþings þess sem frestað var og telja má í rökréttu og eðlilegu samhengi við samþykktir þess þings. Að öðru leyti fer um framlagningu, kynningu og málsmeðferð samkvæmt því er greinir í starfsreglum þessum um þingmál kirkjuþings.

Forsætisnefnd getur veitt undanþágu frá greindum tímamörkum ef sérstök rök mæla með því.

Forsætisnefnd metur hvort mál er þingtækt. Skal sérstaklega litið til þess hvort mál eigi undir valdsvið kirkjuþings og eins hvort mál hafi fengið umfjöllun eða úrlausn biskups, kirkjuráðs eða annarra aðila sem mál kann að varða. Þá metur forsætisnefnd hvort mál hafi fengið nægilega kynningu og samráð innan kirkjunnar eða fyrir öðrum sem málið kann að varða, þannig að um það megi fjalla. Forsætisnefnd gætir þess að kostnaðaráætlun máls sé raunhæf. Forsætisnefnd gefur kost á því að úr annmörkum sé bætt, ef við á, en vísar ella máli frá, ef það uppfyllir ekki framangreind skilyrði.

#### 14. gr.

Kirkjuþingsfulltrúar geta boðað til sérstaks þingmálafundar í kjördæmum sínum til kynningar á þingmálum sem þeir hyggjast flytja, áður en málið er sent forseta. Aðrir sem hafa tillögurétt og málfrelsi á kirkjuþingi, skulu eiga þess kost að mæta á þá fundi og kynna mál ef þeir óska þess. Þjóðkirkjan greiðir hóflegan kostnað við fundaraðstöðu.

Sérhvert þingmál skal vera til kynningar í opinni samráðsgátt á vef kirkjunnar í að minnsta kosti tvær vikur eftir að það hefur borist forseta. Forseti getur lengt þann frest teljist mál varða mikla hagsmuni, mál er flókið eða umfangsmikið. Í samráðsgáttinni skal gefinn kostur á framlagningu umsagna sem sé að jafnaði birt. Við lok kynningar er flutningsmönnum heimilt að gera breytingar á þingmáli innan viku og senda forseta þá nýtt eintak. Heimilt er forsætisnefnd að samþykkja að birt séu í samráðsgátt áform um þingmál til kynningar samkvæmt framanskráðu.

Þegar þingmál eru komin í endanlegt horf skulu þau svo skjótt sem auðið er birt á opnum vef kirkjunnar.

#### 15. gr.

Tillögur um nýjar starfsreglur eða breytingar á eldri starfsreglum skulu samdar með lagasniði. Sérhverri tillögu skal fylgja greinargerð um tilgang þess yfirleitt og skýringar á helstu ákvæðum.

Ef efni þingsmáls getur að einhverju leyti varðað jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar skal þess getið í greinargerð og jafnframt hvernig tryggt skuli að jafnréttisstefnunni verði fylgt í hvívetna. Forsætisnefnd fer yfir hvert mál með hliðsjón af því.

#### 16. gr.

Tillögur til þingsályktunar skulu vera í ályktunarformi. Þeim skal fylgja greinargerð með skýringu á efni þeirra og tilgangi.

#### 17. gr.

Forsætisnefnd getur synjað framlagningu þingsmáls ef hún metur það ekki tækt til þinglegrar meðferðar. Rétt er þó að gefa flutningsmönnum áður frest til úrbóta.

18. gr.

Við sérstakar aðstæður getur forsætisnefnd heimilað framlagningu nýs þingmáls á þinginu. Málið verður þá ekki tekið fyrir fyrr en næsta dag.

Á hverju þingmáli skal auk flytjenda tilgreindur ákveðinn framsögumaður.

19. gr.

Ef samþykkt máls felur í sér kostnað skal áætlun um slík útgjöld og skýringar við einstaka liði fylgja greinargerð. Greina skal kostnað í stofnkostnað og árlegan rekstrarkostnað ef við á. Ef samþykkt máls felur í sér tekjur skal einnig gerð grein fyrir þeim. Að jafnaði skal gerð tillaga um hvaðan fjármunir eigi að koma til greiðslu á kostnaði og hvert tekjur skuli renna.

Umsögn rekstrarskrifstofu þjóðkirkjunnar um áætlunina skal fylgja með málinu.

20. gr.

Tvær umræður skulu fara fram um hvert þingmál með að minnsta kosti einnar nætur millibili. Fastanefndir kirkjuþings fá þingmál til meðferðar milli umræðna. Sé meiri hluti fastanefndar flutningsmenn máls, eða öll nefndin, skal að jafnaði vísa málinu til annarrar fastanefndar.

Heimilt er forseta kirkjuþings, mæli enginn kirkjuþingsfulltrúi gegn því, að ákveða að þingmál megi afgreiða með einni umræðu og án umfjöllunar fastanefndar kirkjuþings. Skal forseti kynna þá tillögu að ákvörðun svo skjótt sem kostur er og áður en umræða um þingmálið hefst. Heimilt er kirkjuþingsfulltrúum að óska umfjöllunar fastanefndar kirkjuþings og seinni umræðu um málið, allt fram til þess að forseti lýsir umræðu um mál lokið.

21. gr.

Nefndarálit og breytingartillögur nefnda skal birt kirkjuþingsfulltrúum daginn áður en þingmál er tekið til síðari umræðu. Það skal undirritað af nefndarmönnum og framsögumaður tilgreindur. Nefndir geta skilað álit meiri hluta og minni hluta.

Leggi fastanefnd, meiri hluti eða minni hluti, til breytingar á þingmáli, sem gæti varðað jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar, skal gerð grein fyrir því í nefndaráliti hvernig jafnréttisstefnunni verði fylgt. Forsætisnefnd fer yfir þær breytingartillögur og kynnir kirkjuþingi, ef þurfa þykir, álit sitt á því sem betur mætti fara.

## VI. KAFLI

### Fundarsköp.

22. gr.

Forseti kirkjuþings setur kirkjuþing að loknu helgihaldi og stýrir því í samráði við forsætisnefnd.

23 gr.

Varaforsetar eru kjörnir á hverju reglulegu kirkjuþingi.

24. gr.

Að loknu forsetakjöri fer fram kosning tveggja þingskrifara úr hópi kirkjuþingsfulltrúa og að svo búnu kosning fastanefnda þingsins.

25. gr.

Skylt er kirkjuþingsfulltrúum að sækja alla þingfundi nema leyfi forseta komi til. Í forföllum kirkjuþingsfulltrúa skal ávallt kalla til varamann hans hafi tilkynning um forföll borist skriflega til forseta eigi síðar en einni viku fyrir boðaðan þingfund.

Heimilt er forsætisnefnd að ákveða að störf kirkjuþings fari fram með fjarfundarbúnaði þegar um sérstakar aðstæður er að ræða. Forseta kirkjuþings er heimilt að samþykkja að einstakir kirkjuþingsfulltrúar, sem þess óska, geti tekið þátt í störfum þingsins með notkun fjarfundarbúnaðar, kosið og greitt atkvæði með handauppréttingu eða rafrænum hætti.

26. gr.

Forseti kirkjuþings stýrir umræðum og kosningum á þinginu. Kosningar skulu fara fram með handauppréttingu eða vera skriflegar sé þess óskað eða forseti ákveði það. Starfi kirkjuþing með notkun fjarfundarbúnaðar fara kosningarnar fram með rafrænum hætti.

Varaforseti gegnir störfum forseta í forföllum hans. Ef forseti tekur þátt í umræðum, öðrum en þingstjórn gefur tilefni til, viku hann sæti á meðan og varaforseti stýrir fundi.

27. gr.

Forseti kirkjuþings ákveður fyrir lok hvers fundar dagskrá fyrir næsta fund og birtir á opnum vef kirkjunnar. Þar skal tilgreint hvenær næsti fundur verður.

Forseti getur ákveðið og tilkynnt þingheimi að til næsta fundar verði boðað með dagskrá sem þá verði komið til kirkjuþingsfulltrúa.

Forseti getur breytt röð á þeim málum sem eru á dagskrá og einnig tekið mál út af dagskrá.

Forseti getur ákveðið, ef enginn kirkjuþingsfulltrúi andmælir því, að umræður fari fram um tvö eða fleiri dagskrármál í einu eftir því sem hentugt þykir.

Dagskrár, umræður og úrslit mála má birta jafnóðum í fjölmiðlum.

28. gr.

Málfrelsi og tillögurétt á fundum kirkjuþings hafa auk kirkjuþingsfulltrúa biskup Íslands, vígslubiskuparnir í Skálholti og á Hólum, fulltrúi guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands og fulltrúi kirkjuþings unga fólksins.

Biskup Íslands og forseti kirkjuþings geta falið fulltrúa sínum að gera grein fyrir þingmáli og taka þátt í umræðum fyrir sína hönd.

29. gr.

Forseti kirkjuþings heldur mælendaskrá og gefur kirkjuþingsfulltrúum orðið í þeirri röð sem þeir æskja þess. Forseti getur þó vikið frá þeirri reglu ef hann telur ástæðu til vegna umræðunnar.

### 30. gr.

Á hverju kirkjuþingi skal vera sérstakur þingfundur þar sem kirkjuþingsfulltrúum gefst kostur á að bera fram fyrirspurnir til biskups Íslands, vígslubiskupanna í Skálholti og á Hólum og framkvæmdanefndar kirkjuþings.

Fyrirspurnir skulu vera skriflegar og þeim svarað skriflega. Fyrirspyrjandi gerir grein fyrir fyrirspurninni í umræðu og sá sem fyrirspurn er beint til gerir jafnframt nánari grein fyrir svári sínu í umræðunni.

Fyrirspurnum skal skilað til forseta með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.

Á hverju kirkjuþingi má hafa sérstakan þingfund þar sem kirkjuþingsfulltrúum gefst kostur á að ræða mál sem ekki eru á dagskrá þingsins. Óskum kirkjuþingsfulltrúa um slíkar umræður skal komið til forseta með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara. Forsætisnefnd metur hvort við beiðnum skuli orðið.

Forseti getur ákveðið að einn þingfundur á hverju kirkjuþingi skuli helgaður tilteknu málefni án þess að sérstök ósk hafi komið fram um það frá kirkjuþingsfulltrúum.

### 31. gr.

Flutningsmaður máls, en ekki nema einn þótt fleiri flytji, og framsögumenn nefnda mega við hverja umræðu um mál tala þrisvar, í fyrsta sinn í allt að þrjátíu mínútur, í annað sinn í allt að tíu mínútur og í þriðja sinn í allt að fimm mínútur.

Aðrir en framsögumenn mega tala tvisvar, í tíu mínútur í fyrsta sinn og fimm mínútur í annað sinn.

Fyrirspyrjandi, en ekki nema einn þótt fleiri séu flutningsmenn fyrirspurnar, og sá sem svarar fyrirspurn mega tala tvisvar, í fyrra skiptið í fimm mínútur og í síðara skiptið í þrjár mínútur.

Málshefjandi samkvæmt 4. mgr. 30. gr. má tala tvisvar, í fyrsta skiptið í fimmtán mínútur og síðara skiptið í fimm mínútur. Aðrir mega tala tvisvar, í tíu mínútur í fyrsta sinn og fimm mínútur í annað sinn.

Forseti getur heimilað lengri ræðutíma en að framan greinir ef hann telur þess þörf. Þá getur forseti takmarkað ræðutímann eða slitið umræðu með samþykki meirihluta kirkjuþingsfulltrúa.

Á þingfundi samkvæmt 5. mgr. 30. gr. ákveður forseti tilhögun umræðunnar, þar á meðal lengd ræðutíma.

Fari umræður fram um tvö eða fleiri þingmál í einu, gilda ofangreindar reglur um ræðutíma eftir því sem við á.

### 32. gr.

Ræðumenn á kirkjuþingi eiga ekki að ávarpa aðra en forseta þingsins. Forseta er þó rétt að ávarpa þingið í heild.

Ræðumenn skulu halda sig við málefni það sem til umræðu er hverju sinni.

Þegar flutningsmenn mæla fyrir málum eða framsögumenn fyrir ályktunum nefnda geta þeir vísað til prentaðrar greinargerðar eða nefndarálits en eiga ekki að lesa skjölin í heild.

Ræðumenn skulu æskja leyfis forseta ef þeir hyggjast lesa upp aðfengið prentað mál.

### 33. gr.

Við fyrri eða síðari umræðu er heimilt að bera fram tillögu um frávísun máls. Hún kemur til afgreiðslu við lok umræðunnar.

Í umræðum má leggja fram rökstudda dagskrártillögu þess efnis að umræðu um fyrirbyggjandi mál skuli lokið og fyrir tekið næsta mál á dagskrá. Skulu atkvæði þá greidd um hana án frekari umræðna.

Flutningsmaður máls getur dregið mál til baka allt til þess að það er komið til endanlegrar atkvæðagreiðslu. Dragi flutningsmaður mál til baka getur annar kirkjuþingsfulltrúi eða sá sem situr á þinginu með málfrelsi og tillögurétt tekið það upp á því stigi og gerst flutningsmaður málsins.

### 34. gr.

Kjörnir þingskrifarar halda gerðabók undir umsjón forseta. Þar skal geta framlagðra og fyrirtekinnna mála ásamt meginatriða umræðna og úrslita mála. Heimilt er að ráða sérstakan ritara sem annast færslu fundargerða á ábyrgð hinna kjörnu þingskrifara.

Fundargerð skal liggja frammi í upphafi fundar og geta kirkjuþingsfulltrúar gert athugasemdir við þingskrifara til næsta fundar. Þá verður fundargerð undirrituð af forseta og skrifurum. Hljóðrita skal umræður á kirkjuþingi og varðveita upptökur.

### 35. gr.

Fundir kirkjuþings fara fram í heyranda hljóði nema þingið ákveði annað.

## VII. KAFLI

### Atkvæðagreiðsla.

### 36. gr.

Atkvæðisrétt á kirkjuþingi hafa kjörnir kirkjuþingsfulltrúar einir. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Starfi kirkjuþing með notkun fjarfundarbúnaðar fara atkvæðagreiðslur fram með handauppréttingu eða rafrænum hætti. Afgreiðsla mála er því aðeins gild að 2/3 hlutar kirkjuþingsfulltrúa séu á fundi.

### 37. gr.

Við lok fyrri umræðu um þingmál skulu atkvæði greidd um það hvort málinu verði vísað til síðari umræðu. Hljóti það ekki samþykki telst málið fellt. Ef samþykkt er að vísa máli til síðari umræðu skulu atkvæði greidd um það hvaða fastanefnd kirkjuþings fái það til umfjöllunar. Framsögumaður máls flytur tillögu um vísun til nefndar en hljóti hún ekki brautargengi leitar forseti annarra tillagna.

Við lok síðari umræðu eru atkvæði greidd um endanlega afgreiðslu máls. Heimilt er að fresta afgreiðslu máls úr þingnefnd og seinni umræðu til næsta kirkjuþings á eftir.

Allar tillögur um málsmeðferð og úrslit mála skulu vera skriflegar.

### 38. gr.

Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu. Skyllt er að viðhafa nafnakall

eða skriflega atkvæðagreiðslu ef einhver kirkjuþingsfulltrúa óskar þess. Forseti getur endurtekið atkvæðagreiðslu ef hún þykir óglögg. Að atkvæðagreiðslu lokinni lýsir forseti úrslitum.

#### VIII. KAFLI

##### **Afbrigði og breytingar á þingsköpum.**

39. gr.

Að tillögu forseta má bregða út af þingsköpum þessum ef 2/3 þeirra þingmanna er um það greiða atkvæði samþykkja.

40. gr.

Þingsköpum kirkjuþings verður ekki breytt nema 2/3 hlutar greiddra atkvæða komi til enda séu 2/3 kirkjuþingsfulltrúa á fundi.

#### IX. KAFLI

##### **Gildistaka.**

41. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. janúar 2022. Frá sama tíma falla brott starfsreglur nr. 949/2009 um þingsköp kirkjuþings, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða

Núverandi skipun aðal- og varamanna í Strandarkirkjunefnd gildir óbreytt til 30. júní 2023.

**Samþykkt á kirkjuþingi 23. nóvember 2021**



### **Starfsreglur um kjaranefnd Þjóðkirkjunnar.**

#### 1. gr.

Kirkjuþing kýs kjaranefnd Þjóðkirkjunnar. Í starfsreglum þessum skal heiti nefndarinnar vera kjaranefnd kirkjunnar.

#### 2. gr.

Hlutverk kjaranefndar kirkjunnar er:

1. Að gæta hagsmuna Þjóðkirkjunnar gagnvart samtökum þeirra launþega sem ráðnir eru þar til starfa, sérstaklega að því er varðar kaup og kjör.
2. Að koma fram sem samningsaðili fyrir hönd Þjóðkirkjunnar gagnvart stéttarfélagum hlutaðeigandi starfsfólks eða öðrum þeim, sem umboð hafa til slíkrar samningsgerðar.
3. Að vinna að því að móta starfskjarastefnu Þjóðkirkjunnar.
4. Að ákvarða laun biskups Íslands og vígslubiskupa.

#### 3. gr.

Kjaranefnd kirkjunnar hefur ótakmarkað umboð til samningsgerðar við þá sem tilgreindir eru í 2. tölul. 2. gr. Samningar og ákvarðanir kjaranefndarinnar skulu þó undirritaðir með fyrirvara um samþykki kirkjuþings.

#### 4. gr.

Þegar kjaranefnd ákvarðar laun og önnur starfskjör biskups Íslands og vígslubiskupa aflar nefndin af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga. Í því skyni getur nefndin óskað eftir skýrslum, munnlegum og/eða skriflegum til að tryggja fagleg vinnubrögð, að mál séu hæfilega rannsökuð áður en ákvarðanir eru teknar og að þeir sem ákvarðanir beinast að komi sjónarmiðum sínum að. Nefndin getur og heimilað málsaðilum að reifa mál sitt fyrir kjaranefnd.

Kjaranefnd skal meta árlega hvort tilefni sé til breytinga á launum biskups Íslands og vígslubiskupa.

#### 5. gr.

Kjaranefnd kirkjunnar er skipuð þremur aðalmönnum og þremur til vara, sem kosnir eru til fjögurra ára í senn. Skulu nefndarmenn vera skráðir í Þjóðkirkjuna og mega þeir ekki gegna launuðu starfi sem greitt er fyrir af hálfu Þjóðkirkjunnar. Enginn getur setið nema tvö kjörtímabil samfellt í nefndinni. Nefndin er kosin á þriðja reglulega kirkjuþingi eftir kirkjuþingskosningar. Kirkjuþing ákveður hver skuli vera formaður kjaranefndarinnar, auk þess sem kosinn skal varaformaður. Varamenn taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir til. Skal fyrsti varamaður gegna formennsku í kjaranefndinni hátti svo til að allir aðalmenn í kjaranefnd starfi ekki að tilteknum samningum.

Forfallist aðal- eða varamaður í kjaranefnd kirkjunnar varanlega, skal á næsta kirkjuþingi kjósa nýjan í hans stað er sitji út kjörtímabil nefndarinnar.

Skylt er nefndarmönnum að gæta þagmælsku um það sem fram kemur á fundum og leynt á að fara eftir ákvörðun fundar eða samkvæmt eðli máls.

#### 6. gr.

Formaður kjaranefndar kirkjunnar ákveður hvenær nefndin skuli koma saman og hvar fundir skulu haldnir. Skylt er þó að kalla nefndina saman ef meiri hluti nefndarmanna óskar þess.

Fundir í kjaranefnd kirkjunnar eru lögmætir hafi þeir verið boðaðir með minnst eins sólarhrings fyrirvara með dagskrá.

#### 7. gr.

Fundargerðir kjaranefndarinnar skulu, svo fljótt sem auðið er, vera aðgengilegar í gagnaherbergi kirkjuþings.

Þjóðkirkjan annast nauðsynlega þjónustu við kjaranefndina eins og nefndin kann að óska eftir.

Þóknananefnd Þjóðkirkjunnar ákvarðar þóknun til kjaranefndar kirkjunnar.

#### 8. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um Þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu á opnum vef Þjóðkirkjunnar.

**Samþykkt í einni umræðu á kirkjuþingi 25. október 2021**

## **Starfsreglur um fjármál Þjóðkirkjunnar.**

### **I. KAFLI**

#### **Fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar.**

##### **1. gr.**

Rekstur Þjóðkirkjunnar greiðist samkvæmt fjárhagsáætlun sem kirkjuþing samþykkir fyrir hvert almanaksár.

Óheimilt er að inna afhendi greiðslu nema heimild sé til þess í samþykkttri fjárhagsáætlun.

##### **2. gr.**

Í fjárhagsáætlun kirkjuþings skal gera ráð fyrir sérstakri fjárheimild til að bregðast við útgjöldum sem brýna nauðsyn ber til að inna af hendi, eru tímabundin, ófyrirsjáanleg, óhjákvæmileg og ekki er unnt að bregðast við með öðrum hætti samkvæmt starfsreglum þessum. Fjárheimild þessi skal nema að lágmarki 1% af heildar útgjaldaliðum í fjárhagsáætlun.

Greiðslur af fjárheimild skv. 1. mgr. eru ákvarðaðar af rekstrarskrifstofu Þjóðkirkjunnar (hér nefnd rekstrarstofa) sem hefur, eins og kostur er, samráð við framkvæmdanefnd og fjárhagsnefnd kirkjuþings um ráðstafanir samkvæmt 1. mgr., m.a. hvort öll skilyrði séu uppfyllt.

Sé fjárheimild skv. 1. mgr. nýtt skal gera grein fyrir því í umfjöllun um ársreikning Þjóðkirkjunnar á kirkjuþingi.

##### **3. gr.**

Mynda skal varasjóð sem safna skal í uns höfuðstóll hans verður 25% af árlegri heildar gagngreiðslu frá ríkinu til Þjóðkirkjunnar. Skal leggja í hann a.m.k. 15% af tekjuafgangi fjárhagsársins, að frádregnu tapi sem hefur verið flutt frá fyrra ári.

Úr varasjóðnum er heimilt að jafna tap á rekstri Þjóðkirkjunnar, sem ekki er hægt að jafna með öðrum hætti. Greiðslur úr varasjóðnum eru ákvarðaðar af kirkjuþingi og þarf 2/3 hluta atkvæða til að hún teljist gild.

### **II. KAFLI**

#### **Gerð fjárhagsáætlunar.**

##### **4. gr.**

Rekstrarstofa Þjóðkirkjunnar, í samráði við framkvæmdanefnd og fjárhagsnefnd kirkjuþings, undirbýr gerð fjárhagsáætlunar kirkjunnar með gerð tillagna að fjárhagsáætlun. Skal sú vinna hefjast eigi síðar en í maí mánuði ár hvert vegna næsta árs og frumdrög áætlunar lögð fram og kynnt framangreindum aðilum þann mánuð. Fjárlagatillögur skulu sundurliðaðar í samræmi við ákvæði 5. og 6. gr.

Gengið skal frá fyrstu drögum að fjárhagsáætlun í júní og þær kynntar forsvarsmönnum sviða, stofnana og sjóða.

Um málsmeðferð vegna úthlutunar styrkja sem áður heyrðu undir ákvæði um Jöfnunarsjóð sókna og kristnisjóð, er féllu brott með 4. gr. - 6. gr. laga nr. 95/2020, fer samkvæmt 6. gr.-10. gr. starfsreglna þessara.

Rekstrarstofan skal að jafnaði ganga frá endanlegri tillögu að fjárhagsáætlun vegna næsta árs fyrir 20. september ár hvert og skulu þær þá birtar í samráðsgátt kirkjunnar.

#### 5. gr.

Fjárhagsáætlun skal sett fram með áætluðum heildartekjum, þ.m.t. sértekjum Þjóðkirkjunnar, á árinu svo og með heildargjöldum.

Skal sundurliða gjaldahlið áætlunarinnar eftir liðum sem hér segir:

- a. Launa- og starfskostnaður vegna prestsþjónustunnar í landinu. Kirkjuþing skal árlega uppfæra fjárhæðir þær sem greiðast sem starfskostnaður vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa. Kirkjuþing ákvarðar einnig árlegt verð eininga sem notaðar eru til að ákvarða þóknanir sem þóknananefnd kirkjunnar mælir fyrir um og þóknanir vegna gæslu veiðihlunninda á prestssetrum.
- b. Rekstrar- og launakostnaður biskups Íslands – biskupsstofu og rekstrarskrifstofu Þjóðkirkjunnar.
- c. Rekstrar- og launakostnaður vegna starfsmanna sem ráðnir eru til sérstakra verkefna í þágu Þjóðkirkjunnar skv. ákvörðun kirkjuþings.
- d. Rekstrarkostnaður vegna prestssetra og annarra fasteigna kirkjunnar.
- e. Kostnaður vegna kirkjuþings, framkvæmdanefndar kirkjuþings, prestastefnu og leikmannastefnu.
- f. Kostnaður vegna nefnda sem starfa á grundvelli laga, starfsreglna eða annarra samþykktu kirkjuþings og samkvæmt ákvörðun biskups Íslands eða kirkjuþings.

#### 6. gr.

Tillögur í fjárhagsáætlun vegna verkefna sem kristnisjóður, sbr. II. kafla laga um Kristnisjóð o.fl. nr. 35/1970 og Jöfnunarsjóður sókna, sbr. II. kafla laga um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987 sinntu, skulu settar fram á eftirfarandi hátt:

1. Fjárheimildir til að styðja hvers konar starfsemi kirkjunnar til eflingar kristinni trú, svo sem útgáfu á hjálpargögnum í safnaðarstarfi og kristilegu fræðsluefni, enn fremur félög og stofnanir, sem vinna að mikilvægum verkefnum á kirkjunnar vegum.
2. Fjárheimild til þeirra verkefna sem áður heyrðu undir Jöfnunarsjóð sókna, svo sem:
  - a. Að veita styrki til þeirra kirkna, sem hafa sérstöðu umfram aðrar sóknarkirkjur, þannig að þær vegna sögulegra eða annarra sérstakra ástæðna geta talist kirkjur alls landsins. Er hér fyrst og fremst átt við Dómkirkjuna í Reykjavík, Hóladómkirkju, Skálholtsdómkirkju, Hallgrímskirkju í Reykjavík og Hallgrímskirkju í Saurbæ.
  - b. Að leitast við að jafna aðstöðu sókna og styrkja sóknir, þar sem tekjur skv. lögum um sóknargjöld o.fl., nægja ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar og sóknarprestis og að fenginni umsögn héraðsnefndar.
  - c. Að veita styrki til nauðsynlegra verklegra framkvæmda á vegum sókna, til að styrkja

rekstur kirkna, t.d. til kaupa á nauðsynlegum búnaði þeirra og til að styðja kirkjulegt starf innan sókna. Enn fremur er heimilt að veita styrki til að greiða fyrir sameiningu fámennra sókna og til að styrkja sóknir, sem bera sérstakan kostnað. Með styrkjum til verklegra framkvæmda er átt við framlög til viðhalds, endurbóta og nýbygginga kirkna. Enn fremur styrki til byggingar þjónusturýmris og safnaðarheimila, þar sem þeirra er þörf.

- d. Að veita styrki til að auðvelda stofnun sókna í nýjum byggðahverfum og greiða fyrir kirkjulegu starfi þar.
- e. Að styrkja safnaðaruppbyggingu og aðra kirkjulega félags- og menningarstarfsemi innan sókna eða prófastsdæma og veita héraðssjóðum styrki til verkefna, er undir þá féllu, sbr. 8. gr. laga um sóknargjöld o.fl. Við mat á styrkveitingum til héraðssjóða, skal m.a. höfð hliðsjón af því, hvort þeir fullnýti tekjustofna sína, samkvæmt gildandi starfsreglum um héraðsfundi og héraðsnefndir hverju sinni.

Enn fremur er heimilt samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. að veita styrki til kirkjulegrar félags- og menningarstarfsemi og verkefna, sem Þjóðkirkjan í heild eða einstakar stofnanir hennar standa fyrir. Enn fremur að styrkja landssamtök, sem eiga rétt á að tilnefna fulltrúa á leikmannastefnu kirkjunnar.

#### 7. gr.

Framlag skv. 1. mgr. 6. gr. skal aldrei vera lægra en 0,5% til 1. tölul. og 10% til 2. tölul. af árlegu gagngjaldi ríkisins á grundvelli viðbótarsamnings íslenska ríkis og kirkju frá 6. september 2019. Sé talin nauðsyn á að skerða fjárheimild til þessa töluliða frá því lágmarki sem ákveðið er í starfsreglum þessum, þarf samþykki a.m.k. 2/3 atkvæðisbærra kirkjuþingsmanna miðað við fullskipað þing.

### III. KAFLI

#### Umsóknir um framlög og styrki.

#### 8. gr.

Umsóknir um styrki samkvæmt 6. gr. skulu að jafnaði berast Þjóðkirkjunni fyrir 1. september ár hvert.

Umsóknir skulu rökstuddar og þeim skulu fylgja greinargerðir, þar sem m.a. skal gerð grein fyrir fjárþörf og þeim verkefnum, sem sótt er um styrk til, ásamt ársreikningum.

Úthlutun skal að jafnaði lokið fyrir 1. febrúar ár hvert.

Styrkir skulu að jafnaði greiddast á því ári sem þeir eru veittir. Í undantekningar-tilvikum má færa styrk milli ára, s.s. ef framkvæmdir hafa farið seint af stað eða ekki hefur verið unnt að greiða út styrkinn af öðrum ástæðum. Styrkur færast þó ekki yfir um ár oft en einu sinni. Sé ekki hægt að greiða styrkinn út innan þess tíma fellur hann niður. Það er á ábyrgð styrkþega að óska eftir að ógreiddur styrkur færist yfir á næsta ár. Slík beiðni skal lögð fram fyrir 1. desember úthlutunarárs.

Úthlutunarnefnd skal gæta þess að upplýsingar um fresti, skilyrði, heimildir til að færa styrki til milli ára og önnur atriði, séu ávallt aðgengilegar umsækjendum.

#### IV. KAFLI

##### **Málsmeðferð við úthlutun styrkja skv. 6. gr.**

###### 9. gr.

Kirkjuþing kýs nefnd til fjögurra ára sem úthlutar styrkjum skv. 6. gr. Kjósa skal þrjá aðalmenn og þrjá varamenn, sem taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir til. Kirkjuþing ákveður hver er formaður nefndarinnar og varaformaður.

Hlutverk úthlutunarnefndar er að fjalla um styrkumsóknir og veita úrlausn um þær, sbr. 1. mgr.

Úthlutunarnefnd ber að fjalla um allar umsóknir og skal rökstyðja niðurstöðu sína í hverju tilfelli.

###### 10. gr.

Úthlutunarnefnd skal hafa lokið yfirferð yfir allar umsóknir fyrir 15. desember og skulu tillögur að úthlutunum þá sendar til umsagnar héraðsnefnda.

Heimilt er að veita vilyrði fyrir styrk til allt að fjögurra ára.

Nú er starfandi prestur í úthlutunarnefnd og er honum þá óheimilt að fjalla um umsókn sóknar úr prestakalli sem hann þjónar þegar nefndin fjallar um þá umsókn. Sé leikmaður í úthlutunarnefnd sem jafnframt situr í sóknarnefnd er honum óheimilt að fjalla um umsókn þeirrar sóknar.

Framkvæmdanefnd kirkjuþings staðfestir verklagsreglur úthlutunarnefndar þar sem frekari skilyrði umsókna skulu tilgreind. Verklagsreglurnar skal birta á umsóknarvef kirkjunnar.

#### V. KAFLI

##### **Framkvæmd samþykkrar fjárhagsáætlunar.**

###### 11. gr.

Fjárhagsáætlun skal samþykkt á haustþingi. Rekstrarstofa Þjóðkirkjunnar annast um framkvæmd samþykkrar fjárhagsáætlunar og eftirlit með útgjöldum. Skal eftirliti m.a. hagsað þannig að bera að lágmarki saman rauntölur og fjárhagsáætlun á þriggja mánaða fresti.

Komi fram frávik frá samþykktri fjárhagsáætlun þannig að gjöld séu umfram tekjur eða tekjur lægri en áætlað var, skal rekstrarstofa Þjóðkirkjunnar þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til að bregðast við þannig að samþykkt fjárhagsáætlun haldi.

#### VI. KAFLI

##### **Ársreikningur.**

###### 12. gr.

Ársreikningur Þjóðkirkjunnar skal gerður fyrir hvert almanaksár.

Reikningsskil skulu vera í samræmi við viðurkenndar bókhalds- og reikningsskilareglur. Skal reikningurinn áritaður af framkvæmdanefnd kirkjuþings og endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda.

Kirkjuþing kýs endurskoðanda, eða staðfestir kjör þess sem fyrir er, á vorþingi ár hvert. Ársreikningurinn skal lagður fyrir kirkjuþing að vori.

## **Ritun firma og prókúra**

### 13. gr.

Meiri hluti framkvæmdanefndar Þjóðkirkjunnar er bær til þess að rita firmað Þjóðkirkjan og gera bindandi löggerninga. Felst m.a. í því heimild til að rita undir öll skjöl er varða fasteignir Þjóðkirkjunnar svo sem kaupsamninga, afsöl, leigusamninga, veðleyfi, skuldabréf og skiptasamninga.

Þá getur framkvæmdanefnd veitt framkvæmdastjóra rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar og tilteknum starfsmönnum Þjóðkirkjunnar heimild til að rita firmað Þjóðkirkjan.

Framkvæmdanefnd veitir framkvæmdastjóra rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar prókúrumboð. Nefndin getur einnig veitt tilteknum starfsmönnum Þjóðkirkjunnar prókúrumboð.

## **Gildistaka.**

### 14. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um Þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. janúar 2022. Ákvæði til bráðabirgða öðlast þó gildi við birtingu.

**Samþykkt á kirkjuþingi 27. október 2021.**

### *Nefndarálit allra nefnda*

Allsherjarnefnd, fjárhagsnefnd og löggjafarnefnd hafa fjallað um málið og leggja til að tillagan á þingskjali 13 verði samþykkt óbreytt.

Nefndirnar leggja áherslu á að óheimilt er að inna af hendi greiðslu nema heimild sé til þess í samþykkttri fjárhagsáætlun. Hið sama gildir um fjárhagslegar skuldbindingar.

14. mál 2021-2022

Flutt af Gísla Jónassyni.

### **Málið var dregið til baka**

#### **Tillaga til þingsályktunar um fjölda starfa í vígðri þjónustu þjóðkirkjunnar.**

Kirkjuþing 2020-2021 ályktar að fela fjárhagsnefnd kirkjuþings, í tengslum við vinnslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022, að vinna að gerð áætlunar um fjölda starfa í vígðri þjónustu þjóðkirkjunnar. Áætlunin taki m.a. til starfa sóknarpresta og presta í prestaköllum, héraðspresta í prófastsdæmum og sérþjónustupresta. Þá verði einnig gert ráð fyrir mannaflaþörf vegna námsleyfa og afleysinga í öðrum leyfum.

Ráðningarbann verður áfram í gildi til 1. janúar 2022.



15. mál 2021-2022

Flutt af Gísla Gunnarssyni, Stefáni Magnússyni og Þuríði Björgu Wíium Árnadóttur.

### **Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna.**

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir að fela kirkjuráði/framkvæmdanefnd kirkjuþings að selja eftirtaldar fasteignir enda fáist viðunandi söluverð:

1. Árnes 1, Árneshreppi.
2. Voli, Flóahreppi.
3. Skeggjastaðir, Langanesbyggð.
4. Syðra-Laugaland, Eyjafjarðarsveit (íbúðarhús og lóð).
5. Brúnir (úr Syðra-Laugalandi), Eyjafjarðarsveit.
6. Hamrahlíð 12, Vopnafirði.
7. Hvammstangabraut 21, Hvammstanga.

### **II.**

Kirkjuþing samþykkir að fela fjárhagsnefnd, í samvinnu við framkvæmdanefnd kirkjuþings, að vinna að heildstæðri eignastefnu þjóðkirkjunnar og þar verði m.a. horft til þeirra skýrslu um fasteignamál þjóðkirkjunnar sem lögð var fram í 3. máli á yfirstandandi kirkjuþingi. Sérstaklega verði þar horft til þeirra flokkunar sem þar er gerð á fasteignum kirkjunnar. Sömuleiðis verði horft til þess, að almenna reglan verði sú, að prestssetrum í þéttbýli þar sem búa 500 manns eða fleiri verði fækkað þar sem slíkt er hægt vegna aðstæðna á fasteignamarkaði. Búi fleiri en 500 manns í þéttbýliskjarna getur kirkjuþing þó samþykkt að embættisbústaður skuli lagður til í eftirfarandi tilvikum:

- Þar sem aðstæður á fasteignamarkaði réttlæta slíkt
- Þar sem staðhættir, til að mynda eftir sameiningar prestakalla, réttlæta slíkt
- Þar sem söguleg eða menningarleg rök þykja mæla með því

Búi færri en 500 manns í þéttbýliskjarna getur kirkjuþing þó ákveðið að ekki skuli lagður til prestsbústaður þar, ef sérstök rök mæla með því, s.s. að nálægð sé við fjölmennari þéttbýlisstaði eða til að gæta samræmis innan sömu landsvæða.

### **III.**

Kirkjuþing samþykkir, að horft skuli til þess, að þegar eignir kirkjunnar eru seldar geta komið upp þær aðstæður að fjárhagslegir hagsmunir þjóðkirkjunnar og/eða landslög krefjist þess, að víkja þurfi frá því ákvæði 5. mgr. 4. gr. starfsreglna um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar þar sem segir:

Kirkjuráð skal auglýsa á almennum markaði allar fasteignir þjóðkirkjunnar, sem það hefur ákveðið að selja með samþykki kirkjuþings. Kirkjuráð skal taka hæsta tilboði eða hafna öllum.

Komi slíkar aðstæður upp skal slík undanþága heimil með samþykki framkvæmda-  
nefndar kirkjufings.

**Samþykkt á kirkjuþingi 23. nóvember 2021**

## **Starfsreglur um söfnuði og sóknarnefndir.**

### **I. KAFLI.**

#### **Söfnuðir og sóknir.**

##### **1. gr.**

Söfnuður er sjálfstæð félagsleg og fjárhagsleg grunneining Þjóðkirkjunnar og starfsvettvangur hennar á hverjum stað.

Söfnuður tengist öðrum söfnuðum innan sama prestakalls, ef um það er að ræða, með samstarfi eða á annan hátt sem héraðsfundur kann að mæla fyrir um eða einstakar sóknarnefndir stofna til. Þá tengjast söfnuðir öðrum söfnuðum innan prófastsdæmis með sameiginlegum héraðsfundi.

Söfnuður á tilteknu landsvæði myndar sókn. Ein eða fleiri sóknir mynda prestakall.

Sókn er félag þess fólks innan Þjóðkirkjunnar sem býr innan sóknarmarka.

Sóknarbörn eru allir þeir sem lögheimili eiga í sókn og eru skráðir í Þjóðkirkjuna.

Sóknarbörn eiga rétt á kirkjulegri þjónustu í sókn sinni og bera sameiginlega skyldur eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum eða með lögmæltum ákvörðunum.

### **II. KAFLI**

#### **Frumskyldur sóknar.**

##### **2. gr.**

Frumskyldur sóknar er helgihald, kærleiksþjónusta og fræðsla sem nærir og eflir trú sem starfar í kærleika. Til þess er haldið uppi:

- a. reglubundnum guðþjónustum og séð til þess að sóknarbörn eigi aðgang að sálgæslu í samtali, prédikun, sakramenti og fyrirbæn,
- b. reglubundnu fræðslustarfi um kristna trú og sið, og stuðningi við trúaruppeldi heimilanna með barnastarfi, fermingarfræðslu og æskulýðsstarfi,
- c. kærleiksþjónustu á vettvangi sóknarinnar og með aðild að hjálparstarfi og kristniboði kirkjunnar.

Þar sem ekki er unnt að halda uppi reglubundinni þjónustu, svo sem vegna fámennis, geta sóknir í sama prestakalli, eða á sama samstarfssvæði, sameinast um ofangreinda meginþætti safnaðarstarfs.

### **III. KAFLI**

#### **Safnaðarfundir.**

##### **3. gr.**

Aðalsafnaðarfund skal að jafnaði halda fyrir maílok ár hvert. Þar skulu rædd málefni sóknarinnar, þar á meðal þau mál sem lögmælt er að undir fundinn séu borin, svo og þau mál sem héraðsfundur, sóknarprestur, prófastur eða biskup Íslands skýtur þangað.

Aðalsafnaðarfundur er vettvangur starfsskila og reikningsskila af hendi sóknarnefndar og einstakra nefnda innan sóknarinnar.

Aðalsafnaðarfundur fer með ákvörðunarvald innan sóknarinnar í málum þeim sem undir fundinn heyra samkvæmt lögum eða lögmæltum ákvörðunum.

Aðra safnaðarfundu skal halda ef meiri hluti sóknarnefndar óskar þess eða einn fjórði hluti sóknarbarna sem atkvæðisrétt eiga á safnaðarfundum.

Sóknarbörn njóta kosningarréttar og kjörgengis á safnaðarfundum þegar þau eru fullra sextán ára.

#### 4. gr.

Sóknarnefnd boðar til aðalsafnaðarfundar með minnst viku fyrirvara og skal greina frá dagskrá fundarins í fundarboði. Sóknarnefnd skal í samráði við starfandi sóknarprest og/ eða starfandi prest boða til aðalsafnaðarfundar sóknarinnar. Fundinn skal auglýsa með þeim hætti sem venja er til um messuboð.

Þar skal taka fyrir eftirfarandi:

1. Gera grein fyrir starfsemi og rekstri sóknarinnar á liðnu starfsári.
2. Afgreiðslu reikninga sóknar og kirkjugarðs fyrir sl. ár, ásamt fjárhagsáætlun næsta árs.
3. Gera grein fyrir starfsemi héraðsnefndar og héraðsfundi.
4. Ákvörðun um meiriháttar framkvæmdir og framtíðarskuldbindingar.
5. Kosning tveggja skoðunarmanna eða endurskoðanda sóknar og kirkjugarðs og varamanna þeirra til árs í senn.
6. Kosning sóknarnefndar, sbr. 6. gr. starfsreglna þessara.
7. Kosning í aðrar nefndir, ráð og trúnaðarstörf.
8. Önnur mál.

### IV. KAFLI

#### **Skipun sóknarnefnda.**

#### 5. gr.

Í hverri kirkjusókn er sóknarnefnd sem starfar undir forystu sóknarnefndarformanns í nánú samstarfi við sóknarprest

Aðalsafnaðarfundur kýs sóknarnefndarmenn og varamenn til fjögurra ára í senn.

Sóknarnefnd starfar í umboði safnaðarins og ber ábyrgð gagnvart honum.

Sóknarnefnd starfar á grundvelli laga um Þjóðkirkjuna, starfsreglna og samþykktu kirkjuþings.

#### 6. gr.

Sóknarnefnd skal skipuð leikmönnum. Leikmaður telst sá sem ekki hefur tekið vígslu til prests eða djákna.

Sóknarnefndarmenn eru þrír í sóknum þar sem sóknarbörn eru færri en 300, en ella fimm, þó svo að þegar sóknarbörn eru 1.000 hið fæsta mega sóknarnefndarmenn vera sjö og níu ef sóknarbörn eru 4.000 eða fleiri, allt miðað við 1. desember næstliðinn.

Fjölga skal sóknarnefndarmönnum, ef því er að skipta, á næsta aðalsafnaðarfundum þegar kjör sóknarnefndarmanna á fram að fara, eftir að þeir verða 1.000 eða 4.000 hið fæsta. Nú fækkar sóknarmönnum niður fyrir greind mörk og ákveður aðalsafnaðarfundur þá hvort fækka skuli sóknarnefndarmönnum.

Kjósa skal a.m.k. jafnmarga varamenn og aðalmenn eru og taka þeir sæti í forföllum aðalmanna eftir þeirri röð sem þeir voru kosnir í. Heimilt skal sóknarnefnd að kveðja varamenn sér til liðsinnis þegar hún telur ástæðu til. Nú forfallast aðalmaður varanlega og skal þá kosinn nýr aðalmaður út kjörtímabil sóknarnefndar.

Á tveggja ára fresti skal nokkur hluti kjörinna aðalmanna og varamanna ganga úr nefndinni, sem hér segir:

Árið 2023 skulu einn af þremur, tveir af fimm, þrír af sjö og fjórir af níu kjörinna aðalmanna og varamanna ganga úr nefndinni og ræður hlutkesti, nema samkomulag sé innan nefndarinnar.

Árið 2025 skulu tveir af þremur, þrír af fimm, fjórir af sjö og fimm af níu ganga úr nefndinni og ræður hlutkesti, nema samkomulag sé innan nefndarinnar.

Skal síðan kosið um hluta sóknarnefndar á tveggja ára fresti eftirleiðis í samræmi við 4. og 5. mgr. ákvæðis þessa.

### **Verkaskipti sóknarnefndarmanna.**

#### **7. gr.**

Sóknarnefnd skiptir með sér verkum formanns, gjaldkera og ritara í röðum aðalmanna þegar eftir að kjör í sóknarnefnd hefur farið fram. Sóknarnefnd ákveður hver skuli vera fyrsti og annar varaformaður er komi úr röðum aðalmanna. Þriðji varaformaður er sá varamaður sem fyrst tekur sæti sem aðalmaður eftir þeirri röð sem varamenn voru kosnir í.

Sóknarnefnd ákveður að öðru leyti um verkaskipti og varamenn aðalmanna eftir því sem þurfa þykir.

Sóknarnefnd er heimilt að kjósa úr sínum hópi framkvæmdanefnd er starfi á milli funda sóknarnefndar. Sóknarnefnd getur ákveðið að kjósa einnig varamenn í framkvæmdanefnd og í hvaða röð þeir taka sæti.

Víki öll sóknarnefnd aðalmanna sæti, skiptir sóknarnefnd, skipuð varamönnum, verkum eins og þurfa þykir. Fyrsti varamaður skal þó gegna stöðu formanns.

Sóknarnefnd kýs safnaðarfulltrúa og varamann hans og ákveður verkefni er hann hafi með höndum.

### **V. KAFLI**

#### **Hlutverk sóknarnefnda.**

#### **Guðsþjónusta, helgihald, trúfræðsla og rekstur.**

#### **8. gr.**

Í hverri kirkjusókn er sóknarnefnd sem styður kirkjulegt starf í sókninni ásamt sóknarpresti og starfsmönnum sóknarinnar og annast rekstur og framkvæmdir á vegum sóknarinnar.

Sóknarnefnd skal starfa undir forystu sóknarprests og með hliðsjón af erindisbréfi hans

við mótun og skipulag kirkjulegs starfs safnaðarins og standa fyrir guðsþjónustuhaldi safnaðarins, trúfræðslu og kærleiksþjónustu.

Sóknarnefnd er ásamt sóknarpresti í fyrirsvari fyrir sóknina gagnvart stjórnvöldum, og einstökum mönnum og stofnunum. Hún hefur umsjón með kirkju safnaðarins og safnaðarheimili.

Sóknarnefnd skal gæta réttinda kirkju og gera prófasti viðvart ef út af bregður.

#### 9. gr.

Helstu störf sóknarnefndar eru sem hér segir:

1. Hafa ásamt prestum og í samráði við annað starfsfólk safnaðarins, eftir því sem við á, forgöngu um kirkjulegt starf á vegum sóknarinnar.
2. Fjárstjórn sóknarinnar.
3. Umsjón og gæsla eigna sóknarinnar.
4. Sjá til þess að viðunandi húsnæði og búnaður sé til guðsþjónustuhalds og annars safnaðarstarfs í sókninni.
5. Að sjá til þess að skráðir kirkjugripir og minningamörk séu verndaðir skv. ákvæðum laga um menningarminjar nr. 80/2012, með síðari breytingum.
6. Ráða starfsfólk sóknar í samráði við sóknarprest.
7. Önnur verkefni sem aðstæður í sókninni kunna að útheimta.
8. Val kjörfulltrúa vegna kosninga til kirkjuþings og kjörs biskups Íslands og vígslubiskupa.

#### Fundir sóknarnefnda.

##### 10. gr.

Sóknarnefnd heldur formlega fundi með reglulegum hætti þar sem málefni sóknarinnar eru til umræðu og ákvörðunar.

Formaður boðar fundi í sóknarnefnd og stýrir þeim og er fundur ályktunarfær ef meiri hluti nefndarmanna sækir fundinn.

Sóknarprestur og aðrir prestar í prestakallinu skulu að jafnaði sitja sóknarnefndarfundi og sóknarprestur fundi framkvæmdanefndar ef hún starfar. Enn fremur aðrir starfsmenn sóknarinnar ef málefni þeirra eru sérstaklega til umræðu á fundinum. Sóknarnefnd skal fylgja vanhæfisreglum gildandi starfsreglna um þingsköp kirkjuþings hverju sinni um meðferð einstakra mála.

##### 11. gr.

Allir fundir sóknarnefndar sem og safnaðarfundir skulu bókaðir og staðfestir af fundarmönnum. Þá skal sóknarnefnd gæta þess að varðveita og skrá bréf, bækur og skjöl er snerta kirkjuna og starfsemi hennar. Um vörslu þessara gagna skal fara í samræmi við gildandi lög hverju sinni.

##### 12. gr.

Sóknarnefnd getur skipað nefndir úr sínum hópi eða utan hans til að fjalla um einstök

málefni. Slíkar nefndir starfa á ábyrgð og í umboði sóknarnefndar sem setur þeim jafnframt verklagsreglur eða erindisbréf.

### **Rekstur og fjármál.**

#### 13. gr.

Sóknarnefnd skal í samráði við sóknarprest gera fjárhagsáætlun fyrir hvert almanaksár og hafa þar m.a. hliðsjón af starfsáætlun sóknarprests, annarra presta og annarra starfsmanna sóknarinnar. Fjárhagsáætlunin skal lögð fram á aðalsafnaðarfundi til kynningar og afgreiðslu.

Sóknarnefnd, sóknarpresti og öðrum prestum ber síðan að sinna verkefnum sínum og halda uppi starfsemi á grundvelli samþykkrar fjárhagsáætlunar.

#### 14. gr.

Við ráðstöfun fjármagns sóknarinnar til skamms eða langs tíma skal ávallt gæta þess að fjárskuldbindingar vegna framkvæmda komi sem minnst niður á almennu kirkjustarfi. Eigi að ráðast í miklar fjárfestingar eins og smíði nýrrar kirkju, safnaðarheimilis eða hljóðfæra kaup skal sóknarnefnd greina úthlutunarnefnd kirkjuþings, sbr. gildandi starfsreglur um fjármál kirkjunnar hverju sinni, skriflega frá áformum sínum um framkvæmdir og fjármögnun.

Sóknarnefnd er hvorki heimilt að greiða laun vegna prestsverka né styrkja það sem fellur undir starfskostnað presta og prófaste, samkvæmt gildandi reglum eða kjarasamningum hverju sinni. Þó er sóknarnefnd heimilt að leggja starfandi prestum til skrifstofuáðstöðu ef sóknin hefur bolmagn til þess án þess að það bitni á safnaðarstarfinu.

Ef fjárhag sókna er stefnt í tvísýnu með miklum hallarekstri eða skuldasöfnun þannig að það hamli eðlilegu safnaðarstarfi, eða er óstarfhæf, er framkvæmdanefnd kirkjuþings heimilt að grípa inn í reksturinn, t.d. með skipun fjárhaldsmanns eða eftirlitsnefndar.

#### 15. gr.

Sóknarnefnd er óheimilt að efna til fjárskuldbindinga með persónulegum ábyrgðum einstaklinga.

#### 16. gr.

Sóknarnefnd getur ekki veðsett eignir sóknarinnar nema með samþykki safnaðarfundar.

#### 17. gr.

Sóknarnefnd sér til þess að bókhald sé fært í samræmi við lög og noti samræmt reikningsform við uppsetningu ársreiknings, sem rekstrarskrifstofa Þjóðkirkjunnar leggur til.

#### 18. gr.

Sóknarnefnd sér til þess að ársreikningur sóknar sé gerður fyrir hvert almanaksár. Ársreikningurinn skal áritaður af sóknarnefnd, endurskoðaður af kjörnum skoðunarönnum eða endurskoðanda og lagður fram á aðalsafnaðarfundi til kynningar og af-

greiðslu og síðan sendur rekstrarskrifstofu Þjóðkirkjunnar. Heimilt er framkvæmdanefnd kirkjuþings að fela próföstum að kalla eftir ársreikningum sókna.

Framkvæmdanefnd kirkjuþings getur ákveðið lokafrest sem sóknir hafa til að skila ársreikningi. Sé ársreikningi ekki skilað innan tilskilins frests getur nefndin óskað eftir að sóknargjald viðkomandi sóknar renni inn á sérgreindan biðreikning Þjóðkirkjunnar. Sóknargjald greiðist sókninni þegar löglegum ársreikningi hefur verið skilað.

#### 19. gr.

Ef sóknarnefnd fer með stjórn kirkjugarðs, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993, skal halda fjárhag kirkjugarðs algerlega aðgreindum frá fjárhag sóknar.

### **Starfsmannamál.**

#### 20. gr.

Sóknarnefnd, í samráði við sóknarprest, ræður starfsmenn sóknarinnar.

#### 21. gr.

Auglýsa skal laus störf hjá sókninni með tveggja vikna umsóknarfresti hið minnsta. Auglýsing skal birtast í prentuðum fjölmiðli og á vef kirkjunnar.

Í auglýsingu skal m.a. tiltekið:

- a) hvernig ráðningarkjör eru,
- b) hvenær umsóknarfrestur rennur út,
- c) hvert umsóknin skuli send,
- d) að veitt sé heimild til að afla sakarvottorðs.

#### 22. gr.

Ráðningarsamningur starfsmanna skal vera skriflegur og með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti, en mánaðar uppsagnarfresti á fyrstu þremur mánuðum í starfi. Sóknarnefnd í samráði við sóknarprest semur starfslýsingu fyrir þessa starfsmenn.

#### 23. gr.

Óheimilt er að ráða til starfa einstakling til að sinna börnum og ungmönnum undir 18 ára aldri, sem hlotið hefur refsídóm vegna brota á eftirtöldum lagabálkum: barnaverndarlögum, nr. 80/2002 almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, þ.e.: kynferðisbrot skv. 22. kafla, önnur ofbeldisbrot skv. 23. kafla, þó einungis refsíðoma síðustu fimm ár vegna brots skv. 217. gr. um minniháttar líkamsmeiðingar, brot gegn frjálrsræði manna skv. 24. kafla fíkniefnabrot skv. 173. gr. a., lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, þ.e. refsídóm síðustu fimm ár.

Ofangreint ákvæði nær einnig til sjálfboðaliða sem starfa með börnum og ungmönnum undir 18 ára aldri hjá sókn. Sóknarnefnd skal óska eftir samþykki allra, sem sækjast eftir starfi, launuðu, sjálfboðnu eða í verktöku, til þess að fá aðgang að upplýsingum úr sakaskrá viðkomandi hvað varðar ofangreindar tegundir brota. Synji umsækjandi um heimild er óheimilt að ráða hann til starfa.



Hafa ber hliðsjón af starfsreglum um djákna og organista við gerð ráðningarsamninga við þá og starfslýsinga, svo og samþykktum stefnumálum kirkjuþings sem varða starfssvið þeirra sérstaklega.

24. gr.

Ef upp kemur ágreiningur um störf starfsmanna innan sóknar, sem ekki tekst að leysa þar á vettvangi, skal vísa málinu til prófasts.

VI. KAFLI.

**Gildistaka.**

25. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um Þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. janúar 2022. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um sóknarnefndir nr. 1111/2011, með síðari breytingum.

**Samþykkt á kirkjuþingi 27. október 2021.**

17. mál 2021-2022

Flutt af Flutt af Svönu Helen Björnsdóttur, Gísla Jónassyni, Einari Má Sigurðarsyni, Þorkeli Heiðarssyni, Hermanni Ragnari Jónssyni, Hreini Hákonarsyni og Skúla Ólafssyni

**Þingsályktun  
um greiningu á áhrifum skipulagsbreytinga á sóknir þjóðkirkjunnar.**

Kirkjuþing 2021-2022 ályktar að skipa nefnd þriggja manna til að greina áhrif skipulagsbreytinga á sóknir þjóðkirkjunnar sem leiðir af nýjum lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021. Nefndin skili kirkjuþingi 2023-2024 niðurstöðum sínum.

**Samþykkt á kirkjuþingi 28. mars 2022**

Kirkjuþing 2021-2022 kaus þann 28. mars 2022 eftirtalda í nefndina:

Svana Helen Björnsdóttir, formaður

Árný Herbertsdóttir

Konráð Gylfason

18. mál 2021-2022  
Flutt af Hjalta Hugasyni.

**Málið var dregið til baka.**

**Tillaga að starfsreglum um vígslubiskupa.**

1. gr.

Biskupsdæmi Íslands skiptist í tvö vígslubiskupsumdæmi, Skálholtsumdæmi og Hóla-umdæmi.

Umdæmi vígslubiskups í Skálholti nær yfir eftirtalin prófastsdæmi:

Suðurprófastsdæmi.

Kjalarnessprófastsdæmi.

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.

Vesturlandsprófastsdæmi.

Vestfjarðaprófastsdæmi.

Umdæmi vígslubiskups á Hólum nær yfir eftirtalin prófastsdæmi:

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Austurlandsprófastsdæmi.

2. gr.

Þjónandi prestar og djáknar í hvoru vígslubiskupsumdæmi fyrir sig kjósa vígslubiskup úr röðum presta sem þjóna í umdæminu.

Vígslubiskupar gegna áfram prestsþjónustu sinni á þeim kjörum sem um hana gilda.

Nú lætur vígslubiskup af prestsembætti eða hlýtur prestsstarf utan umdæmis síns. Skal þá kjósa nýjan vígslubiskup.

3. gr.

Um kjör vígslubiskupa fer samkvæmt starfsreglum um kosningu biskups Íslands eftir því sem við getur átt.

4. gr.

Sá vígslubiskup sem eldri er að biskupsvígslu vígir biskup Íslands er svo stendur á að fráfarandi biskup getur eigi gert það.

5. gr.

Vígslubiskup sá sem eldri er að biskupsvígslu gegnir störfum biskups Íslands í forföllum hans, að því marki sem nauðsyn krefur.

6. gr.

Vígslubiskupar vígja presta, djákna, kirkjur og kapellur og fremja önnur biskupsverk hvor í sínu umdæmi í forföllum biskups Íslands eða þegar biskup felur þeim það hlutverk.

7. gr.

Vígslubiskupar hljóta greiðslu fyrir þau embættisverk sem þeim eru falin samkvæmt 4.-6. gr. auk greiðslu útlagðs kostnaðar.

Þóknunarnefnd þjóðkirkjunnar ákvarðar greiðslur fyrir embættisverk vígslubiskupa.

8. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. janúar 2022.

Ákvæði til bráðabirða.

Núverandi vígslubiskupar skulu áfram gegna skyldum vígslubiskupa samkvæmt eldri starfsreglum út skipunartíma sinn.

Áður en skipunartími hvors um sig rennur út skal bjóða þeim án auglýsingar starf sóknarprests innan umdæmis síns. Eftir það gegna þeir skyldum sínum á grundvelli þessara reglna.

19. mál 2021-2022  
Flutt af biskupi Íslands.

**Málið var dregið til baka.**

**Tillaga að starfsreglum um vígslubiskupa.**

1. gr.

Biskupsdæmi Íslands skiptist í tvö vígslubiskupsumdæmi, Skálholtsumdæmi og Hólaumdæmi.

Umdæmi vígslubiskups í Skálholti nær yfir eftirtalin prófastsdæmi:

Suðurprófastsdæmi.

Kjalarnessprófastsdæmi.

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.

Vesturlandsprófastsdæmi.

Vestfjarðaprófastsdæmi.

Umdæmi vígslubiskups á Hólum nær yfir eftirtalin prófastsdæmi:

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Austurlandsprófastsdæmi.

2. gr.

Vígslubiskupar starfa í umboði biskups Íslands og eftir þeirri kirkjulegu skipan sem segir í lögum og samþykktum kirkjuþings.

Vígslubiskup veitir andlega leiðsögn og tilsjón innan kirkjunnar í umdæmi sínu, eflir kirkjulíf, vísiterar söfnuði og annast sáttaumleitanir.

3. gr.

Vígslubiskup sá, sem eldri er að biskupsvígslu, er staðgengill biskups Íslands í forföllum og leyfum biskups. Vígslubiskup, sem yngri er að biskupsvígslu, er annar staðgengill.

4. gr.

Vígslubiskupi ber að starfrækja starf sitt á grundvelli fjárhagsáætlunar kirkjuþings.

5. gr.

Vígslubiskupar bera ábyrgð á uppbyggingu biskupsstólanna eftir því umboði sem kirkjuþing veitir. Þeir eru kirkjuþingi til stuðnings og samráðs í málefnum biskupsstólanna svo og öðrum kirkjulegum stjórnvöldum og koma fram í nafni staðanna og umdæmanna eftir því sem við á.

Vígslubiskupar bera ábyrgð á helgihaldi dómkirkna sinna í samráði við viðkomandi sóknarprest.

Vígslubiskup í Skálholti er formaður áheitasjóðs Þorláks helga og formaður Þingavalla-kirkjunefndar. Hann starfar með stjórn Skálholts og stjórn Skálholtsfélagsins nýja, Verndarsjóði Skálholtsdómkirkju, stjórn Sumartónleika í Skálholti og öðrum aðilum sem starfa í Skálholti.

Vígslubiskup á Hólum er formaður Hólanefndar, sem ber ábyrgð á Hóladómkirkju og Auðunarstofu. Hann er formaður stjórnar Guðbrandsstofnunar sem er samstarfsvettvangur Þjóðkirkjunnar, Háskólans á Hólum og Háskóla Íslands um menningarstarfsemi á Hólum.

#### 6. gr.

Vígslubiskup á sæti í ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni.

Vígslubiskup situr biskupafund sem biskup Íslands kallar til skv. starfsreglum um biskupafund.

Vígslubiskup situr almenna prestastefnu.

Vígslubiskup situr kirkjuþing með málfrelsi og tillögurétt.

Vígslubiskup situr prófastafund sem biskup Íslands boðar.

Vígslubiskup situr fundi nefnda og ráða á vegum kirkjuþings þegar málefni viðkomandi biskupsstóls eða embættis eru rædd.

Vígslubiskup skal sitja héraðsfundi í umdæmi sínu sem prófastur boðar til.

#### 7. gr.

Vígslubiskup skal annast sáttaumleitanið í umdæmi sínu þegar trúnaðarmönnum eða starfsmönnum kirkjunnar, launuðum jafnt og ólaunuðum, vígðum jafnt og leikum, hefur ekki tekist að jafna ágreining sín á milli og sættir hafa ekki tekist í meðförum prófasts eða hann sagt sig frá málinu. Honum er heimilt að kalla til aðstoðar fagfólk á sviði sem ágreiningsmál varðar.

Vígslubiskup skilar biskupi Íslands álitni að sáttaumleitan lokinni.

#### 8. gr.

Vígslubiskupar skulu hvor um sig hafa fasta búsetu í umdæmum sínum á hinum fornu stólum í Skálholti í Biskupstungum og á Hólum í Hjaltadal.

#### 9. gr.

Vígslubiskup veitir úrlausn í málum sem prófastar vísa til hans.

#### 10. gr.

Vígslubiskup er biskupi Íslands til aðstoðar um kirkjuleg málefni. Hann annast biskupsverk að ósk biskups Íslands og í umboði hans, svo sem að vígja presta, djákna, kirkjur og kapellur.

Vígslubiskup hefur í umboði biskups Íslands tilsjón með að stefnumörkun kirkjunnar sé framfylgt hvað varðar helgihald, boðun, fræðslu og kærleiksþjónustu kirkjunnar í umdæmi sínu.

Vígslubiskup hefur tilsjón með starfsmannahaldi einkum hvað varðar handleiðslu,

símenntun og sálgæslu presta og starfsmanna kirkjunnar í umdæminu og beitir sér í þeim efnum ef tilefni er til.

11. gr.

Vígslubiskup vísiterar prestaköll og söfnuði í umdæmi sínu eftir áætlun biskupafundar. Vísitasía vígslubiskups beinist einkum að innri þáttum kirkjulífs, hinni vígðu þjónustu, helgihaldi, boðun, sálgæslu og safnaðarstarfi.

12. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, taka gildi 1. janúar 2022. Jafnframt falla úr gildi starfsreglur um vígslubiskupa nr. 968/2006, með síðari breytingum.

20. mál 2021-2022

Flutt af biskupi Íslands.

### **Málið var dregið til baka.**

#### **Tillaga að starfsreglum um biskupafund.**

1. gr.

Biskup Íslands boðar vígslubiskupa til biskupafundar og stýrir honum.

2. gr.

Biskupafundur er haldinn ársfjórðungslega og oftár ef þurfa þykir.

3. gr.

Biskupafundur fjallar um málefni sem starfsreglur, ályktanir og samþykktir kveða á um varðandi trú og kenningu kirkjunnar, helgisiði og helgihald. Biskupafundur býr mál er varða trú, kenningu, helgisiði og helgihald í hendur kirkjuþings.

Biskupafundur er haldinn til samráðs um biskupsþjónustuna og upplýsinga um málefni kirkju og kristni.

4. gr.

Biskupafundur skipuleggur vísitásiur biskups Íslands og vígslubiskupa og gerir samræmda áætlun um þær.

5. gr.

Biskupafundur endurskoðar skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma.

Biskupafundur gerir tillögur um þau efni á grundvelli starfsreglna, þingsályktana og stefnumörkunar kirkjuþings og býr mál er varða breytingar í þeim efnun í hendur kirkjuþings.

Biskupafundur fjallar auk þess um allar tillögur um þessi efni sem kunna að berast og býr þær til flutnings á kirkjuþingi.

6. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 öðlast gildi 1. janúar 2022. Jafnframt falla brott starfsreglur um biskupafund nr. 964/2006 frá sama tíma.



21. mál 2020-2021

Flutt af Gísla Jónassyni.

### **Málið var dregið til baka.**

#### **Tillaga að starfsreglum um prófasta.**

##### 1. gr.

Biskupsdæmi Íslands skiptist í níu prófastsdæmi:

Suðurprófastsdæmi.

Kjalarnessprófastsdæmi.

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.

Vesturlandsprófastsdæmi.

Vestfjarðarprófastsdæmi.

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Austurlandsprófastsdæmi.

##### 2. gr.

Í hverju prófastsdæmi er ráðinn prófastur sem er trúnaðarmaður biskups og ráðgjafi í kirkjulegum málum og hefur í umboði biskups Íslands tilsjón með kirkjulegu starfi í prófastsdæminu, embættisfærslum presta, þjónustu presta og djákna og starfi sóknarnefnda. Hann er ráðgjafi og tilsjónarmaður þessara aðila og hefur aga- og stjórnunarvald í umboði biskups Íslands.

Heimilt er að ráða prófast til að hafa umsjón með tilteknum þáttum kirkjulegrar þjónustu óháð mörkum prófastsdæma, svo sem sérþjónustu kirkjunnar. Sé það ekki gert skal þjónustan heyra undir umsjón Reykjavíkurprófastsdæmis vestra með þeirri undantekningu, að prestur innflytjenda og þjónusta við alþjóðlega söfnuðinn skal heyra undir umsjón Reykjavíkurprófastsdæmis eystra.

Þegar prófastur hefur verið valinn skal biskup sjá um að hann hljóti þjálfun til starfsins, sem m.a. annars felur í sér kynningu á starfsskyldum prófasts og þeim starfsreglum sem um þjónustuna gilda. Einnig skal hann fá þjálfun í sálgæslu, samtalstækni, handleiðslu og sáttamiðlun eftir því sem við getur átt. Prófastur skal njóta reglulegrar handleiðslu samkvæmt ákvörðun biskups Íslands. Sömu leiðis skal biskup sjá próföstum fyrir námskeiðum og annarri endurmenntun eftir því sem þurfa þykir.

Biskup setur hverjum prófasti erindisbréf.

##### 3. gr.

Komið skal upp fastri starfsaðstöðu prófasts í hverju prófastsdæmi í samráði við héraðsnefnd.

Skrifstofa prófasts skal staðsett á þeim stað sem best þykir henta vegna þjónustunnar í hverju prófastsdæmi í samráði við héraðsnefnd.

#### 4. gr.

Prófastsdæmin eru flokkuð í þrjá flokka eftir mannfjölda og umfangi:

A flokkur: Reykjavíkurrófastsdæmi vestra, Reykjavíkurrófastsdæmi eystra og Kjalar-nessrófastsdæmi. Í þessum prófastsdæmum skulu vera héraðsprestar eftir aðstæðum í fullu- eða hlutastarfi.

B flokkur: Eyjafjarðar- og Þingeyjarrófastsdæmi og Suðurrófastsdæmi. Í þessum prófastsdæmum eru að jafnaði ekki héraðsprestar nema biskup meti sérstaka þörf fyrir slíka þjónustu. Sömuleiðis geta prestar prófastsdæmisins gengt ákveðnum héraðsprestsskyldum auk prófastanna.

C flokkur: Vesturlandsrófastsdæmi, Vestfjarðarófastsdæmi, Húnavatns- og Skagafjarðarófastsdæmi og Austfjarðarófastsdæmi. Í þessum prófastsdæmum eru ekki héraðsprestar en prestar prófastsdæmisins geta auk prófastanna gegnt ákveðnum héraðsprestsskyldum.

Í A og B flokkum er embætti prófasts að jafnaði fullt starf en í flokki C skal prófastur einnig gegna annarri prestsþjónustu og/eða öðrum viðbótarskyldum samkvæmt nánari ákvörðun biskups.

#### 5. gr.

Embætti prófasts skal auglýst með sambærilegum hætti og önnur prestsembætti.

Gerðar skulu sérstakar hæfniskröfur sem lúta að þekkingu og reynslu af stjórnunar- og skipulagsstörfum, sem og af handleiðslu, sálgæslu og öðrum mannauðsmálum.

Biskup ræður prófast úr hópi umsækjenda að fenginni umsögn þriggja manna ráðgjafanefndar sem er skipuð einum fulltrúa biskups Íslands, einum fulltrúa guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands og einum fulltrúa tilnefndum af Prófastafélagi Íslands. Einnig getur biskup leitað umsagnar þjónandi presta, djákna og formanna sóknarnefnda í prófastsdæminu.

#### 6. gr.

Biskup setur annan prest í prófastsdæminu eða nágrannaprófast til að gegna prófastsembætti um stundarsakir ef sérstaklega stendur á svo sem vegna lengri fjarveru, leyfis eða veikinda prófasts, prófasts missir við, eða er veitt lausn um stundarsakir.

Annars leysir prestur, kosinn í héraðsnefnd, prófast af í hefðbundnum fríum og til vara varamaður hans í héraðsnefnd.

#### 7. gr.

Reglur um sérstakt hæfi kirkjuþingsfulltrúa gilda um störf prófasta. Biskup sker úr um hvort um vanhæfi er að ræða. Víki prófastur sæti í tilteknu máli vegna vanhæfis setur biskup prófast til að fara með málefni það sem um er að tefla.

#### 8. gr.

Prófastur fylgist með því að réttur kirkjunnar sé virtur í hvívetna.

Prófastur er, sem fulltrúi biskups Íslands í prófastsdæminu, leiðtogi vígðra þjóna prófastsdæmisins.

Prófastur skal eiga regluleg starfsmannasamtöl við vígða þjóna prófastsdæmisins eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Hann skal eiga reglulega fundi með prestum, djáknum, sóknarnefndarformönnum og öðru starfsfólki safnaðanna, eftir því sem við getur átt. Þá ber honum að sjá til þess að prestar og djáknar njóti handleiðslu og annars þess stuðnings í starfi sem þörf er á.

Prófastur beitir sér fyrir námskeiðahaldi til fræðslu fyrir presta, starfsfólk safnaða og aðra sem taka þátt í starfi kirkjunnar. Hafa skal samráð við önnur prófastsdæmi um námskeiðahald ef henta þykir.

Prófastur fylgir eftir stefnumörkun og samþykktum kirkjuþings er varðar kirkjulegt starf í prófastsdæminu.

Prófastur er í fyrirsvari fyrir prófastsdæmið að því er varðar sameiginleg málefni þess, gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum.

Prófastur varðveitir embættisbækur og önnur gögn prófastsdæmisins tryggilega.

#### 9. gr.

Biskup Íslands getur falið prófasti einstök mál sem varða kirkjulegt starf.

Prófastur veitir biskupi og vígslubiskupi umdæmisins eftir því sem við getur átt, þá aðstoð, sem þeir óska eftir. Prófastur aðstoðar biskup og vígslubiskup við undirbúning og framkvæmd vísitásiu þeirra og fylgir þeim um prófastsdæmið á vísitásiuferðum.

#### 10. gr.

Prófastur kemur að vali prests, sbr. 6. mgr. 7. gr og veitir jafnframt liðsinni sitt við almennar prestskosningar, ef kjörstjórn fer þess á leit, sbr. 3. mgr. 14. gr. um ráðningu í preststörf og starfslok nr. 144/2016, með síðari breytingum.

#### 11. gr.

Prófastur sér til þess, í umboði biskups Íslands, að sóknarbörn njóti þeirrar prestsþjónustu sem þeim ber. Hann skipuleggur afleysingaþjónustu vegna vikulegs frídags, skammvinnra veikinda og sumarleyfa presta í prófastsdæminu. Hann annast um viðveruskyldu og skipulag bakvakta, m.a. í ljósi viðbragðaáætlunar kirkjunnar við hópslysum. Prófastur sér til þess að vígðir þjónar kirkjunnar í prófastsdæminu njóti tilskilinna réttinda s.s. til orlofs og námsleyfa.

#### 12. gr.

Prófastur stýrir samstarfi presta um kirkjulega þjónustu í prófastsdæminu, m.a. þjónustu á sjúkrastofnunum og dvalarheimilum aldraðra.

#### 13. gr.

Prófastur sér til þess að gert sé skriflegt samkomulag um skiptingu starfa milli presta þar sem fleiri en einn prestur þjónar í prestakalli.

14. gr.

Prófastur skipuleggur starf héraðsprests í samráði við biskup og héraðsnefnd. Héraðsprestur starfar undir stjórn prófasts.

15. gr.

Prófastur setur nýja presta í embætti og afhendir þeim embættisbækur og gögn að boði biskups.

Prófastur ber ábyrgð á síðari hluta starfsþjálfunar eftir að óvígður kandídat hefur fengið embætti í prófastsdæmi hans, sbr. 4. gr. í starfsreglum um þjálfun prestsefna nr. 788/2002, með síðari breytingum.

16. gr.

er formaður héraðsnefndar, sbr. 8. gr. starfsreglna um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 982/2020. Hann tekur við erindum og fyrirspurnum til úrlausnar og annast að öðru leyti þá stjórnáslu sem honum er falin samkvæmt starfsreglunum.

17. gr.

Prófastur er formaður stjórnar héraðssjóðs, sbr. 11. gr. starfsreglna um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 982/2020.

Prófastur hefur vörslur og annast gjafa- og líknarsjóði í prófastsdæmi ef því er að skipta og gerir árlega reikningsskil til kjörinna endurskoðenda.

18. gr.

Prófastur fer, ásamt biskupi Íslands, með yfirstjórn kirkjugarða í prófastsdæminu, sbr. lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993, með síðari breytingum, og sinnir öðrum lögboðnum skyldum samkvæmt þeim lögum.

19. gr.

Prófastur annast um þær úttektir í prófastsdæminu sem hér greinir:

- a) Úttekt á nýbyggðri kirkju og eignum hennar svo og þegar kirkja hefur verið endurbyggð.
- b) Úttekt á kirkju þegar hún hefur verið afhent söfnuði.
- c) Úttekt á prestssetri við starfslok sóknarprests eða prests og við afhendingu prestsseturs til viðtakandi sóknarprests, prests eða þjóðkirkjunnar.
- d) Úttekt á prestssetri þegar gagngerar endurbætur hafa átt sér stað þar eða þegar þess er óskað af lögbærum aðilum.
- e) Úttekt á kirkju, sem lögð er niður eða réttarstöðu hennar er breytt, sbr. starfsreglur um kirkjur og safnaðarheimili.

20. gr.

Prófastur hefur tilsjón með prestssetrum, kirkjum, kirkjueignum og kirkjugörðum og grafreitum. Í eftirlitsskyldu prófasts felst að hann gætir þess að réttindi gangi ekki

undan, að umgengni sé góð og að rekstur og öll meðferð og afnot eigna séu við hæfi og samkvæmt lögum og reglum. Prófastur beitir sér fyrir því að hlutaðeigandi vörslumaður eða umráðandi bæti úr ef annmarkar þykja vera á meðferð réttinda og eigna samkvæmt framanskráðu. Ef tilmælum prófasts er ekki sinnt sendir prófastur biskupi málið til úrlausnar.

#### 21. gr.

Prófastur vísiterar prestaköll, söfnuði, kirkjur, kapellur, kirkjugarða og grafreiti reglubundið. Við skipulag vísitasía sinna gætir prófastur samræmis við ákvörðun biskupafundar um skipulag á vísitasíum biskups Íslands og vígslubiskupa. Prófastur vísiterar einnig þegar þess er sérstaklega óskað svo sem vegna meiri háttar framkvæmda á vegum safnaða eða vegna sérstakra viðburða svo sem kirkjuhátíða.

Prófastur heldur vísitasíubók sem varðveitir kirkjulýsingar og munaskrá og sendir biskupi endurrit úr henni að lokinni vísitasíu sem og fundargerðir.

#### 22. gr.

Á vísitasíum skal prófastur annast eftirlit með kirkjum og eignum þeirra, kapellum, kirkjugörðum, grafreitum og prestssetrum og geta um ástand þeirra. Prófastur skal kanna kirkjusókn, helgihald, sálgæslu, kærleikþjónustu, barna og æskulýðsstarf, fræðslumál og annað safnaðarstarf. Hann skal kanna samskipti presta, sóknarnefnda, starfsfólks og safnaðar. Hann skal hafa eftirlit með því að prestsþjónustubækur og gjörðabækur sóknarnefnda séu samviskusamlega færðar.

Prófastur skal styðja sérstaklega þá aðila, sem getið er í 3. málslíð 1. mgr. í þjónustu sinni og safnaðarstarfi. Hann skal veita þeim leiðsögn og hvatningu og leiðbeina um góða starfshætti. Prófastur annast um að misfellum í þeim efnum, sem getið er 1. mgr. sé komið í rétt horf og gera biskupi viðvart ef tilefni er til.

#### 23. gr.

Prófastur veitir kirkjustjórninni umsögn um tiltekin málefni ef óskað er eða vekur athygli kirkjustjórnar á málefni að eigin frumkvæði telji hann það nauðsynlegt, þ.m.t. mál er varða almennt framtíðarskipulag kirkjustarfs.

#### 24. gr.

Prófastur áritar prestþjónustubækur og gerðabók sóknarnefnda og safnaðarfunda, sbr. starfsreglur um sóknarnefndir.

#### 25. gr.

Prófasti er skylt að mæta á árlegan prófastafund er biskup boðar.

#### 26. gr.

Prófasti ber að annast um:

a) að biskupi Íslands berist árlega skýrslur úr öllum prestaköllum prófastsdæmisins,

- b) að biskupi berist ársreikningar sókna, kirkjugarða og þeirra kirkjumiðstöðva sem í prófastsdæminu eru,
- c) skýrslugerð og upplýsingamiðlun til kirkjustjórnarinnar,
- d) að halda skrá um allar sóknarnefndir og safnaðarfulltrúa, kjörnefndir og starfsmenn safnaða og gera biskupi viðvart um allar breytingar,
- e) að færa bréfabók,
- f) að halda vísitasíubók, sbr. 21. gr.
- g) staðfesta akstursbækur presta hafi biskup falið próföstum það.
- h) upplýsingamiðlun til sóknarprests og kjörprests um leysing sóknarbands og afturköllun hennar samkvæmt gildandi starfsreglum um sóknir og sóknarnefndir hverju sinni

#### 27. gr.

Prófastur skal annast sáttaumleitanir innan prófastsdæmisins þegar trúnaðarmönnum eða starfsmönnum, launuðum jafnt og ólaunuðum, vígðum jafnt og leikum, hefur ekki tekist að jafna ágreining sín á milli.

Prófastur skal ljúka sáttaumleitan sinni að jafnaði innan fjögurra vikna. Sé mál á hendi annarra kirkjulegra aðila á þeim tíma eða til meðferðar fyrir dómstólum skal prófastur ekki hafa frekari aðkomu að því.

Prófastur skal skila vígslubiskupi skriflegu álitni ef sættir takast ekki.

#### 28. gr.

Prófastur skal hafa eftirlit með því, að prestar skili embættisskýrslum til Þjóðskrár Íslands

#### 29. gr.

Prófastur tekur við og varðveitir skrá frá Minjastofnun Íslands um friðlýsta gripi hvernar kirkju og minningarmörk í kirkjugörðum, sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012, með síðari breytingu.

#### 30. gr

Ef starf prests getur fallið undir tvö eða fleiri prófastsdæmi, prestur starfar erlendis eða óljóst þykir að öðru leyti undir hvaða prófastsdæmi embætti fellur, ákveður biskup undir hvaða prófastsdæmi viðkomandi embætti heyrir.

#### 31. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/ 2021, öðlast gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar. Jafnframt falla brott starfsreglur um prófosta nr. 966/2006 frá sama tíma.

#### *Ákvæði til bráðabirgða:*

Öll prófastsstörf verða lögð niður í núverandi mynd frá og með 30. apríl 2022 og

nýir prófastar ráðnir samkvæmt starfsreglum þessum frá og með 1. maí 2022. Við þessa breytingu skal þess gætt að þeim próföstum sem nú gegna starfi verði boðið áframhaldandi starf samkvæmt hinum nýju starfsreglum.

Störf héraðspresta í Suður- og Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmum verða lögð niður með sama hætti, nema um annað verði samið.

22. mál 2021-2022

Flutt af Gísla Jónassyni, Hjalta Hugasyni, Hreini Hákonarsyni og Steindóri R. Haraldssyni.

**Þingsályktun um stofnun starfshóps til að skilgreina þörf fyrir presta og djákna vegna vígðrar grunnþjónustu þjóðkirkjunnar á landsvísu.**

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir að stofnaður verði 5 manna starfshópur er skilgreini þörfina fyrir þjónustu djákna, presta, prófafa og vígslubiskupa. Starfshópurinn starfi í samráði við biskupafund og njóti aðstoðar starfsfólks á biskupsstofu eftir því sem þörf krefur og aðstæður leyfa. Þá verði leitað áhlits vígðra þjóna, sóknarnefndarfólks og starfsfólks safnaða.

Starfshópurinn skili skýrslu til kirkjuþings 2022. Á grundvelli hennar verði endurskoðuð, eftir því sem við á, skipting landsins í starfseiningar, prófastsdæmi, prestaköll og/eða samstarfssvæði og horft verði til framtíðar.

Vinna þessi skal ekki koma í veg fyrir að einstakar breytingar verði gerðar á starfseiningum og/eða mönnun meðan á ofangreindri vinnu stendur.

**Samþykkt á kirkjuþingi 23. nóvember 2021**

*Eftirtalin voru kjörin í starfshópinn:*

Sr. Arna Grétarsdóttir

Hermann Ragnar Jónsson

Sr. Gísli Gunnarsson

Svana Helen Björnsdóttir

Sr. Þóra Björg Sigurðardóttir



23. mál 2020-2021.

Flutt af Berglindi Hönnudóttur og Þuríði Björgu Wium Árnadóttur.

### **Þingsályktun um hlutdeild ungs fólks í kirkjustarfi og stjórn Þjóðkirkjunnar á Íslandi.**

Kirkjuþing 2021-2022 ályktar að fylgja skuli eftir, hvað íslensku þjóðkirkjuna varðar, ályktun tólfta þings Lúterska heimssambandsins frá árinu 2017 um þátttöku ungs fólks í stjórn aðildarkirkna sambandsins.

Miða skal við að ungt fólk, þ.e. það sem er á aldrinum sextán til þrjátíu og fimm ára, sé að jafnaði minnst tuttugu hundraðshlutar þeirra innan hverrar skipulagsheildar þjóðkirkjunnar sem hverju sinni taka bindandi ákvarðanir, semja áætlanir, skipuleggja starfsemi og hafa kosningarrétt.

Verði því eigi við komið, að tryggja hlutdeild ungs fólks samkvæmt framanskráðu, skal veita fulltrúum þess eðlilegan rétt til áheyrnar, málfrelsis og framlagningar tillagna.

Kirkjuþing 2021 beinir því til biskups Íslands og forsætisnefndar kirkjuþings að fara yfir eigið skipulag og starfsemi, svo og þær nefndir og önnur fjölskipuð stjórnvöld, nefndir og ráð sem starfa á þeirra vegum og leggja fram á kirkjuþingi 2022, eftir því sem þurfa þykir, tillögur að nauðsynlegum breytingum á starfsreglum til að ná ofangreindum markmiðum. Ef við á verði verklagsreglum, skráðum jafnt sem óskráðum, eða öðrum sambærilegum heimildum breytt í sama skyni og þær breytingar kynntar kirkjuþingi 2022.

**Samþykkt á kirkjuþingi 27. október 2021**

24. mál 2021-2022

Flutt af Steindóri R. Haraldssyni

**Málið var dregið til baka.**

**Tillaga til þingsályktunar um miðlæga símaþjónustu þjóðkirkjunnar.**

Kirkjuþing ályktar að fela forsætisnefnd að láta kanna hvort rétt geti verið að þjóðkirkjan komi sér upp miðlægrri símaþjónustu.

25. mál 2021-2022

Flutt af kirkjuráði.

**Þingsályktun um niðurlagningu Kirkjumiðstöðvarinnar við Vestmannsvatn.**

Kirkjuþing 2021-2022 staðfestir hér með niðurlagningu Kirkjumiðstöðvarinnar við Vestmannsvatn sem kirkjuráð og héraðsfundur Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis hafa þegar samþykkt.

**Samþykkt í einni umræðu á kirkjuþingi 25. október 2021**

26. mál 2021-2022

Flutt af Flutt af Anný Ingimarsdóttur, Árnýju Herbertsdóttur,  
Margréti Eggertsdóttur og Stefáni Magnússyni

### **Þingsályktun um afnám gjaldtöku í áföngum vegna prestsþjónustu þjóðkirkjunnar**

Kirkjuþing samþykkir að fela kjaranefnd kirkjunnar endurskoðun á fyrirkomulagi á gjaldtöku fyrir prestþjónustu þjóðkirkjunnar með það að markmiði að þjóðkirkjan veiti áfram sem hingað til framúrskarandi þjónustu í fjölbreyttu samfélagi. Kjaranefnd er kosin af kirkjuþingi og hefur fullt umboð þingsins til kjarasamningagerða sbr. 3. gr. starfsreglna um kjaranefnd.

Kirkjuþing samþykkir einnig að fella niður gjaldskrá kirkjuþings um aukaverk presta frá 2021.

**Samþykkt á kirkjuþingi 28. október 2021**

### **Starfsreglur um íslensku þjóðkirkjuna erlendis.**

1. gr.

*Gildissvið og markmið.*

Starfsreglur þessar gilda um störf, verkefni og þjónustu íslensku þjóðkirkjunnar erlendis og hafa það að markmiði að lýsa og afmarka meginhlutverk hennar.

2. gr.

*Íslenska þjóðkirkjan erlendis.*

Íslenska þjóðkirkjan erlendis er sérstakt viðfangsefni þjóðkirkjunnar og heyrir undir biskup Íslands.

Íslenska þjóðkirkjan erlendis sinnir boðun trúar, fræðslu og kærleiksþjónustu meðal Íslendinga á erlendri grund, með helgihaldi, sálgæslu, uppfræðslu í trú og sið. Jafnframt er henni ætlað að vera vettvangur fyrir og styðja við menningarlega starfsemi á kristilegum grundvelli.

3. gr.

*Störf og starfsskyldur presta og djákna.*

Um störf og starfsskyldur presta og djákna sem starfa innan vébanda íslensku þjóðkirkjunnar erlendis gilda, auk ákvæða starfsreglna þessara, starfsreglur um djákna nr. 738/1998, með síðari breytingum, starfsreglur um presta nr. 1110/2011, með síðari breytingu, Samþykktir um innri málefni þjóðkirkjunnar, svo og aðrar starfsreglur kirkjuþings og önnur ákvæði íslenskra réttarheimilda eftir því sem við á.

Prestar og djáknar íslensku þjóðkirkjunnar erlendis starfa á grundvelli vígslubréfs og erindisbréfs sem biskup setur þeim, svo og ráðningarsamnings og starfslýsingar.

Um samskipti presta og djákna við sóknarnefndir eða safnaðarstjórnir erlendis skal einkum, eftir því sem við á, höfð hliðsjón af ákvæðum starfsreglna um sóknarnefndir nr. 1111/2011, með síðari breytingum.

4. gr.

*Störf fyrir sendiráð og önnur stjórnvöld.*

Prestar og djáknar sem starfa innan vébanda íslensku þjóðkirkjunnar erlendis veita íslensku sendiráðunum og stjórnvöldum þjónustu eftir því sem um semst.

5. gr.

*Hlutverk biskupsstofu.*

Biskupsstofa hefur þessi verkefni með höndum fyrir íslensku þjóðkirkjuna erlendis:

1. Umsjón með þjónustu, starfrækslu og fjárreiðum vegna þeirra stöðugilda sem biskup semur um.

2. Lögmælt tilsjón með söfnuðum og vígðri þjónustu.
3. Aðstoð við öflun fjár til starfseminnar og undirbúning samningsgerðar um stöðugildi við hlutaðeigandi aðila, ráðuneyti, innlendar stofnanir, kirkjuleg stjórnvöld erlendis og íslenska söfnuði.
4. Kynningu á starfseminni jafnt innan kirkjunnar sem utan.
5. Önnur verkefni eftir nánari ákvörðun biskups.

6. gr.

*Umfang og kostun þjónustu o.fl.*

Biskup ákveður hvar skuli veita þjónustu djákna eða presta meðal Íslendinga erlendis með þeim fjárhagsskorðum sem settar eru í 2. mgr.

Til þjónustu íslensku þjóðkirkjunnar erlendis er heimilt að nýta það fjárframlag sem kirkjuþing ákveður til starfseminnar ár hvert. Ennfremur er heimilt að nýta fjárframlög sem einstakir söfnuðir kjósa að leggja til þjónustunnar við viðkomandi söfnuð.

Heimilt er að ákvarða og greiða starfstengdan kostnað og annan kostnað en laun í mynt þess lands þar sem viðkomandi djákni eða prestur starfar.

7. gr.

*Ráðningar og starfslok.*

Um ráðningar djákna og presta í störf fyrir íslensku þjóðkirkjuna erlendis fer samkvæmt starfsreglum um djákna nr. 738/1998 og starfsreglum um ráðningar í preststörf og starfslok nr. 144/2016 eftir því sem við á.

Umsækjendur um störf fyrir íslensku þjóðkirkjuna erlendis skulu uppfylla almenn lögmælt skilyrði til ráðningar í starf djákna eða prests. Að jafnaði skal einnig miða við að umsækjendur hafi góða tungumálakunnáttu, mikla færni í mannlegum samskiptum, menningarläsi og aðlögunarhæfni, svo og reynslu af barna- og æskulýðsstarfi. Æskilegt er að umsækjendur hafi sérþekkingu og menntun á sviði sálgæslu.

Ef starf eða stöðugildi er samstarfsverkefni íslensku þjóðkirkjunnar og ráðuneytis og/eða ríkisstofnunar, þá skulu samstarfsaðilar tilnefna fulltrúa sína til að gegna ráðgefandi hlutverki gagnvart matsnefnd um hæfni umsækjenda, sbr. 4. mgr. 5. gr. starfsreglna nr. 144/2016. Með sama hætti skal söfnuði ávallt boðið að tilnefna ráðgefandi fulltrúa.

8. gr.

*Samráðsfundur íslensku þjóðkirkjunnar erlendis.*

Biskup Íslands, eða tilnefndur fulltrúi hans, kallar að jafnaði annað hvert ár til samráðsfundar íslensku þjóðkirkjunnar erlendis. Fundurinn skal vera samstarfs- og samráðsvettvangur um hvaðeina er lýtur að þjónustu þjóðkirkjunnar á erlendri grund, stefnumótun og fjáröflun.

Heimilt er að halda samráðsfundi með stafrænum hætti þegar slíkt þykir henta betur, t.d. sökum kostnaðarsjónarmiða eða ferðatakmarkana.

Til fundarins skal bjóða fulltrúum frá hverjum söfnuði íslensku kirkjunnar erlendis.

9. gr.

*Lagaheimild, gildistaka o.fl.*

Starfsreglur þessar sem settar eru á grundvelli 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 öðlast gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar. Jafnframt falla brott frá sama tíma starfsreglur um íslensku þjóðkirkjuna erlendis nr. 1003/2005, með síðari breytingum.

**Samþykkt á kirkjuþingi 23. nóvember 2021**

28. mál 2021-2022

Flutt af Gísli Gunnarssyni

**Þingsályktun um stuðning þjóðkirkjunnar við safnaðarstarf erlendis.**

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir að kirkjulegt starf Íslendinga í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Bretlandi, Lúxemborg og Spáni skuli hljóta árlega fjárstyrk úr sjóðum þjóðkirkjunnar til stuðnings þeirrar kirkjulegu starfsemi sem þar er innt af hendi á vegum Íslendinga.

Úthlutunarnefnd jöfnunarsjóðs verði falið að semja sérstakar reglur vegna úthlutunar til safnaðarstarfs erlendis.

**Samþykkt á kirkjuþingi 23. nóvember 2021**



29. mál 2021-2022

Flutt af Svönu Helen Björnsdóttur, Gísla Jónassyni, Einari Má Sigurðarsyni,  
Þorkeli Heiðarssyni, Hermanni Ragnari Jónssyni og Hreini Hákonarsyni

### **Þingsályktun um leiðréttingu sóknargjalda.**

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir að hvetja alla sem koma að stjórnun innan þjóðkirkjunnar að setja leiðréttingu sóknargjalda á dagskrá og hafa það sem forgangsmál þar til leiðrétting fæst.

Forsætisnefnd kirkjuþings fylgir málinu eftir og felur rekstrarskrifstofu þjóðkirkjunnar að veita sóknarnefndum og öðrum sem vilja beita sér fyrir leiðréttingu sóknargjalda upplýsingar og ráðgjöf um það með hvaða hætti því verður best viðkomið.

**Samþykkt í einni umræðu á kirkjuþingi 26. október 2021.**

30. mál 2021-2022

Flutt af biskupi Íslands

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um  
skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.**

1. gr.

2. gr. starfsreglnanna breytist svohljóðandi:

Breiðabólstaðarprestakall, Melstaðarprestakall, Skagastrandarprestakall og Þingeyra-  
klaustursprestakall í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi sameinist í eitt prestakall.  
Heiti hins nýja prestakalls verði Húnavatnsprestakall.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna  
nr. 77/2021, öðlast gildi 1. maí 2022.

**Samþykkt á kirkjuþingi 28. mars 2022.**

31. mál 2021-2022

Flutt af Örnun Grétarsdóttur, Axeli Njarðvík Árnasyni,  
Guðrúnu Karls Helgudóttur og Skúla S. Ólafssyni.

**Málið var dregið til baka.**

**Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum  
um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017, með síðari breytingum.**

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir eftirfarandi breytingu á ofangreindum starfsreglum:

1. gr.

4. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Kosningarrétt til kirkjuþings á hver leikmaður sem er skráður í íslensku þjóðkirkjuna og hefur náð 18 ára aldri.

Kosningarréttur fylgir kjördæmaskipan, sbr. 2. gr., og miðast við lögheimili eins og það er skráð 1. apríl það ár er kosning fer fram.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar.

32. mál 2021-2022.  
Flutt af forsætisnefnd.

**Þingsályktun um áframhaldandi gildi  
samþykktra þingsályktana kirkjuþings.**

Kirkjuþing ályktar að þingsályktanir kirkjuþings muni halda gildi sínu eftir því sem við á.

**Samþykkt í einni umræðu á kirkjuþingi 25. október 2021.**

33. mál 2021-2022

Flutt af forsætisnefnd.

**Þingsályktun um stefnur Þjóðkirkjunnar.**

Kirkjuþing ályktar að gildandi stefnur Þjóðkirkjunnar muni halda gildi sínu til 1. júlí 2022.

**Samþykkt í einni umræðu á kirkjuþingi 25. október 2021**

34. mál 2021-2022

Flutt af vígslubiskupi á Hólum.

### **Þingsályktun um um stefnu þjóðkirkjunnar í málefnum innflytjenda og fólks á flóttu.**

Kirkjuþings 2021-2022 samþykkir eftirfarandi stefnu þjóðkirkjunnar í málefnum innflytjenda og fólks á flóttu:

#### **Inngangur**

Í kjölfar umræðu um 15. mál kirkjuþings 2019, tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu þjóðkirkjunnar í málefnum fólks á flóttu og innflytjenda samþykkti þingið að skipa þriggja manna starfshóp til að móta stefnu og verklagsreglur kirkjunnar í þessum málum. Var biskupi Íslands falið að skipa starfshópinn.

Starfshópurinn var skipaður formlega 29. nóvember 2019, en í honum eru sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir, dr. Kjartan Jónsson og sr. Toshiki Toma. Varamenn eru sr. Eva Björk Valdimarsdóttir, sr. Hjalti Jón Sverrisson og sr. Magnús Björn Björnsson.

Hópurinn skilaði tillögum til kirkjuþings í september 2020 um þann hluta er varðaði málefni umsækjenda um alþjóðlega vernd. En í þessu skjali eru tillögur nefndarinnar um allan málaflokkinn þ.e. innflytjendur og fólks á flóttu (kvótaflóttamenn og umsækjendur um alþjóðlega vernd) eins og upphafleg tillaga kirkjuþings 2019 kvað á um.

Kirkja Jesú Krists hefur verið fjölbreytileg allt frá tilurð hennar á hvítasunnudag er Heilagur andi kom yfir lærisveina Jesú svo að þeir gátu talað mörg mismunandi tungumál og boðað fagnaðarerindið fólki frá mörgum þjóðum (Post. 2). Páll postuli undirstrikaði það er hann sagði: „Hér er hvorki Gyðingur né annarrar þjóðar maður, þræll né frjáls maður, karl né kona. Þið eruð öll eitt í Kristi Jesú“ (Gal. 3:28).

Maðurinn er skapaður í Guðs mynd og sérhver manneskja er óendanlega mikils virði. Kristin trú tengir okkur við Guð sem vill og getur snúið óttanum við annað fólk í kærleika. Kærleikur Guðs gerir okkur kleift að elska náungann og er mikilvægasta aflið í kristindóminum. Þess vegna ber þjóðkirkjunni að þjóna hælisleitendum í kærleika. „Kirkja sem leggur aðeins áherslu á það sem fer fram innan veggja hennar verður fljótt ljót; kirkjan er aðeins kirkja þegar hún er til fyrir aðra“ (Dietrich Bonhoeffer). Kirkjan er því ekki kirkja Krists nema hún þjóni sínum minnstu bræðrum og systurum óháð trú og kirkjuaðild.

Þetta er dýrmætur grundvöllur kirkju Krists. Við þurfum að varðveita hann og styrkja. Efla þarf þátttöku fólks með erlendan bakgrunn í helgihaldi og safnaðarstarfi. Það er áskorun til kirkjunnar að hafa frumkvæði að því að ná til fólks af erlendum uppruna og gera starf á meðal þess að eðlilegum hluta safnaðarstarfs svo að það endurspegli fjölbreytileika íslensks þjóðfélags.

Þessi stefna tekur bæði til málefna innflytjenda og flóttafólks. Innflytjandi er samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar „einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra sem einnig eru fæddir erlendis, svo og báðir afar og ömmur. Flóttamaður er „hver sá sem er utan heimalands síns af ástæðuríkum ótta við að verða ofsóttur vegna kynþáttar,

trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sérstökum félagsmálaflokkum eða stjórnmalaskoðana, og getur ekki, eða vill ekki, vegna slíks ótta, færa sér í nyt vernd þess lands; eða þann, sem er ríkisfangslaus, og er utan þess lands, þar sem hann áður hafði reglulegt aðsetur, og getur ekki eða vill ekki, vegna slíks ótta, hverfa aftur þangað“ (Flóttamannasáttmáli Sameinuðu þjóðanna 2. töluliður A, 1. gr.).

Málefni innflytjenda og flóttafólks skarast að nokkru leyti því að í báðum hópum eru útlendingar sem flust hafa til Íslands. Í öðrum hópnum eru innflytjendur sem hafa frelsi og tækifæri til að byggja líf sitt upp og skapa sér framtíð hér á landi og kvótaflóttafólk sem boðið hefur verið til landsins og nýtur stuðnings ríkis- og sveitafélaga í eitt ár. Annað flóttafólk, eins og umsækjendur um alþjóðlega vernd eða hælisleitendur, eru aftur á móti í mjög erfiðum aðstæðum því að fótunum hefur verið kippt undan lífsafkomu þeirra og öryggi og eru þeir hér í óvissu um hvort þeir fái dvalarleyfi eða verði vísað úr landi. Það er því grundvallarmunur á stöðu innflytjenda og flóttafólks, sérstaklega hælisleitenda, og því er mikilvægt að þjóðkirkjan taki sérstakt tillit til umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Þessir hópar eiga þó ýmislegt sameiginlegt. Í þeim báðum er fólk af erlendum uppruna sem þarf að takast á við að læra nýtt tungumál, skilja nýja menningu, glíma við fordóma og lög og reglur er varða stöðu þeirra og réttindi. Undanfarin ár hefur þjóðkirkjan látið þennan málaflokk meira til sín taka og brýnt er að hún að styrkist sem sjálfstæður aðili á þessu sviði og standi vörð um mannúð og mannréttindi í málefnum þeirra.

## I. KAFLI

### Þjóðkirkjan og málefni innflytjenda

#### 1. Tilgangur

Bæta þarf þjónustu þjóðkirkjunnar við fólk með erlendan bakgrunn og skapa með því lifandi samfélag sem endurspeglar fjölbreytileika íslensks þjóðfélags.

#### 2. Hlutverk þjóðkirkjunnar í málefnum innflytjenda

- Þjóðkirkjan er opin öllum íbúum Íslands og þeim sem dvelja hér á landi.
- Þjóðkirkjan nálgast innflytjendur með því að bjóða upp á fjölbreytt helgihald á ýmsum tungumálum og birtir upplýsingar um starf safnaðanna á erlendum tungum.
- Þjóðkirkjan er alþjóðleg og tekur vel á móti kristnum bræðrum og systurum hvaðanæva að úr heiminum og býður upp á þjónustu sem miðast við þarfir þeirra.
- Þjóðkirkjan leggur sitt af mörkum til að hjálpa innflytjendum að aðlagast íslensku samfélagi og Íslendingum að aðlagast innflytjendum.
- Þjóðkirkjan styður starf Alþjóðlega safnaðarins í Breiðholti skirkju sem átaksverkefni til að ná til innflytjenda og flóttafólks (sjá VI. Kafla).

#### 3. Leiðarljós

Til að gera það að veruleika að þjóðkirkjan verði lifandi samfélag þar sem Íslendingar og fólk með erlendan bakgrunn á samfélag saman er gott að hafa að leiðarljósi ákveðin atriði. Þeirra á meðal eru:

**Aðgengileiki.** Til að gera þjóðkirkjuna aðgengilegri fyrir innflytjendur þurfa fulltrúar hennar að nálgast þá. Ekki er nóg að bjóða þeim til hennar í almennum auglýsingum á íslensku.

**Þátttaka innflytjenda í safnaðarstarfi.** Söfnuðir kirkjunnar þurfa að skapa vettvang svo að innflytjendur geti tekið þátt í helgihaldi, lagt sitt af mörkum í safnaðarstarfi og átt samfélag við Íslendinga.

**Þátttaka Íslendinga.** Þátttaka sjálfboðaliða af íslenskum uppruna er mjög mikilvæg.

**Fjölbreytileiki.** Fagna ber fjölbreytileika þjóðfélagsins sem þarf að endurspeglast í starfi þjóðkirkjunnar, helgihaldi, sálmaðali og notkun annarra tungumála.

**Sálgæsla og ráðgjafþjónusta.** Margir innflytjendur eru félagslega einangraðir og vita ekki af sálgæsluþjónustu kirkjunnar og annarri aðstoð sem hún veitir. Þeir þurfa að fá vitneskju um þetta tilboð.

**Stuðningur við söfnuði.** Söfnuðir sem bjóða upp á starf fyrir innflytjendur þurfa að fá fræðslu fyrir starfsfólk sitt og sjálfboðaliða. Ljóst er að mikil þörf er á fjölgun starfsfólks á þessu sviði, prestum, djáknum eða öðrum sem hafa sérþekkingu á þessum málaflokkum.

**Gagnkvæm aðlögun Íslendinga og innflytjenda.** Mikilvægt er að hjálpa innflytjendum að aðlagast íslensku samfélagi en Íslendingar þurfa líka að læra að umgangast þá, bæði í safnaðarlífi og almennt í þjóðfélaginu.

**Stuðningur við starf fyrir innflytjendur.** Nú þegar eru nokkrir söfnuðir með starf fyrir fólk af erlendum uppruna. Dæmi um það eru foreldramorgnar í Hallgrímskirkju, íslenskukennsla í Ástjarnarkirkju og starf Alþjóðlega safnaðarins í Breiðholtskirkju sem veitir innflytjendum og flóttafólki víðtæka þjónustu, einstaklingsbundna ráðgjöf og sálgæsluþjónustu auk helgihalds. Slíkt starf þarf þjóðkirkjan að efla og styðja í fleiri söfnuðum.

## II. KAFLI

### Þjóðkirkjan og málefni flóttafólks

#### 1. Tilgangur

Þjóðkirkjan þarf að auka þjónustu við fólk á flóttu í söfnuðum landsins. Mikilvægt er að þau geti fundið sig heima í kirkjum landsins. Margar af mikilvægustu sögum Biblíunnar fjalla um fólk á flóttu og fólk sem flytur á milli landa, þar sjáum við hve viðkvæm staða þeirra er og hvaða stöðu þau hafa í augum Guðs. Þess vegna ber þjóðkirkjunni að þjóna hælisleitendum og fólki sem flytur í kærleika.

#### 2. Hlutverk þjóðkirkjunnar í málefnum flóttafólks

- Þjóðkirkjan er sjálfstæður aðili í málefnum flóttafólks á Íslandi.
- Þjóðkirkjan er opin fyrir öllu flóttafólki og umsækjendum um alþjóðlega vernd.
- Þjóðkirkjan er athvarf flóttamanna og vinnur að því að réttindi þeirra séu virt og hugað sé að velferð þeirra. Það á einnig við um þá sem fengið hafa vernd í öðru landi en treysta sér ekki til að dvelja þar vegna óbærilegra lífskjara og sækja því um hæli hérlandis í von um betri framtíð.
- Þjóðkirkjan styður sérstaklega börn á flóttu og þá sem eru á flóttu vegna kristinnar trúar sinnar.



- Þjóðkirkjan sem athvarf miðlar fólki, óháð trú, kærleika Guðs og veitir því trúarlega þjónustu.

### 3. Leiðarljós

**Sjálfstæður aðili:** Þjóðkirkjan sem sjálfstæður aðili í málefnum flóttafólks á Íslandi stendur vörð um mannhelgi og mannréttindi flóttafólks sem hefur ekki rödd í íslensku samfélagi. Þannig endurspeglast gullna reglan í lífi kirkjunnar.

**Skjólshús:** Þjóðkirkjan er athvarf fyrir flóttamenn og vinnur gegn öllu sem vegur að mannhelgi fólks og gefur þeim tækifæri til að kynna kristinni trú.

Með skjólshúsi er átt við að kirkjan styður fólk á flóttu og veitir því skjól og umhyggju, fyrirbæn og trúarlega þjónustu.

**Móttökusöfnuðir:** Til þess að auðvelda framkvæmd og þjónustu við flóttafólk er lagt til að nokkrir söfnuðir verði tilnefndir sem móttökusöfnuðir er vinni að því að byggja upp starf með flóttafólki í söfnuðum sínum. Þeir eru Háteigskirkja, Breiðholtskirkja, Ástjarnarkirkja og Keflavíkirkirkja. Með þessu er ekki verið að hindra aðra söfnuði í að vinna að málefnum flóttafólks. Þvert á móti geta allir söfnuðir gerst móttökusöfnuðir óski þeir þess. Hver móttökusöfnuður hagar starfi sínu eftir þörfum þess samfélags sem hann þjónar.

**Samstarf við aðila innanlands- og utan.** Mikilvægt er að vera í góðu sambandi við þá aðila innan lands sem láta sig málefni flóttafólks varða t.d. Rauða kross Íslands, Amnesty International á Íslandi, sveitarfélög, lögmenn flóttafólks og frjáls félagasamtök. Einnig er mikilvægt að vera í tengslum við samtök á erlendum vettvangi sem láta sig þessi málefni varða eins og t.d. Lútherska heimssambandið, Alkirkjuráðið og norrænar systurkirkjur.

## III. Kafli

### Skipulag

Lagt er til að biskup Íslands skipi framkvæmdanefnd með fólki sem hefur reynslu og þekkingu á málefnum innflytjenda og flóttafólks. Nefndin fylgi eftir stefnu þjóðkirkjunnar í þessum málaflokki með því að skipuleggja þjónustu fyrir flóttafólk, leiði framkvæmd þjónustunnar og leggi mat á árangur stefnunnar. Hún leiðbeini og aðstoði söfnuði þjóðkirkjunnar í þessum málaflokki.

Framkvæmdanefndin skili skýrslu árlega, endurskoði stefnu um málefni flóttafólks og innflytjenda, leggi fram tillögur að nýrri framtíðarsýn og starfsáætlun á fjögurra ára fresti til biskups Íslands.

## IV. KAFLI

### Verkefni og markmið þjóðkirkjunnar í málefnum innflytjenda og fólks á flóttu

Mikilvægt er að málefni innflytjenda og flóttamanna komist á dagkrá safnaða Þjóðkirkjunnar og að starfsfólk þeirra og sóknarnefndir fái fræðslu og hjálp við að koma slíku starfi á fót. Hér þurfa leiðtogar kirkjunnar og fræðsludeild hennar að koma myndarlega að málum.

Lagt er til að þjóðkirkjan vinni á þremur sviðum í þjónustunni við innflytjendur og flóttamenn er varða réttindi þeirra, trú, menningu og félagsmál auk þess að koma á fót samfylgdarkerfi (mentor).

### **Réttindi**

Kirkjan vinnur gegn fordómum, útskúfun og hvers konar ofbeldi gagnvart fólki með erlendan bakgrunn í nærsamfélagi og opinberri umræðu. Þetta er hluti af málsvarnarhlutverki hennar sem fylgdið er í réttindagæslu og ráðgjöf. Kirkjan veitir þó ekki lögfræðiþjónustu heldur veitir andlegan og mannúðlegan stuðning.

### **Trú**

Þjóðkirkjan skipuleggur fjölbreytt helgihald í samvinnu við innflytjendur t.d. á tungumálum sem þeir skilja með tónlist frá löndum þeirra. Sóknarbörnum verði boðið í slíkt helgihald við sérstök tilefni t.d. á hátíðum kirkjunnar. Unnið verði að því að hjálpa innflytjendum að finna sig sem hluta safnaðanna, jafnvel í guðsþjónustu á þeirra eigin tungumálum. Þeim verði boðin fræðsla um kristna trú enda eru margir þeirra opnir fyrir henni. Hugað verði að þörfum barna og unglinga í þessum hópi.

### **Menning og félagsmál**

Móttökusöfnuðir bjóði flóttafólki og innflytjendum upp á íslenskunámskeið án endurgjalds. En slík námskeið verði sem mest fjármögnuð með styrkjum. Á slíkum námskeiðum gefst þátttakendum gott tækifæri til að kynna starfi safnaðanna og traust og tengsl geta myndast.

Mikilvægt er að bjóða upp á kynningu á íslensku samfélagi en einnig á sögu og menningu innflytjenda. Þrjóna- og handavinnusamverur, kynning á matar- og danshefðum eru dæmi um það sem hægt er að gera til að byggja brýr á milli ólíkra menningarheima.

### **Samfylgdarkerfi (mentor)**

Móttökusöfnuðir komi á fót samfylgdarkerfi. Samfylgdarkerfi er fyrir hendi t.d. hjá Rauða krossinum fyrir fólk sem er komið með alþjóðlega vernd. Það er fólgið í því að einstaklingar eða fjölskyldur taka að sér flóttafólk, einstaklinga eða fjölskyldur til að vera þeim til stuðnings. Þetta er sjálfboðaliðastarf. Mikill fengur væri að koma slíku kerfi á fót í söfnuðum sem þjóna flóttafólki. Þá myndi kirkjan leggja sérstaka áherslu á fólk sem ekki hefur hlotið alþjóðlega vernd og er í biðstöðu.

### **Öflugt samstarf**

Til þess að eftirfarandi framtíðarsýn geti orðið að veruleika er ljóst að öflugt samstarf þarf að vera á milli framkvæmdanefndar málefnis innflytjenda og flóttamanna annars vegar og yfirstjórnar, fræðsludeildar og annarra aðila um einstök mál.

## V. KAFLI

### Framtíðarsýn

Lögð er fram framtíðarsýn kirkjunnar annars vegar til eins árs og hins vegar til fjögurra ára.

Lagt er til að eftir eitt ár verði eftirfarandi orðið að veruleika:

- Móttökusöfnuðir hafa verið skipaðir.
- Móttökusöfnuðir bjóði upp á helgihald og sálgaeslu fyrir flóttafólk og innflytjendur.
- Kirkjustjórnin talar fyrir þessum málaflokki í kirkjunni og á opinberum vettvangi.

Lagt er til að á næstu fjórum árum verði eftirfarandi orðið að veruleika:

- Margir innflytjendur sækja messur og fleiri tungumál en íslenska fá að hljóma þar. Tónlist og sálmar frá þeirra heimalöndum verði notuð. Fólk geti einnig iðkað trúna á sínu móðurmáli í húsum þjóðkirkjunnar.
- Helgihaldi verði streymt.
- Fullorðinsskírnum fjölgi.
- Messuskrár á ýmsum tungumálum.
- Myndband með leiðbeiningum um skráningu í þjóðkirkjuna.
- Myndbönd með fræðsluefni um kristna trú og þjóðkirkjuna.
- Sjálfboðaliðum hafi fjölgað.
- Fræðsla/þjálfun sjálfboðaliða sem þjóna í starfi fyrir innflytjendur.
- Fræðsluhópar fyrir fólk með sams konar erfiðleika, t.d. sorg og áföll hafi verið myndaðir.
- Ýmiss konar hjálparstarf fyrir flóttafólk í móttökusöfnuðum, t. d. leikfanga- og fataúthlutun.
- Safnaðarheimili móttökusafnaðanna/Breiðholtskirkju verði orðin að miðstöð fjölþjóðlegra menningarsamskipta.
- Samfylgdarkerfið (mentor) hafi festst í sessi.
- Aðstoð við heimanám fyrir börn innflytjenda verði í mörgum söfnuðum eins og annað barnastarf.
- Vettvangur til að rjúfa einangrun og virkja félagsleg tengsl.
- Samræðuvettvangur fyrir fólk af mismunandi trúarbrögðum til að auðvelda þeim að búa í sama samfélagi sem verði sýnilegur í þjóðfélaginu.

## VI. Kafli

### Alþjóðlegi söfnuðurinn

Í Breiðholtskirkju er söfnuður fólks á flótta í mótun undir nafninu Alþjóðlegi söfnuðurinn. Hann hefur þróast út frá „Seekers samkomum“ með flóttafólki sem hófust árið 2015 í Laugarneskirkju. Flóttafólk sem hefur fengið dvalarleyfi á Íslandi er kjarninn í hópnum og hefur mótað söfnuðinn undanfarin ár.

Alþjóðlegi söfnuðurinn er ákveðin fyrirmynd fyrir starf á meðal flóttafólks í söfnuðum landsins en þar koma innflytjendur, flóttafólk og Íslendingar saman í anda Krists.

Alþjóðlegi söfnuðurinn er hins vegar ekki „söfnuður“ í hefðbundum skilningi, heldur „hreyfing“ innan Þjóðkirkjunnar sem mótar starf og þjónustu með innflytjendum og flóttafólki og styður aðra söfnuði við að koma slíku starfi á fót. Alþjóðlegi söfnuðurinn er því ekki aðeins bundinn við Breiðholtskirkju.

Markmið Alþjóðalega safnaðarins er ekki að vera kirkja í kirkjunni.

Hann hvetur innflytjendur sem vilja aðlagast íslensku samfélagi að sækja íslenskar guðsþjónustur. En ákveðinn fjöldi fólks kys að sækja guðsþjónustur á ensku eða öðru tungumáli.

### **Framtíðarsýn Alþjóðlega safnaðarins**

Lagt er til að innan árs verði eftirfarandi orðið að veruleika:

- Þjóðkirkjan viðurkenni mikilvægi starfs Alþjóðlega safnaðarins og styrki starf hans.
- Þjóðkirkjan styður helgihald farsí-mælandi fólks í Alþjóðlega söfnuðinum.
- Reglubundin fræðsla verði fyrir skírnarþega.
- Reglubundin fræðsla um kristna trú (t.d. Alfa námskeið).

Innan fjögurra ára.

- Alþjóðlegi söfnuðurinn hafi tengst fleiri söfnuðum um allt land.
- Alþjóðlegi söfnuðurinn býður upp á helgihald á hverjum sunnudegi með lifandi tónlist.
- Alþjóðlegi söfnuðurinn býður upp á helgihald á farsí og fleiri tungumálum.
- Alþjóðlegi söfnuðurinn myndar eigin safnaðarstjórn.
- Alþjóðlegi söfnuðurinn þróar og gerir tilraunir með fjölbreytt helgihald og uppfræðir nýja safnaðarmeðlimi um helgihaldið og almennt safnaðarstarf.

### **Lokaorð**

Þjóðkirkjan stendur á tímamótum í margvíslegum skilningi. Íbúar heimsbyggðarinnar eru á meiri hreyfingu en nokkru sinni fyrr og fjöldi flóttamanna er meiri en í seinni heimsstyrjöldinni. Vandi þeirra vex ár frá ári. Nokkrir þeirra knýja dyra á Íslandi í von um skjól og örugga framtíð. Í þeim hópi er fólk sem flýr ofsóknir vegna kristinnar trúar sinnar. Meira en 50.000 erlendir ríkisborgarar hafa sest að hér á landi á undanförunum árum, flestir frá 2010. Um 60% af fjölgun landsmanna hefur orðið vegna komu þeirra á þessu tímabili. Þeir hafa átt mikinn þátt í uppgangi menningar- og efnahagslífs á undanförunum árum.

Ýmsir fræðimenn hafa bent á að á næstu árum og áratugum megi ætla að innflytjendur verði verulegur hluti kirkjugesta, jafnvel 30%. Hinn virti prófessor Andrew Walls sagði í fyrirlestri við háskólann í Edinborg árið 2003: „Guð er enn á ný að ýta við kirkjunni í Evrópu, nú með tilkomu flóttafólks frá Mið-Austurlöndum. Þær kirkjur sem hafa opnað dyr sínar fyrir því og mætt því með kærleika og virðingu hafa öðlast endurnýjun en þær sem eru tortryggjar hafa misst af henni.“

Þjóðkirkjan er kölluð til að sýna mannúð og veita skjól og byggja upp söfnuði með fólki frá mörgum þjóðum. Hér hafa henni opnast víðar og verkmiklar dyr. Hún þarf að bretta

upp ermarnar gagnvart hinum mikla fjölda innflytjenda og flóttafólks sem komið er til landsins og fá að njóta blessunarinnar sem þeir flytja með sér inn í söfnuðina.

**Samþykkt á kirkjuþingi 27. október 2021.**

## **Þingsályktun um Vímuvarnarstefnu Þjóðkirkjunnar.**

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir eftirfarandi Vímuvarnarstefnu Þjóðkirkjunnar:

### **V Í M U V A R N A R S T E F N A.**

Vímuvarnarstefna Þjóðkirkjunnar var fyrst sett fram árið 1996, endurskoðuð árið 2011 og er nú endurskoðuð aftur árið 2020 fyrir mars 2021.

Stefnan er hér sett upp í liðum:

1. Hlutverk og markmið.
2. Gagnvart almenningi.
3. Gagnvart starfsfólki innan safnaða kirkjunnar.
4. Gagnvart starfsfólki Þjóðkirkjunnar – biskupar, prófastar, prestar, djákna og starfsfólk biskupsstofu.

Það er vilji nefndarinnar að stefnan birti kristinn mannskilning, virðingu og skilning gagnvart fjölskyldusjúkdómnum og sjúkdómshugtakinu áfengis- og vímuefnasýki.

Biskup Íslands ber ábyrgð á því að vímuvarnarstefnu þessari sé fylgt eftir og hefur sér til fulltingis ráðgjafa með faglega þekkingu á sviði áfengis og vímuefnamála.

#### **I. Hlutverk og markmið.**

Þjóðkirkjan vill vera fyrirmynd og stuðla að hófsemi og sjálfsstjórn. Þjóðkirkjan tekur sjúkdómshugtakið, sem Alþjóða heilbrigðisstofnunin og Landlæknisembættið setja fram,<sup>1</sup> alvarlega, og lítur á áfengis- og vímuefnasýki sem sjúkdóm er herjar á íslenskt samfélag. Fjölskyldusjúkdóm með víðtæk og skaðleg áhrif. Sjúkdómurinn hefur líkamleg, andleg, geðræn, tilfinningaleg og félagsleg áhrif á einstaklinga og fjölskyldur. Afleiðingar sjúkdómsins má sjá m.a. í sundrun, vanrækslu, misnotkun, fátækt, atvinnuleysi, ofbeldi, afbrotum, einangrun, heimilisleysi, sjúkdómum, sjálfsvígum, öðrum ótímabærum andlátum og sorg. Allar þessar afleiðingar skapa ríka þörf fyrir sálgæslu.

Þjóðkirkjan einsetur sér að styðja þau sem eru að fást við þessar alvarlegu afleiðingar sjúkdómsins. Með því að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð, hjálp og sálgæslu vegna erfiðleika, þjáninga og sorgar sem oft hljóttast af áfengisneyslu og vímuefnanotkun. Það gerir hún í gegnum sína þjóna innan safnaða og með þeirri þjónustu sem fæst hjá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og Hjálparstarfi kirkjunnar. Einnig vill Þjóðkirkjan auka fræðslu um áfengis- og vímuefnamál, efla forvarnir og styrkja færni vígðra þjóna og

<sup>1</sup> <https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC3767415/>  
<https://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/afengisvarnir-vimuvarnir/>

annars starfsfólks þjóðkirkjunnar svo hún geti betur komið að stuðningi við einstaklinga og fjölskyldur.

## II. Aðgerðaráætlun – almenningur.

Til að framfylgja vímuvarnastefnunni beitir þjóðkirkjan eftirfarandi vinnulagi:

1. Kirkjan komi til móts við áfengis- og vímuefnasjúka og aðstandendur þeirra, veiti þeim sálgæslu og styðji þau til að leita sér meðferðar eða annarrar hjálpar þegar við á.
2. Ávallt verði kærleikur og virðing höfð að leiðarljósi þegar fengist er við fjölskyldu-sjúkdóminn, áfengis- og vímuefnasýki.
3. Forvarnir/fræðsla. Forvarnir vegna áfengis- og vímuefna verði hluti af fræðslu í fermingarundirbúningi og æskulýðsstarfi. Sú fræðsla sé samræmd innan allra safnaða og taki einnig mið af stöðu aðstandenda.
4. Fræðsluefnið sé unnin af prestum eða öðrum sem búa yfirfaglegri þekkingu og reynslu af áfengis- og vímuefnamálum. Í sumarlök ár hvert standi þjóðkirkjan að námskeiði þar sem sett er fram fræðsla um efnið. Þannig að hægt verði að taka tillit til þess við undirbúning komandi fermingarfræðslu.
5. Fjölskyldu- og sálgæsluþjónusta kirkjunnar verði ráðgefandi fyrir biskup Íslands og auk þess leiðandi í þeirri þjónustu er hér um ræðir, enda sé þar innandyra sérfræðingur á sviði áfengis- og vímuefnamála. Þannig geti þjóðkirkjan veitt einstaklingum og fjölskyldum aðstoð og sálgæslu vegna erfiðleika, þjáningar og sorgar sem hlýst af áfengisneyslu og vímuefnanotkun.
6. Þjóðkirkjan stefni á að koma á fót starfi Áfengis- og vímuvarnaprests sem er prestur með faglega þekkingu og reynslu á sviðinu. Hlutverk áfengis- og vímuvarnaprests yrði auk þess að vera biskupi Íslands til ráðgjafar að sinna fræðslu fyrir vígða þjóna og annað starfsfólk kirkjunnar, sinna forvörnum, vera tengiliður við meðferðarstofnanir og eiga í samvinnu við Fjölskylduþjónustu kirkjunnar.
  - Eiga reglulegt samtal við presta til viðurunar og stuðnings um mál sem þau eru að fást við tengt áfengis- og vímuefnamálum.
  - Fara inn á meðferðarstöðvar með fyrirlestra um mál tengd sálgæslu og áfengis- og vímuefnasýki. Sinna sálgæslu á meðferðarstofnunum í samráði við slíkar stofnanir.
  - Sinna sálgæslu við áfengis- og vímuefnasjúka og aðstandendur þeirra.
  - Kynna og taka þátt í Æðruleysismessum og leggja áherslu á að þær verði samræmdar og útbreiddar eins og kostur er.
  - Vera stuðningur við vígða þjóna sem eiga við áfengis- og vímuefnasýki að stríða.
  - Stuðla að og styðja við bænahópa, kyrrðarstundir, biblíulestur, spora og fræðslufundi fyrir 12 spora fólk.

## III. Aðgerðaráætlun – Söfnuðir.

### 1. Reglur um áfengisnotkun í húsnaði kirkjunnar.

Hvatt er til þess að sett séu heilbrigð viðmið um áfengisnotkun í húsnaði kirkjunnar. Má þar nefna útleigu safnaðarheimila.

Hvatt er til þess að nota óáfengt vín eða vínberjasafa við altarisgöngur þar sem börn og ungmenni og óvirkir alkóhólistar þiggja sakramentið (sjá Samþykktir um innri málefni kirkjunnar, VI. kafla, gr.11.).

## **2. 12 spora fundir í húsnæði kirkjunnar.**

Sóknir og söfnuðir verði hvött til að taka vel á móti og bjóða AA- og Al-anon samtökunum aðstoðu fyrir fundi í safnaðarheimilum og öðru rými kirkjunnar. Skráðar reglur um ábyrgð á umgengni og öryggi séu lagðar fram. Einnig er hvatt til að komið verði á laggirnar bæna-, spora- og fræðslu hóp(um), kyrrðar- hugleiðslu- og slökunar stundum fyrir 12 spora fólk.

## **3. Öryggi og þekking innan sókna og safnaða.**

Þjóðkirkjan mun ávallt styðja starfsfólk kirkjunnar og safnaða til að takast á við áfengis- og vímuefnavanda sinn. Biskup Íslands ber ábyrgð á því að vígðir þjónar og aðrir er starfa að fræðslu, ráðgjöf og sálgæslu innan kirkjunnar fái reglulega fræðslu um áfengis- og vímuefnamál, fræðslu um nálgun og stuðning vegna þjónustu þeirra við áfengis- og vímuefnasjúka og aðstandendur þeirra. Fræðsla og ráðgjöf verði unnin í samráði við fagaðila á sviði áfengis- og vímuefnamála. Hluti af starfsþjálfun prests- og djáknaefna felist í fræðslu um áfengis- og vímuefnamál.

Færni vígðra þjóna verði styrkt í samhengi við áfengis- og vímuefnamálin.

## **IV. Aðgerðaráætlun – þjóðkirkjan.**

(Lokaður kafli eingöngu ætlaður fyrir starfsfólk, vígða þjóna, prests- og djáknaefni og starfsfólk Biskupsstofu).

Vígðum þjónum og starfsfólki þjóðkirkjunnar er með öllu óheimilt að neyta og vera undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna við störf sín. Biskup Íslands ber ábyrgð gagnvart því að vígðir þjónar og starfsfólk þjóðkirkjunnar fái aðstoð og leiðbeiningar til að vinna úr vanda er tengist notkun áfengis og vímuefna.

### **1. Verklagsreglur.**

Eftirfarandi verklagsreglur gilda um áfengis- og vímuefnavanda vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar:

### **2. Ábyrgð og eftirfylgni.**

Biskup Íslands ber ábyrgð á því að starfsmenn verði upplýstir og verklag sé innleitt ásamt því að bregðast við ef í ljós kemur að því hefur ekki verið fylgt. Starfsmenn bera ábyrgð á því að fara eftir verklagi.

### **3. Framkvæmd.**

Vakni grunur um áfengis- eða vímuefnavandi hjá vígðum þjóni eða starfsmanni þjóðkirkjunnar er hægt að leita ráðgjafar um vandann hjá biskupi eða mannauðsstjóra. Boða skal til fundar sem allra fyrst þar sem viðkomandi starfsmaður hefur þá rétt á að hafa trúnaðarmann sinn með (t.d. frá viðkomandi stéttarfélagi).



**a. Grunur um áfengis- eða vímuefnamisnotkun.**

Vakni grunur um að starfsmaður sé undir áhrifum áfengis/og eða vímuefna í vinnu, eða neyti slíkra efna í því magni að það komi marktækt niður á mætingu og/eða vinnuframlagi skal eftirfarandi úrræðum beitt:

- i. Kallað er á starfsmann í viðtal þar sem staða starfsmanns er rædd.
- ii. Vísa starfsmanni frá vinnu ef talið er að hann sé undir áhrifum áfengis og/ eða vímuefna í vinnu.
- iii. Benda starfsmanni á meðferðarúrræði og jafnframt að skrá atferli hans og veita munnlegt tiltal. Slíkt tiltal verði skráð og undirritað af báðum aðilum. Ef ofangreint atriði endurtekur sig skal starfsmanni veitt skrifleg áminning. Ef starfsmaður bætir enn ekki ráð sitt (3. brot) má gera ráð fyrir að honum verði sagt upp störfum.
- iv. Óskað eftir að starfsmaður fari í áfengis/vímuefnapróf hjá viðurkenndri stofnun eða fagmanni á vegum þjóðkirkjunnar sem getur framkvæmt slíka skimun með spurningum. Starfsmanni er heimilt að hafna prófi en það gæti leitt til uppsagnar.

**b. Stuðningur vegna áfengis- eða vímuefnavanda.**

Starfsmaður getur leitað eftir stuðningi hjá biskupi eða fulltrúa hans sem bendir starfsmanni á meðferðarúrræði og sendir beiðni til mannauðs-stjóra. Mannauðsstjóri í samráði við ráðgefandi aðila og starfsmann kemur málinu í farveg. Starfsmaður leitar sjálfur eftir því hvaða meðferðarstofnun hann kýs að nota, ávallt skal gerð krafa um að starfsmaður fari í fulla meðferð á viðurkenndri meðferðarstofnun og nýti sér þá eftirfylgd sem í boði er.

**Áfengis- og vímuefna meðferð.**

- a. Starfsmaður fer í matsviðtal þar sem ákvörðun er tekin um meðferð.
- b. Í framhaldi af matsviðtali er gerður meðferðarsamningur milli starfsmanns og þjóðkirkjunnar. Samningurinn inniheldur áætlun um afeitrun, meðferð og eftirfylgd. Eftirfylgd getur verið á formi meðferðarsamtala, mætingar í stuðningshópa og áfengis/vímuefnaprófs sé þess óskað.
- c. Þegar starfsmaður kemur aftur til vinnu eftir afeitrun og meðferð mætir hann í eftirfylgd skv. meðferðasamningi sínum.
- d. Starfsmaður ber allan kostnað af meðferð.

**c. Réttindi og launagreiðslur, réttindi og skyldur starfsmanns.**

Meginreglan er sú að starfsmenn eiga ekki rétt á launum meðan á áfengis- og vímuefna meðferð stendur. Áfengis- og vímuefnasýki fellur ekki undir sjúkdómshugtakið í vinnurétti. Því eiga ákvæði kjarasamninga sem kveða á um réttindi vegna veikinda ekki við um fjarvistir af völdum áfengis- og vímuefna meðferðar.

Starfsmenn sem hafa þurft á áfengis- eða vímuefna meðferð að halda, hafa ýmist fengið launað/launalaust leyfi eða notað orlof sitt til meðferðar. Veiti stjórnandi/ handhafi ráðningavalds starfsmanni launað leyfi vegna áfengis- eða vímuefna meðferðar þá er það umfram samningskyldu (1).

### c. Launagreiðslur

Þjóðkirkjan lítur á áfengis- og vímuefnasýki sem sjúkdóm. Ef starfsmaður þjóðkirkjunnar sinnir afeitrun og meðferð skv. fyrirbyggjandi meðferðarsamningi er stjórnanda heimilt að semja við starfsmann um ráðstöfun á hluta uppsafnaðs veikindaréttar vegna áfengis- og/eða vímuefnamedferðar í eitt skipti samkvæmt eftirfarandi reglum:

- i. Framvísað er vottorði frá viðkomandi sjúkrastöð eða trúnaðarlækni þjóðkirkjunnar.
- ii. Heimildin nær aðeins til starfsmanna sem eru fastráðnir og eru að lágmarki í 50% starfi.
- iii. Launagreiðslur fara eftir sömu reglum og gilda um laun í veikindaförföllum.
- iv. Mannauðsstjóri gerir skriflegan samning við starfsmann sem hann telur eiga að njóta þeirra heimilda sem reglur þessar kveða á um. Í samningnum er tekið skýrt fram að starfsmaðurinn samþykki lækkun á uppsöfnuðum veikindarétti sem nemur því tímabili sem vinnuveitandi greiðir honum laun á meðan á meðferð stendur.

#### Viðauki I.

Tilboð um laun á meðan á meðferð stendur.

Ef starfsmaður hefur unnið hjá stofnunum þjóðkirkjunnar, öðrum en sóknum, í eitt ár eða lengur er honum boðið að fara í áfengis-/vímuefnamedferð í eitt skipti á launum.

Starfsmanni er kynntur samningur milli hans og þjóðkirkjunnar sem felur í sér eftirfarandi:

1. Að um heildstæða meðferð sé að ræða og hámarkstími greiðslu sé um sex vikur.
2. Að vottorði frá viðkomandi meðferðarstöð eða trúnaðarlækni sé framvísað.
3. Að launagreiðslur fari eftir sömu reglum og í veikindaförföllum.
4. Að starfsmaður sækir eftirfylgd samkvæmt útskriftaráætlun.
5. Að starfsmaður geri yfirmanni grein fyrir framvindu bata að meðferð lokinni.

#### Viðauki II.

Samningur vegna áfengis- eða vímuefnamedferðar starfsmanns.

Nafn starfsmanns.

Kennitala.

Stofnun.

Starf.

Tímabil meðferðar.

Dagsetning samnings.

Fyrirliggjandi gögn/upplýsingar:

Vottorð trúnaðarlæknis eða meðferðarstofnunar.

Staðfest af launadeild að veikindaréttur sé til staðar.

Hér með er staðfest samkomulag milli starfsmanns og þjóðkirkjunnar um ráðstöfun hluta veikindaréttar til starfsmanns á meðan á meðferð stendur. Starfsmaður samþykkir að réttur hans til launa í veikindum verði notaður í þessum tilgangi og að uppsafnaður réttur verði skertur sem nemur meðferðartímanum.

Undirritun

---

Staðfesting starfsmanns

---

Staðfesting yfirmanns

---

**Samþykkt í einni umræðu á kirkjuþingi 22. nóvember 2021.**

36. mál 2021-2022

Flutt af forsætisnefnd

**Þingsályktun  
um skipan framkvæmdanefndar kirkjuþings og erindisbréf nefndarinnar.**

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir að kjósa framkvæmdanefnd skipaða þremur kirkjuþingsfulltrúum, tvo úr hópi óvígðra og tvo til vara, einn úr hópi vígðra og einn til vara með sama hætti. Formaður skal kosinn sérstaklega. Umboð nefndarinnar gildir til næsta reglulegs kirkjuþings 2022.

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir eftirfarandi erindisbréf framkvæmdanefndar kirkjuþings:

**ERINDISBRÉF  
framkvæmdanefndar kirkjuþings.**

1. gr.

Framkvæmdanefnd annast, fyrir hönd kirkjuþings, eftirlit með fjárhag og rekstri Þjóðkirkjunnar og að ákvörðunum og áætlunum samþykktum af kirkjuþingi sé fylgt eftir.

Framkvæmdanefnd starfar að því markmiði að tryggja styrk og velgengni Þjóðkirkjunnar. Nefndin er ábyrg gagnvart kirkjuþingi og starfar í umboði þess.

2. gr.

Framkvæmdanefnd heldur að jafnaði mánaðarlega fundi.

Framkvæmdanefndin fundar, eftir þörfum með biskupi Íslands, forseta kirkjuþings og/eða öðrum þeim sem málefni gefa tilefni til.

Nefndin skilar árlega skýrslu til kirkjuþings eftir hvert starfsár nefndarinnar.

3. gr.

Telji framkvæmdanefnd kirkjuþings að fjármál og rekstur Þjóðkirkjunnar samræmist ekki ákvörðunum og samþykktum kirkjuþings skal nefndin tilkynna það forsætisnefnd kirkjuþings.

4. gr.

Meiri hluti framkvæmdanefndar kirkjuþings er bær til þess að rita firmað Þjóðkirkjan og gera bindandi löggæringa. Felst m.a. í því heimild til að rita undir öll skjöl er varða fasteignir Þjóðkirkjunnar svo sem kaupsamninga, afsöl, leigusamninga, veðleyfi, skuldabréf og skiptasamninga.

Framkvæmdanefnd getur veitt framkvæmdastjóra rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar og tilteknum starfsmönnum Þjóðkirkjunnar heimild til að rita firmað Þjóðkirkjan.

5. gr.

Framkvæmdanefnd kirkjuþings er kosin til eins árs. Hinu sama gegnir um varamenn. Starfsreglur um þingsköp kirkjuþings gilda um hæfi nefndarmanna.

Framkvæmdanefndin ræður framkvæmdastjóra rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar og setur honum starfslýsingu.

Framkvæmdanefndin skal sjá til þess að ritaðar séu fundargerðir affundum nefndarinnar og þær birtar á opnum vef kirkjunnar. Heimilt er nefndinni að halda sérstaka trúnaðarbók um málefni sem nauðsyn krefur að trúnaður ríki um.

Framkvæmdanefndin setur sér vinnureglur og verkferla.

Framkvæmdanefndin hefur aðgang að skjalasafni Þjóðkirkjunnar og getur óskað eftir upplýsingum frá rekstrarstofu til að geta rækt starf sitt.

Hver nefndarmaður skal undirrita ótímabundna trúnaðaryfirlýsingu um þagnarskyldu áður en hann tekur til starfa.

Erindisbréfið gildir frá 1. janúar 2022 til næsta reglulegs kirkjuþings 2022. Erindisbréfið skal endurskoða með reglulegum hætti. Gert er ráð fyrir að framkvæmdanefnd leggi til breytingar á erindisbréfi á fyrsta starfsári nefndarinnar.

**Samþykkt á kirkjuþingi 27. október 2021.**

37. mál 2021-2022.  
Flutt af forsætisnefnd.

### **Þingsályktun um heitið Þjóðkirkjan.**

Kirkjuþing 2020-2021 ályktar að heiti Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu verði frá og með 1. janúar 2022 „Þjóðkirkjan“.

### **Samþykkt á kirkjuþingi 27. október 2021.**

### **Tillaga til þingsályktunar um heitið Þjóðkirkjan**

Kirkjuþing 2020-2021 ályktar að heiti Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu verði frá og með 1. janúar 2022 „Þjóðkirkjan“.

#### **Greinargerð.**

Á aukakirkjuþingi 2021 var samþykkt þingsályktun um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar. Yfirstjórn kirkjunnar er skipt upp í tvö ábyrgðarsvið sem starfi náði saman. Er um að ræða annars vegar biskupsstofu sem verður áfram embættisskrifstofa biskups Íslands, en með breyttu hlutverki og síðan ný rekstrarskrifstofa (rekstrarstofa) Þjóðkirkjunnar sem annast veraldlega umsýslu og styður við þjónustu biskupsembættisins. Það heiti á skrifstofu kirkjustjórnarinnar og hinum lögformlega rekstraráðila sem notað hefur verið frá 1. janúar 2020, þ.e. „Þjóðkirkjan-Biskupsstofa“ verður ekki alls kostar lýsandi með hliðsjón af hinni nýju rekstrarstofu sem tekur til starfa um áramót 2021-2022. Lagt er til að heitið verði einfaldað og nefnist skrifstofan og lögaðilinn einungis „Þjóðkirkjan“. Síðan verða, í samræmi við framangreint, tvær skrifstofur þar sem bera heitin biskupsstofa annars vegar og rekstrarstofa Þjóðkirkjunnar hins vegar.

Biskupsembættið mun áfram fara með yfirráð yfir heitinu „biskupsstofa“ eins og verið hefur. Heitið „biskupsstofa“ er skráð vörumerki hjá Hugverkastofu, frá og með 30. apríl 2016 til 30. apríl 2026 og biskupsstofa sem lögaðili er skráður eigandi þess.

#### *Nefndarálit og breytingartillaga löggjafarnefndar*

Löggjafarnefnd hefur fjallað um málið. Nefndin leggur áherslu á að ekki komi til verulegs kostnaðar við breytinguna og að Þjóðkirkjan-Biskupsstofa starfi áfram undir einni kennitölu þó stofan skiptist í tvö ábyrgðarsvið, biskupsstofu og rekstrarstofu.

Nefndin leggur til að þingsályktunartillagan á þingskjali 37 verði samþykkt með eftirfarandi

#### *breytingartillögu:*

Lagt er til að kirkjuþing 2021-2022 samþykki að heitið „Þjóðkirkjan“ verði ritað með hástaf. Jafnframt er lagt til að framkvæmd málsins verði á hendi kirkjuráðs.

**Málið var dregið til baka.**

**Tillaga að starfsreglum um rekstrarskrifstofu þjóðkirkjunnar.**

1. gr.

Rekstrarskrifstofa þjóðkirkjunnar, í starfsreglum þessum nefnd rekstrarstofa, starfar í umboði kirkjuþings.

Framkvæmdanefnd kirkjuþings, sbr. gildandi starfsreglur um kirkjuþing hverju sinni, lítur eftir starfi rekstrarstofunnar í samræmi við gildandi starfsreglur, samþykktir kirkjuþings og stefnumörkun.

2. gr.

Hlutverk rekstrarstofunnar er að fylgja eftir starfsreglum, stefnum, ályktunum, áætlunum og öðrum samþykktum kirkjuþings hverju sinni.

Rekstrarstofan sinnir allri almennri þjónustu við yfirstjórn þjóðkirkjunnar sem og við starfseiningar á ábyrgðarsviði biskups, eftir því sem við á.

Rekstrarstofan sinnir annarri þjónustu s.s. við söfnuði, starfsfólk þjóðkirkjunnar og aðra kirkjulega aðila, eftir því sem kirkjuþing mælir fyrir um.

3. gr.

Rekstrarstofan hefur, auk þess er greinir í 1. gr., eftirtalin verkefni með höndum:

**a. Fjármál og fasteignir þjóðkirkjunnar.**

Rekstrarstofan fylgir eftir gildandi starfsreglum og stefnumörkun um fjármál og fasteignir þjóðkirkjunnar hverju sinni. Rekstrarstofan skal árlega semja tillögu að fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar til framlagningar á kirkjuþingi og fylgir samþykktri áætlun eftir.

Rekstrarstofan hefur umsjón og eftirlit með húsnæði því þar sem yfirstjórn þjóðkirkjunnar, þ.e. kirkjuþing, biskupsstofa og rekstrarstofa hafa aðsetur. Jafnframt annast rekstrarstofan almennt skrifstofuhald fyrir yfirstjórn kirkjunnar.

Aðrir kirkjulegir aðilar geta haft aðsetur í húsnæði yfirstjórnarinnar og notið þar þjónustu, eftir nánara samkomulagi þar að lútandi.

**b. Launamál.**

Rekstrarstofan annast launaumsýslu vegna starfsfólks þjóðkirkjunnar. Enn fremur er rekstrarstofunni heimilt að annast launaumsýslu fyrir aðra lögaðila innan kirkjunnar, samkvæmt þjónustusamningum þar að lútandi.

**c. Innviðir og önnur verkefni.**

Rekstrarstofan sér til þess að nauðsynlegir innviðir séu til staðar hverju sinni, s.s. á sviði upplýsingatækni, skjalastjórnunar og aðrir þeir innviðir sem tryggja árangursríkan, hagkvæman og traustan rekstur þjóðkirkjunnar.

#### 4. gr.

Framkvæmdanefnd kirkjuþings ræður framkvæmdastjóra rekstrarstofu þjóðkirkjunnar, setur honum starfslýsingu og ákvarðar starfskjör.

Framkvæmdastjóri fylgir eftir lögbundnu hlutverki kirkjuþings að því er varðar fjárfstjórn, stefnumótun í rekstri og áætlanagerð. Hann ábyrgist að rekstrarstofan sinni skyldum sínum samkvæmt starfsreglum þessum og að gætt sé góðra stjórnarháttanna í hvívetna.

Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk rekstrarstofunnar, semur um laun og önnur starfskjör og setur því starfslýsingar. Heimilt er að semja um þjónustu við biskupsstofu hvað varðar mannauð vegna starfsfólks rekstrarstofunnar.

#### 5. gr.

Rekstrarstofan og biskupsstofa gera með sér samning um gagnkvæma þjónustu, nánari útfærslu verkaskipta, reglulega upplýsinga- og samskiptafundi og önnur atriði sem varða samstarf þeirra, sem og samskipti og þjónustu við kirkjuþing.

Framkvæmdanefnd kirkjuþings setur nánari verkferla og viðmið um einstaka starfsþætti í starfsemi rekstrarstofunnar.

#### 6. gr.

Framkvæmdanefnd kirkjuþings leggur árlega fram skýrslu á reglulegu kirkjuþingi að hausti þar sem gerð er grein fyrir störfum nefndarinnar og rekstrarstofunnar. Miða skal við að sú skýrsla taki hverju sinni til starfsárs nefndarinnar.

#### 7. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. janúar 2022.

### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Skýrsla framkvæmdanefndar á reglulegu kirkjuþingi að hausti 2022, sbr. 6. gr. starfsreglna þessara, skal taka til tímabilsins frá 1. janúar til og með 30. september 2022.



39. mál 2021-2022

Flutt af Gísla Jónassyni.

**Þingsályktun um áframhaldandi stöðvun nýráðninga.**

Kirkjuþing 2021-2022 ályktar að sú stöðvun nýráðninga til starfa hjá Þjóðkirkjunni sem aukakirkjuþing 2021 samþykkti þann 21. júní 2021 að gilda skyldi til 1. nóvember 2021 verði áfram í gildi til 1. janúar 2022.

**Samþykkt á kirkjuþingi 27. október 2021.**

40. mál 2021-2022

Flutt af Berglindi Hönnudóttur.

### **Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins**

1. gr.

2. máls. 1. gr. orðast svo:

Þingið skal haldið árlega á tímabilinu ágúst fram í maí og starfi í tvo daga yfir helgi.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. janúar 2022.

**Samþykkt í einni umræðu á kirkjuþingi 22. nóvember 2022.**

41. mál 2021-2022

Flutt af forsætisnefnd

### **Starfsreglur um áframhaldandi gildi starfsreglna kirkjupings.**

#### 1. gr.

Eftirtaldar starfsreglur kirkjupings þjóðkirkjunnar halda gildi sínu til 1. janúar 2023:

1. Starfsreglur um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar nr. 330/2019, sbr. starfsrgl. nr. 1158/2020.
2. Starfsreglur um biskupsstofu, nr. 1230/2016, , sbr. starfsrgl. nr. 402/2021.
3. Starfsreglur um djákna nr. 738/1998, sbr. starfsrgl. nr. 843/2003 og nr. 1051/201.
4. Starfsreglur um Fjölskyldu- og sálgæsluþjónustu kirkjunnar nr. 951/2009, sbr. starfsrgl. nr. 954/2010 og 387/2021.
5. Starfsreglur um kirkjur og safnaðarheimili nr. 822/2000, sbr. starfsrgl. nr. 770/2002, nr. 1030/2007, nr. 1051/2018 og nr. 402/2021.
6. Starfsreglur um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 1074/2017.
7. Starfsreglur um leikmannastefnu nr. 874/2004, sbr. starfsrgl. nr. 953/2010 og nr. 1051/2018.
8. Starfsreglur um presta nr. 1110/2011, sbr. starfsrgl. nr. 1051/2018.
9. Starfsreglur um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009 , sbr. starfsrgl. nr. 951/2010, nr. 1024/2014, nr. 1076/2017, nr. 1115/2018, nr. 935/2020, nr. 985/2020, nr. 1214/2020, nr. 401/2021 og nr. 402/2021.
10. Starfsreglur um prófasteifa nr. 966/2006, sbr. starfsrgl. nr. 1026/2007, nr. 1030/2007, nr. 947/2009, nr. 948/2009, nr. 917/2010, nr. 1038/2012, nr. 1051/2018, nr. 1157/2020, nr. 402/2021 og nr. 763/2021.
11. Starfsreglur um ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni nr. 821/2000, sbr. starfsrgl. nr. 954/2010 og nr. 1051/2018.
12. Starfsreglur um samfélags- og fræðslunefnd þjóðkirkjunnar nr. 1111/2018, sbr. starfsrgl. nr. 402/2021.
13. Starfsreglur um samkirkjunefnd þjóðkirkjunnar nr. 1006/2005, sbr. starfsrgl. nr. 1023/2014 og nr. 1051/2018.
14. Starfsreglur um sérþjónustupresta sem ráðnir eru á vegum stofnana og félagasamtaka nr. 842/1999, sbr. starfsrgl. nr. 954/2010 og nr. 1051/2018.
15. Starfsreglur um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, sbr. starfsrgl. nr. 1074/2008, nr. 947/2009, nr. 915/2010, nr. 917/2010, nr. 955/2010, nr. 1114/2011, nr. 1115/2011, nr. 1035/2012, nr. 284/2013, nr. 1104/2013, nr. 625/2014, nr. 1026/2014, nr. 304/2016, nr. 1032/2016, nr. 444/2017, nr. 387/2018, nr. 1052/2018, nr. 1112/2018, nr. 1113/2018, nr. 230/2019, nr. 231/2019, nr. 232/2019, nr. 273/2019, nr. 1012/2019, nr. 1013/2019, nr. 974/2020 og nr. 1154/2020.
16. Starfsreglur um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar nr. 730/1998, sbr. starfsrgl. nr. 827/2000, nr. 1030/2007, nr. 1031/2007, nr. 1051/2018 og nr. 402/2021.

17. Starfsreglur um þjálfun djáknaefna nr. 843/2003, sbr. starfsrgl. nr. 1051/2018.
18. Starfsreglur um þjálfun prestsefna nr. 788/2002, sbr. starfsrgl. nr. 1008/2005 og nr. 954/2010.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjunnar nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar.

**Samþykkt á kirkjuþingi 23. nóvember 2021**

## Starfsreglur um kirkjuþing unga fólksins.

### *I. Hlutverk og skipulag.*

#### 1. gr.

Biskup Íslands boðar til kirkjuþings unga fólksins í samráði við forseta kirkjuþings. Þingið skal haldið árlega á tímabilinu ágúst fram í maí og starfi í tvo daga yfir helgi.

Þingmál skulu hafa borist þingfulltrúum a.m.k. fimm virkum dögum fyrir þingdag.

#### 2. gr.

Hlutverk kirkjuþings unga fólksins er að ræða stöðu og hlutverk ungs fólks í þjóðkirkjunni og í samfélagi kirkna um heim allan. Kirkjuþing unga fólksins er vettvangur ungs fólks til að hafa áhrif á starfsemi kirkjunnar.

#### 3. gr.

Biskupsstofa annast undirbúning kirkjuþings unga fólksins í samvinnu við stjórn Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar sem kýs verkefnisstjóra til að annast framkvæmd þingsins.

### *II. Þingfulltrúar.*

#### 4. gr.

Á kirkjuþingi unga fólksins eiga sæti fulltrúar prófastsdæmanna og KFUM og KFUK með málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt; alls 29 fulltrúar samkvæmt eftirfarandi:

- a) Reykjavíkurrófastsdæmi vestra, 3 æskulýðsleiðtogar og 2 ungmenni.
- b) Reykjavíkurrófastsdæmi eystra, 3 æskulýðsleiðtogar og 2 ungmenni.
- c) Kjalarnessrófastsdæmi, 3 æskulýðsleiðtogar og 2 ungmenni.
- d) Vesturlandsrófastsdæmi, 1 æskulýðsleiðtogi og 1 ungmenni.
- e) Vestfjarðarófastsdæmi, 1 æskulýðsleiðtogi og 1 ungmenni.
- f) Húnavatns- og Skagafjarðarófastsdæmi, 1 æskulýðsleiðtogi og 1 ungmenni.
- g) Eyjafjarðar- og Þingeyjarófastsdæmi, 2 æskulýðsleiðtogar og 1 ungmenni. h) Austurlandsrófastsdæmi, 1 æskulýðsleiðtogi og 1 ungmenni.
- i) Suðurófastsdæmi, 2 æskulýðsleiðtogar og 1 ungmenni.

Auk fulltrúa prófastsdæmanna velur stjórn KFUM og KFUK á Íslandi þrjá fulltrúa frá félögum til setu á kirkjuþinginu sem hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

Fulltrúar skulu vera á aldursbilinu 14 til 35 ára, skráðir í þjóðkirkjuna og starfandi og/eða búsettir í því kjördæmi sem þeir sitja fyrir. Prófastar bera ábyrgð á tilnefningum og vali fulltrúa til kirkjuþings unga fólksins í samráði við sóknarpresta, presta, djákna, æskulýðsfulltrúa og aðra sem bera ábyrgð á kirkjustarfi í hverju prófastsdæmi. Hafa allir fyrrnefndir aðilar rétt til að tilnefna fulltrúa á kirkjuþing unga fólksins og skal senda prófasti þær tilnefningar. Biskup tilkynnir öllum sem að framan greinir um rétt þeirra til

að tilnefna fulltrúa. Prófastur tilkynnir valda fulltrúa til verkefnisstjóra kirkjuþings unga fólksins.

Komi ekki tilnefningar úr héraði a.m.k. sex vikum fyrir þingdag frá próföstum skal vísa tilnefningunum til verkefnisstjóra kirkjuþings unga fólksins.

Skulu fulltrúar kirkjuþings unga fólksins vera valdir til tveggja ára. Geti fulltrúi ekki komist á kirkjuþing unga fólksins af einhverjum orsökum skal nýr fulltrúi (varamaður) vera valinn í hans stað sem hefur þá þátttökurétt til tveggja ára.

Boða skal til kirkjuþings unga fólksins í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir upphaf kirkjuþings. Verkefnisstjóra kirkjuþings unga fólksins ber að tilkynna völdum þingfulltrúum um rétt þeirra til setu á kirkjuþingi unga fólksins 4 vikum fyrir þingdag.

### *III. Þingsköp.*

#### 5. gr.

Kirkjuþing unga fólksins hefst með helgistund er biskup Íslands annast. Þá setur forseti kirkjuþings þingið og stýrir því fram yfir kosningu forseta og varaforseta.

#### 6. gr.

Í upphafi kirkjuþings unga fólksins eru kosnir forseti, tveir varaforsetar og tveir fundarritarar.

#### 7. gr.

Kirkjuþing unga fólksins starfar á boðuðum þingfundum og í þremur þingnefndum. Í upphafi þingsins skulu lögð fram mál sem fjalla á um á þinginu. Fulltrúum ber að skila inn þingmálum til verkefnisstjóra kirkjuþings unga fólksins og biskupsstofu a.m.k. tíu dögum fyrir upphaf þings. Þessum aðilum ber að koma málunum fullunnum til þingmanna ekki síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf þingsins.

Eftir fyrri umræðu skal málinu vísað til nefndar. Forseti og varaforsetar skipa fulltrúa í nefndirnar svo og formenn þeirra. Formaður nefndar ber ábyrgð á skipulagningu nefndarstarfsins og getur kallað til utanaðkomandi aðila inn á nefndarfund. Formaður kynnir á þingfundi niðurstöðu nefndar. Mál eru samþykkt með handauppréttingu eða skriflegri atkvæðagreiðslu ef einhver óskar þess og dugir einfaldur meirihluti. Ályktanir og samþykktir kirkjuþings unga fólksins skulu sendar forsætisnefnd kirkjuþings til umfjöllunar og meðferðar.

#### 8. gr.

Auk afgreiðslu mála skal kirkjuþing unga fólksins kjósa einn fulltrúa á kirkjuþing með málfrelsi og tillögurétt.

### *IV. Annað*

#### 9. gr.

Á kirkjuþingi unga fólksins skal að öðru leyti taka mið af þingsköpum kirkjuþings eins og við getur átt.

10. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. janúar 2022. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um kirkjuþing unga fólksins nr. 316/2020, með síðari breytingum.

**Samþykkt á kirkjuþingi 23. nóvember 2021**

### **Starfsreglur um héraðsfundi og héraðsnefndir.**

#### *Almennt.*

##### 1. gr.

Héraðsfundi skal halda í hverju prófastsdæmi ár hvert. Héraðsfundur er vettvangur til að ræða sameiginleg málefni kirkjunnar í héraðinu.

Héraðsnefnd prófastsdæmis er framkvæmdanefnd héraðsfundar.

#### *Um héraðsfundi.*

##### 2. gr.

Héraðsfundur er aðalfundur prófastsdæmis og fjallar um málefni sem varða starf þjóðkirkjunnar í prófastsdæminu. Þar fara fram starfsskil héraðsnefndar vegna síðasta árs, svo og reikningskil héraðssjóðs.

Héraðsfundur samræmir og markar sameiginlegt kirkjustarf í prófastsdæminu og ráðstafar héraðssjóði fyrir næsta ár og afgreiðir fjárhagsáætlun héraðssjóðs fyrir næsta ár.

##### 3. gr.

#### *Á héraðsfundi mæta:*

- a. Þjónandi prestar í prófastsdæminu.
- b. Safnaðarfulltrúar og formenn sóknarnefnda eða varamenn þeirra.
- c. Djáknar, starfandi í prófastsdæminu.
- d. Kirkjuþingsmenn viðkomandi kjördæmis.
- e. Fulltrúar prófastsdæmisins á leikmannastefnu.

Vígslubiskupi umdæmisins skal boðið að sitja héraðsfund með málfrelsi og tillögurétt.

Starfsmönnum sókna og prófastsdæmis svo og öllum áhugamönnum innan þjóðkirkjunnar um kirkjuleg málefni er heimilt að mæta á héraðsfundi með málfrelsi og tillögurétt.

Á héraðsfundi hafa atkvæðisrétt tveir fulltrúar frá hverri sókn, sbr. b-lið, starfandi prestar og djáknar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á héraðsfundi. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði prófasts.

##### 4. gr.

Héraðsfundi skal halda að jafnaði í hverju prófastsdæmi eigi síðar en 15. júní ár hvert.

Héraðsfundur er vettvangur prófastsdæmis til þess að ræða um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar í prófastsdæminu og önnur þau málefni sem lög leggja til hans eða stjórnvöld kirkjumála vísa þangað til umfjöllunar, umsagnar eða úrlausnar eða safnaðarfundir, sóknarnefndir, sóknarprestar og starfsmenn sókna óska eftir að þar verði rædd. Héraðsnefnd ákveður fundarstað.



5. gr.

Prófastur boðar héraðsfund skriflega með hálfmánaðar fyrirvara og skal í fundarboði greina frá dagskrá fundar. Fundarboð skal sent öllum sóknarnefndum, prestum og djáknum í prófastsdæminu, fulltrúum á kirkjuþingi í kjördæminu og fulltrúum prófastsdæmisins á leikmannastefnu, sbr. starfsreglur um leikmannastefnu. Fundurinn skal einnig auglýstur.

Rétt boðaður fundur er lögmætur.

6. gr.

Dagskrá héraðsfundar:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla héraðsnefndar um starfsemi liðins árs þar sem m.a. skal getið um framkvæmd ályktana og samþykkt síðasta héraðsfundar.
3. Ársreikningar héraðssjóðs til samþykktar.
4. Starfsáætlun héraðsnefndar þ.m.t. styrkir og fjárhagsáætlun héraðssjóðs fyrir næsta almanaksár til samþykktar.
5. Starfsskýrslur sókna, nefnda, héraðsprests og annarra starfsmanna prófastsdæmisins lagðar fram svo og ársreikningar sókna og kirkjugarða.
6. Mál er varða kirkjuþing, tekin til umfjöllunar og afgreiðslu.
7. Samþykktir prestastefnu og leikmannastefnu kynntar.
8. Ákvörðun um greiðslur til kjörinna héraðsnefndarmanna fyrir störf þeirra á liðnu ári.
9. Sameiginleg mál sóknarnefnda er varða rekstur og starfsmannahald.
10. Kosningar:
  - a) Kosning aðalmanna og varamanna til héraðsnefndar, annarra en formanns, til tveggja ára í senn.
  - b) Kosning tveggja skoðunarmanna eða endurskoðenda reikninga héraðssjóðs og tveggja til vara til tveggja ára í senn.
  - c) Kosning fulltrúa og varamanna þeirra á leikmannastefnu til fjögurra ára í senn, sbr. starfsreglur um leikmannastefnu.
  - d) Kosning aðalmanns og varamanns til fulltrúaráðs Hjálparstarfs kirkjunnar til tveggja ára í senn.
11. Aðrar kosningar eða tilnefningar sem heyra undir héraðsfund.
12. Önnur mál.

7. gr.

Prófastur boðar aukahéraðsfund, ef þurfa þykir. Skyld er að boða slíkan fund, ef fjórðungur atkvæðisbærra héraðsfundarmanna óskar þess. Ákvæði starfsreglna þessara eiga við um slíka fundi eins og við getur átt.

*Um héraðsnefnd.*

8. gr.

Héraðsnefnd fer með stjórn héraðssjóðs. Hún er framkvæmdanefnd héraðsfundar og

skal starfa á milli héraðsfunda. Héraðsnefnd er í fyrirsvari fyrir prófastsdæmið að því er varðar sameiginleg málefni prófastsdæmisins. Héraðsnefnd skipa þrír menn. Formaður nefndarinnar er starfandi prófastur en héraðsfundur kýs aðra nefndarmenn til tveggja ára í senn og varamenn þeirra með sama hætti. Héraðsfundi er þó heimilt að kjósa annan fulltrúann til eins árs, þannig að leikmaður verði eftirleiðis kosinn annað hvort á og prestur hitt. Sama gildir þá um varamenn þeirra. Nefndin skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum.

#### 9. gr.

Verkefni héraðsnefndar eru sem hér segir:

1. Héraðsnefnd fylgir eftir samþykktum héraðsfunda og sendir þær biskupi Íslands, vígslubiskupi og öðrum, sem hlut eiga að máli.
2. Héraðsnefnd ákveður úthlutanir úr sjóðnum á grundvelli samþykpta héraðsfunda og sér um reikningshald hans.
3. Héraðsnefnd gerir grein fyrir starfsemi sjóðsins á héraðsfundi og skal leggja fram ársreikninga liðins almanaksárs og fjárhagsáætlun næsta almanaksárs til samþykktar á héraðsfundi.
4. Héraðsnefnd ræður starfsmenn til að gegna einstökum verkefnum, sem héraðsfundur hefur samþykkt.
5. Héraðsnefnd leggur fram starfs- og fjárhagsáætlun á héraðsfundi og ber ábyrgð á framkvæmd hennar. Heimilt er héraðsnefnd að skipa starfshópa eða nefndir til að vinna að einstökum þáttum starfsáætlunar.
6. Héraðsnefnd sér til þess að starfsemi og rekstur, samkvæmt ákvörðunum héraðsfundar, færsla bókhalds, varsla gagna og önnur atriði í rekstri séu jafnan í góðu horfi.

#### 10. gr.

Prófastur kveður héraðsnefnd saman til fundar svo oft sem þörf krefur. Skylt er að halda fund ef tveir nefndarmanna óska þess. Nefndarmenn fá greidda reikninga fyrir útlagðan kostnað úr héraðssjóði. Nefndarmenn fá greidda þóknun fyrir fundarsetu, en þó ekki prófastur.

#### *Um héraðssjóð.*

#### 11. gr.

Héraðsfundi er heimilt að ákveða að allt að 5% af innheimtum sóknargjöldum, skv. I. kafla laga um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987, renni í sérstakan sjóð, héraðssjóð, í vörslu prófasts.

Héraðssjóður styrkir eða kostar kirkjulega starfsemi innan prófastsdæmis, einkum er varðar samstarf og samstarfsverkefni sókna, fræðslu, málþing, náms- og mótsferðir, fundi og einstök þróunarverkefni.

Sjóðnum er ætlað að standa undir kostnaði af sameiginlegum kirkjulegum verkefnum innan prófastsdæmisins eftir ákvörðun héraðsfundar og héraðsnefndar. Jafnframt er heimilt að veita styrki úr sjóðnum til einstakra sókna.

Héraðsjóði er heimilt að styrkja, kosta eða veita sameiginlega þjónustu fyrir sóknir sem eru í formlegu samstarfi innan prófastsdæmisins.

12. gr.

Héraðssjóður greiðir að jafnaði ekki laun utan nefndarlaun og laun sérstakra starfsmanna prófastsdæmisins, sbr. 4. tölul. 9. gr. Héraðssjóður styrkir að jafnaði ekki hefðbundið safnaðarstarf einstakra sókna, sbr. gildandi starfsreglur um söfnuði og sóknarnefndir hverju sinni, nýbyggingar og viðhald bygginga. Héraðssjóður styrkir ekki það sem fellur undir starfskostnað presta og prófaste, sbr. starfsreglur um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa.

13. gr.

Endurskoðun reikninga sjóðsins annast tveir endurskoðendur eða skoðunarmenn kjörnir af héraðsfundi til tveggja ára í senn.

*Gildistaka.*

14. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2022. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 982/2020.

**Samþykkt á kirkjuþingi 23. nóvember 2021**

## **Starfsreglur um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa.**

### I. KAFLI

#### **Rekstrar- og aksturskostnaður.**

##### 1. gr.

Skrifstofukostnaður vegna starfa sóknarpresta og presta greiðist sem hér greinir. Þar sem íbúar eru:

a. 3.500 eða fleiri, greiðast kr. 306.072 á ári.

b. 1.500-3.500, greiðast kr. 327.941 á ári.

c. 1.500 eða færri, greiðast kr. 357.091 á ári.

Auk þess greiðast vegna síma-, pósts- og fatakostnaðar kr. 39.087 á ári. Þessar fjárhæðir skulu sundurliðaðar og jafnað niður í mánaðarlegar greiðslur.

Héraðsprestar og sérþjónustuprestar fá greitt samkvæmt a-lið.

##### 2. gr.

Til árlegs starfskostnaðar vegna prófastsstarfa greiðast til viðbótar starfskostnaði samkvæmt 1. gr. kr. 260.604.

##### 3. gr.

Starfskostnaður vegna prests- og prófastsstarfa greiðist að hálfu vegna aukaþjónustu og veikindaleyfa en ekki koma til sérstakar greiðslur vegna sumarafleysinga.

##### 4. gr.

Greiðslur vegna 1. og 2. gr. eru inntar af hendi mánaðarlega vegna næstliðins mánaðar. Biskup Íslands getur falið próföstum að staðfesta akstursbækur presta.

### II. KAFLI

#### **Annar rekstrarkostnaður.**

##### 5. gr.

Leggja skal prestum til hempu og kraga samkvæmt nánari ákvörðun biskups Íslands.

##### 6. gr.

Greiða skal hæfilegan kostnað vegna flutnings búslóðar milli landshluta, allt að kr. 250.000 eftir framlögðum, fullnægjandi gögnum.

##### 7. gr.

Ferðakostnaður presta á prestastefnu og vegna starfa í fastanefndum kirkjunnar er til viðbótar öðrum greiðslum í starfsreglum þessum.

8. gr.

Fjárhæðir í starfsreglum þessum skulu breytast í samræmi við ákvarðanir kirkjuþings fyrir hvert fjárlagaár kirkjunnar.

### III. KAFLI

#### **Gildistaka.**

9. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. janúar 2022. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa nr. 316/2020, með síðari breytingum.

**Samþykkt á kirkjuþingi 23. nóvember 2021.**

## **Þingsályktun um Jafnréttisstefnu Þjóðkirkjunnar.**

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir eftirfarandi Jafnréttisstefnu Þjóðkirkjunnar:

### **Jafnréttisstefna og -áætlun Þjóðkirkjunnar**

#### **I. Inngangur**

Stefnan er skuldbinding Þjóðkirkjunnar um stöðugar umbætur í jafnréttismálum.

Stefna Þjóðkirkjunnar um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna á að stuðla að jafnrétti eins og rétt og skylt er í samræmi við líf og boðskap Jesú Krists. Undirstöðuatriði kristins boðskapar fela í sér jafnréttishugsjón og skírn inn í kristið samfélag gerir engan greinarmun á kyni eða stöðu einstaklinga. Því er jafnréttisstefna viðurkenning manngildis og jafnréttis allra einstaklinga.

Stefna kirkjunnar tekur mið af gildandi jafnréttislögum á Íslandi. Þar er meðal annars lögð áhersla á að kynjasamþætting sé fest í sessi sem mikilvæg leið til að koma á jafnrétti. Þá mun kirkjan vinna eftir lögum um kynrænt sjálfræði og gæta þess í öllu sínu starfi að fylgt sé ákvæði 65. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Jafnframt er tekið mið af því að Þjóðkirkjan er aðili að Alkirkjuráði, Kirknaráði Evrópu og Lúterska heimssambandinu. Samtökin hafa hvatt kirkjur sínar til að gæta að jafnréttissjónarmiðum til hins ýtrasta.

Stefna Þjóðkirkjunnar um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna tekur til stjórnkerfis kirkjunnar, alls starfsfólks hennar sem og til þeirrar starfsemi og þjónustu sem kirkjan veitir.

#### **II. Markmið**

Markmið jafnréttisstefnunnar er að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum rétti kynja í Þjóðkirkjunni og jöfnum möguleikum þeirra til starfa, áhrifa og þjónustu.

#### **Launajafnrétti<sup>1</sup>**

1. Að öllum í þjónustu Þjóðkirkjunnar, óháð kyni, skuli vera greidd jöfn laun, njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, og hafi sama aðgang að greiðslum fyrir persónubundna þætti. Þjóðkirkjan vinni markvisst að því að viðhalda jafnlaunavottun.

#### **Ráðningar, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun<sup>2</sup>**

2. Að öll störf hjá kirkjunni skuli standa öllum opin óháð kyni. Við ráðningar verði leitast við að jafna hlutföll kynjanna, ef um er að ræða jafnhæfa einstaklinga.

<sup>1</sup> Sbr. 6., 7., og 8. gr.

<sup>2</sup> Sbr. 12. gr.

3. Að stuðla að jafnri stöðu kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.
4. Að tryggt sé að allt starfsfólk, óháð kyni, hafi sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar.
5. Að stuðla að betra samræmi milli fjölskyldu- og atvinnulífs starfsmanna.<sup>3</sup>
6. Að allt starfsfólk, óháð kyni, hafi sömu tækifæri til að samræma vinnu og einkalíf, svo sem við fæðingar- og foreldraorlof, leyfi vegna veikinda barna og vegna annarra fjölskylduaðstæðna.
7. Allt starfsfólk, óháð kyni, hafi sveigjanleika eins og kostur er s.s. varðandi fyrirkomulag vinnu og vinnutíma, að eins miklu leyti og starfs hvers og eins leyfir.

#### **Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og einelti.<sup>4</sup>**

8. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og einelti líðst ekki og tekið sé á málum sem koma upp.
9. Á vegum kirkjunnar er starfandi teymi um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar.

### **III. Jafnréttisnefnd kirkjunnar – hlutverk**

Jafnréttisnefnd kirkjunnar samanstendur af fimm aðalmönnum og fimm varamönnum, sem kirkjuþing hefur kosið til fjögurra ára í senn. Jafnréttisfulltrúar starfa með jafnréttisnefnd, sitja fundi hennar. Þeir hafa aðstöðu á biskupsstofu og sinna fræðslu út í söfnuðum.

#### **Hlutverk jafnréttisnefndar kirkjunnar er:**

1. Að vera ráðgefandi fyrir biskup Íslands og kirkjuþing í málefnum er varða jafnrétti kynja.
2. Að hafa frumkvæði að fræðslu og aðgerðum, til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kynja innan kirkjunnar.
3. Að fylgjast með framkvæmd jafnréttisstefnunnar fyrir hönd biskups og kirkjuþings og gera tillögu til framkvæmdanefndar um endurskoðun framkvæmdaáætlunarinnar til fjögurra ára í senn.<sup>5</sup>

#### **Hlutverk jafnréttisfulltrúa er:**

Að hafa eftirlit með jafnréttisstarfi þjóðkirkjunnar. Á fyrsta ársfjórðungi hvers árs skal koma greinargerð frá jafnréttisfulltrúum varðandi framgang vinnu sem gerð hefur verið til að framfylgja markmiðum jafnréttisstefnunnar.<sup>6</sup>

### **Jafnréttisáætlun þjóðkirkjunnar**

Farið skal yfir stöðu allra verkefna árlega með öllum ábyrgðaraðilum.<sup>7</sup>

<sup>3</sup> Sbr. 13. gr.

<sup>4</sup> Sbr. 14. gr.

<sup>5</sup> Sbr. 26. gr.

<sup>6</sup> Sbr. 27. gr.

<sup>7</sup> Jafnréttisnefnd leggi mat á jafnréttisstefnuna og endurskoði jafnréttisáætlun hennar reglulega.

## Launajafnrétti

| Markmið   | Aðgerð  | Ábyrgð                        | Tímarammi                        |
|---|---|-------------------------------|----------------------------------|
| Öllum skuli vera greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, og hafa sama aðgang að greiðslum fyrir persónubundna þætti. | Marka stefnu í jafnlaunamálum. Stefnan kynnt fyrir starfsfólki.               | Stjórnendur                   | Lokið í desember 2021            |
|   | Greina kjör starfsfólks til að kanna hvort um kynbundinn launamun sé að ræða. | Fjármálastjóri                | Lokið í desember 2021            |
|   | Leiðréttingar ef fram kemur óútskýranlegur munur á launum kynja.              | Launafulltrúi                 | Lokið í desember 2021            |
|   | Jafnlaunavottun.  | Skrifstofu- og mannauðsstjóri | Lokið á fyrsta ársfjórðungi 2022 |

## Ráðningar, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

| Markmið   | Aðgerð  | Ábyrgð                                  | Tímarammi                                |
|---|---|---|--|
| Öll laus störf standi opin öllum óháð kyni.   | Samantekt á kynjahlutföllum í öllum starfshópum.  | Fulltrúar mannauðsmála                  | Lokið í janúar ár hvert.                 |
|   | Helstu tölfræðilegar upplýsingar sé aðgengilegt á heimasíðu kirkjunnar.                       | Skrifstofustjóri og mannauðsstjóri      | Uppfært í febrúar og september ár hvert. |
| Við ráðningar verði leitast við að jafna hlutföll kynjanna, ef um er að ræða jafnhæfa einstaklinga.           | Kyngreind samantekt yfir auglýst störf, umsækjendur og ráðningar.                             | Fulltrúar mannauðsmála og valnefnd      | Lokið í janúar ár hvert.                 |
|   | Öll kyn hvött til að sækja um laus störf.   | Fulltrúar mannauðsmála                  | Þegar starf er auglýst                   |
| Tryggt að allt starfsfólk, óháð kyni, hafi sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar. | Árleg greining á ásókn starfsfólks, í sambærilegum störfum, í endurmenntun og starfsþjálfun.  | Fulltrúar mannauðsmála og launafulltrúi | Lokið í apríl ár hvert.                  |
|   | Leita skýringa komi fram kynbundinn munur á sókn starfsfólks í endurmenntun og starfsþjálfun. | Stjórnendur                             | Lokið í maí ár hvert.                    |



## Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

| Markmið  | Aðgerð   | Ábyrgð                        | Tímarammi                     |
|--|--|-------------------------------|-------------------------------|
| Allt starfsfólk, óháð kyni, hafi sömu tækifæri til að samræma vinnu og einkalíf, svo sem við fæðingar- og foreldraorlof, leyfi vegna veikinda barna og vegna annarra fjölskylduaðstæðna. | Kynna fyrir starfsfólki réttindi og skyldur sem það hefur gagnvart vinnustaðnum. | Skrifstofu- og mannauðsstjóri | Kynning í september ár hvert. |
| Allt starfsfólk, óháð kyni, hafi sveigjanleika eins og kostur er s.s. varðandi fyrirkomulag vinnu og vinnutíma, að eins miklu leyti og starf hvers og eins leyfir.                       | Kynna fyrir starfsfólki þann sveigjanleika sem er til staðar hjá kirkjunni.      | Stjórnendur                   | Kynning í september ár hvert. |

## Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og einelti

| Markmið  | Aðgerð  | Ábyrgð                 | Tímarammi   |
|--|---|------------------------|---|
| Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og einelti líðst ekki og tekið sé á málum sem koma upp.   | Fræða starfsfólk um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni og einelti.         | Stjórnendur            | Kynnt á prestastefnu. Kynning í september ár hvert. |
| Á vegum kirkjunnar er starfandi teymi um aðgerðir gegn einelti, kynferðislega áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan kirkjunnar. | Kynna teymið fyrir starfsfólki. Upplýsingar um teymið skal vera aðgengilegt á heimasíðu kirkjunnar. | Fulltrúar mannauðsmála | Kynning í september ár hvert.                       |

Jafnréttisstefna og -áætlun þessi var samþykkt þann 18. nóvember 2021 á fundi jafnréttisnefndar.

### Samþykkt á kirkjuþingi 23. nóvember 2021

## **Pingsályktun um Jafnlaunastefnu Þjóðkirkjunnar.**

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir eftirfarandi Jafnlaunastefnu Þjóðkirkjunnar:

### **Jafnlaunastefna Þjóðkirkjunnar**

#### **I. Inngangur**

Jafnlaunastefna Þjóðkirkjunnar byggir á þeirri staðreynd að allir starfsmenn Þjóðkirkjunnar skuli njóta jafnréttis, óháð kyni, uppruna eða trú. Setning jafnlaunastefnu er hluti af innleiðingarferli jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012.

Jafnlaunastefnu er ætlað að stuðla að jafnrétti allra starfsmanna m.a. að fylgja viðeigandi lagalegum kröfum og öðrum kröfum sem Þjóðkirkjan undirgengst varðandi meginregluna um að greidd séu sambærileg laun fyrir jafnverðmæt störf óháð kyni og að allir starfsmenn njóti jafnréttis til starfsþróunar. Þannig uppfyllir Þjóðkirkjan allar lagalegar skuldbindingar þar að lútandi, sem og aðrar kröfur sem lúta að sama efni.

Markmið jafnlaunastefnu, sem og jafnlaunaáætlunar Þjóðkirkjunnar er að tryggja sambærileg réttindi, aðstöðu og tækifæri starfsfólks óháð kyni, trú, þjóðerni, kynþætti, fötlun, kynhneigð eða stjórnámálaskoðunum og koma í veg fyrir mismunun á grundvelli þessara þátta.

Jafnlaunastefnan er hluti af jafnréttisstefnu Þjóðkirkjunnar.

Jafnlaunastefnan er birt á vefsíðu Þjóðkirkjunnar og hefur verið kynnt starfsmönnum stofunnar.

#### **II. Umfang**

Stefnan nær til allra starfsmanna Þjóðkirkjunnar.

#### **III. Ábyrgð**

Stjórnendur Þjóðkirkjunnar eru ábyrgir fyrir framgangi jafnréttismála og framkvæmd og eftirfylgni jafnlaunastefnunnar og ber þeim að bregðast við verði þeir varir við misfellur.

Stjórnendum og mannauðssviði ber að vinna markvisst gegn atferli eða viðhorfum, sem gætu leitt til mismununar starfsmanna.

Skrifstofu- og mannauðsstjóri ber ábyrgð á skjalfestingu, innleiðingu og framkvæmd jafnlaunastefnunnar og eftirfylgni með jafnlaunastaðli, ásamt því að bera ábyrgð á að jafnlaunastefnu og jafnlaunaáætlun sé viðhaldið. Hann ber ábyrgð á að árleg rýni sé framkvæmd, sem og ábyrgð á birtingu árlegrar stöðu- og framvinduskýrslu og að brugðist sé við frávikum, komi þau upp.

#### **IV. Stöðumat**

Fyrir lok fyrsta ársfjórðungs hvers árs skal gerð stöðu- og framvinduskýrsla, þar sem gerð er samantekt fyrir liðið ár ásamt áætlun til úrbóta ef þarf. Skýrslan skal kynnt stjórnendum ásamt jafnréttisnefnd kirkjunnar.

### **Áætlun um aðgerðir til að ná markmiðum jafnlaunastefnu**

#### ***I. Laun og kjör***

Ákvarðanir um laun og kjör skulu teknar með hlutlægum og sambærilegum hætti fyrir alla starfsmenn.

##### **Markmið**

Að starfsmenn njóti sambærilegra launa og annarra starfskjara fyrir jafnverðmæt störf óháð kynferði.

Að ekki sé munur á launum milli hópa starfsmanna fyrir sambærileg störf, nema að málefnalegar ástæður liggi að baki.

##### **Mælikvarðar**

Launagreining skal gerð árlega í þeim tilgangi að greina hvort um kynbundinn mismun sé að ræða. Niðurstöður skulu kynntar helstu stjórnendum Þjóðkirkjunnar, sem bera eftir atvikum ábyrgð á að grípa til ráðstafana.

Megin niðurstöður launagreiningar skulu kynntar starfsmönnum.

Á árinu 2021 verður jafnlaunastaðallinn ÍST 85:2012 innleiddur hjá Þjóðkirkjunni og verður stefnt að vottun fyrri hluta árs 2022.

##### **Aðgerðir**

Greinist launamunur sem ekki verður skýrður með öðru en kynferði eða öðrum ómálefnalegum þáttum, ber að leiðrétta þann mun svo fljótt sem auðið er.

#### ***II. Starfsþróun starfsmanna***

Þjóðkirkjan leggur áherslu á að allir starfsmenn hennar, óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum þáttum, hafi sömu tækifæri til starfsþróunar. Þannig skulu allir starfsmenn fá viðeigandi þjálfun og njóta sambærilegra tækifæra til að eflast, vaxa og þroskast í starfi, og þróast í hlutverkum innan Þjóðkirkjunnar.

Í starfsþróunarsamtölum skal athygli starfsmanna sérstaklega vakin á möguleikum til starfsþróunar.

##### **Markmið**

Að allir starfsmenn njóti jafnra tækifæra til starfsþróunar. Þannig skulu allir starfsmenn hafa viðeigandi aðgengi að stuðningi í starfi, þjálfun, menntun og vexti óháð kyni, starfi eða starfseiningu.

### **Mælikvarðar**

Í vinnustaðagreiningum skulu starfsmenn árlega beðnir um að leggja mat á möguleika sína til starfsþróunar, þjálfunar eða endurmenntunar og nýtingu á slíkum tækifærum. Upplýsingarnar skulu greindar eftir kyni, hlutverki, starfsaldri og starfseiningum.

Mannauðssvið heldur skrár um allar stöðubreytingar starfsmanna og forsendur þeirra. Mannauðssvið ber ábyrgð á að halda um upplýsingar um endurmenntun og aðra þjálfun starfsmanna.

Mannauðssvið ber ábyrgð á að kynna fyrir starfsmönnum heppilegar leiðir til endurmenntunar og starfsþróunar.

Á hverju ári skal tekin saman og birt tölfræði yfir kynjasamsetningu starfsmanna. Niðurstöðurnar skulu greindar eftir hlutverki, starfsaldri og starfseiningum. Niðurstöðurnar skulu birtar starfsmönnum og stjórnendum Þjóðkirkjunnar.

### **Aðgerðir**

Komi í ljós kynbundinn munur meðal starfsmanna á möguleikum þeirra varðandi stuðning í starfi, þjálfun eða sí- og endurmenntun og/eða nýtingu slíkra möguleika ber tafarlaust að grípa til aðgerða til úrbóta.

Sérstaklega skal gætt að jafnréttismálum við ráðningar hjá Þjóðkirkjunni og skulu auglýsingar um laus störf almennt þannig úr garði gerðar að þær höfði til einstaklinga af öllum kynjum.

Jafnlaunastefna þessi var samþykkt þann 18. nóvember 2021 á fundi jafnréttisnefndar. Stefnan er endurskoðuð á þriggja ára fresti.

### **Samþykkt á kirkjuþingi 23. nóvember 2021**

47. mál 2021-2022.

Flutt af Biskupi Íslands

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum  
um skipulag kirkjunnar í héraði nr.1026/2007.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Grundarsókn, Hólasókn, Saurbæjarsókn, Munkaþverársókn og Möðruvallasókn í Akureyrar- og Laugalandsprestakalli, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi, sameinast í eina sókn. Heiti hinnar nýju sóknar verði Grundarsókn.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjunnar nr. 77/2021, öðlast gildi 30. nóvember 2022.

**Samþykkt í einni umræðu á kirkjuþingi 26. mars 2022.**

48. mál 2021-2022

Flutt af biskupi Íslands

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um ráðningu í prestsstörf nr. 4/2021.**

1. gr.

3. málsli. 4. gr. orðist svo:

Að umsækjendur leggi fram prófskírteini sem staðfesti mag. theol. eða cand. theol. próf frá guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands eða sambærilega menntun. Haft skal samráð við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands við mat á menntun. Jafnframt skal leggja fram staðfestingu um að viðkomandi hafi lokið starfsþjálfun hjá Þjóðkirkjunni og vottorð um aðra menntun eða þjálfun sem nýtist í starfi.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjunnar nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar.

**Samþykkt á kirkjuþingi 26. mars 2022.**

49. mál 2021-2022

Flutt af fjárhagsnefnd

**Þingsályktun um hagræðingaraðgerðir í fjármálum Þjóðkirkjunnar.**

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir að gripið verði til markvissra hagræðingaraðgerða í fjármálum kirkjunnar þannig að á næstu árum verði komið á fjárhagslegu jafnvægi og samhliða verði sköpuð skilyrði til nýrrar sóknar í starfi og þjónustu þjóðkirkjunnar.

**Samþykkt á kirkjuþingi 27. mars 2022.**

50. mál 2021-2022

Flutt af fjárhagsnefnd

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um  
skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.**

1. gr.

13. gr. starfsreglnanna hljóðar svo:

Embættisbústaðir skulu lagðir til í samræmi við 1. og 2. tl. fasteignastefnu þjóðkirkjunnar.

Embættisbústaður er að jafnaði lagður til í prestakalli þar sem búa færri en 500 manns í þéttbýliskjarna. Nú búa fleiri en 500 manns í þéttbýliskjarna prestakalls og getur kirkjuþing þó samþykkt að embættisbústaður skuli lagður til ef staðhættir, aðstæður á fasteignamarkaði eða söguleg og menningarleg rök réttlæta það.

Nú búa færri en 500 manns í þéttbýliskjarna prestakalls og getur þá kirkjuþing þó ákveðið að ekki skuli lagður til embættisbústaður þar, ef sérstök rök mæla með því, s.s. að prestakall sé í nálægð við fjölmennari þéttbýlisstaði eða til að gæta samræmis innan sömu landsvæða.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjunnar nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar.

**Samþykkt á kirkjuþingi 28. mars 2022.**



51. mál 2021-2022

Flutt af framkvæmdanefnd

### **Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna.**

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir að fela framkvæmdanefnd kirkjuþings að selja eftirtaldar fasteignir enda fáist viðunandi söluverð:

1. Ránarbraut 7, Vík í Mýrdal, Mýrdalshreppi.
2. Kópnesbraut 17, Hólmavík, Strandabyggð.
3. Dalbraut 2, Dalvík, Dalvíkurbyggð.

Þá samþykkir kirkjuþing 2021-2022 að fela framkvæmdanefnd kirkjuþings að kaupa eða leigja fasteign til nota sem prestsbústað í Vík í Mýrdal, Mýrdalshreppi.

**Samþykkt á kirkjuþingi 27. mars 2022**

52. mál 2021-2022

Flutt af forsætisnefnd

### **Starfsreglur um endurútgáfu starfsreglna þjóðkirkjunnar.**

#### 1. gr.

Eftirtaldar starfsreglur kirkjuþings verði endurútgefnar og öðlast tímabundið gildi að nýju frá 1. apríl 2022 til 1. janúar 2023:

1. Starfsreglur um vígslubiskupa nr. 986/2006, sbr. starfsrgl. nr. 1030/2007 og nr. 954/2010.
2. Starfsreglur um biskupafund nr. 964/2006.

#### 2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjunnar nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar.

**Samþykkt á kirkjuþingi 28. mars 2022**

53. mál 2020-2021

Flutt af framkvæmdanefnd

**Þingsályktun um endurskoðaða fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar 2022  
og ársreikning Þjóðkirkjunnar 2021.**

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir endurskoðaða fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar 2022 og ársreikning Þjóðkirkjunnar 2021.

54. mál 2021-2022

Flutt af biskupi Íslands.

### **Þingsályktun um stefnumótun kærleikspjónustu Þjóðkirkjunnar.**

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir eftirfarandi stefnumótun kærleikspjónustu Þjóðkirkjunnar og felur biskupi Íslands að hrinda henni í framkvæmd.

### **Stefnumótun kærleikspjónustu Þjóðkirkjunnar.**

#### **Inngangur**

Kirkjuþing 2018 (11. mál) samþykkti að fela kirkjuráði að skipa nefnd til að vinna að stefnumótun fyrir kærleikspjónustu Þjóðkirkjunnar. Nefndin var formlega skipuð þann 9. október 2019, en í henni eru Elísabet Gísladóttir, djákni, tilnefnd af Djáknafélagi Íslands, sr. Þór Hauksson, sóknarprestur, tilnefndur af Prestafélagi Íslands og Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni og verkefnastjóri á kærleikspjónustusviði biskupsstofu. Ragnheiður er formaður nefndarinnar.

Nefndin hafði samráð við presta, djákna og leikmenn / starfsmenn sókna og átti samtöl við hlutaðeigandi fulltrúa sérhæfðrar kærleikspjónustu kirkjunnar, og byggir stefnuna á þeim megináherslum sem fram komu í þeirri vinnu.

Áfangaskýrsla með helstu niðurstöður nefndarinnar var kynnt fyrir kirkjuþingsfulltrúm á Kirkjuþingi í október 2021. Í framhaldinu fól biskup Íslands nefndinni að útbúa stefnuskjal fyrir kærleikspjónustu Þjóðkirkjunnar, sem lagt yrði fyrir Kirkjuþing í mars 2022.

## **I. KAFLI**

### **Kærleikspjónusta Þjóðkirkjunnar**

#### **1. Tilgangur**

Kærleikspjónusta er órofa hluti af því köllunarhlutverki sem Þjóðkirkjan vill rækja og er nauðsynleg til að hún nái markmiðum sínum. Þjónustan felst í því að sýna trú í verki. Hún leitast við að mæta fólki í fjölbreyttum aðstæðum. Í henni felst viðleitni til að styðja það og vera í samfylgd með þeim sem glíma við erfiðar andlegar, líkamlegar og félagslegar aðstæður. Hún felur í sér umhyggju fyrir allri sköpuninni.

Þjóðkirkjunni er skylt að styðja við náungann og sinna kærleikspjónustu, enda er það eitt megin hlutverk hennar. Kirkjan leggur krafta sína fram þar sem hún telur þörfina mesta. Þá sinnir starfsfólk kirkjunnar faglegru þjónustu sem greinir þörf, skipuleggur og sér til þess að hún sé innt af hendi. Samstarf er jafnframt mikilvægt við alla sem vilja vinna að góðum málefnum.

## 2. Hlutverk

- Kærleikþjónusta þjóðkirkjunnar veitir öllum þjónustu óháð kynferði, trúarbrögðum, skoðunum, þjóðerni, kynþætti, efnahag eða ætterni.
- Kærleikþjónusta þjóðkirkjunnar mætir þörfum fólks með þjónustu sinni og sálgæslu. Hún valdeflir, rýfur einangrun og einmanaleika og vekur von í brjósti með stuðningi sínum.
- Kærleikþjónusta þjóðkirkjunnar beinir þjónustu sinni að fólki sem er í vanda og þarf á aðstoð að halda.
- Kærleikþjónusta þjóðkirkjunnar leitar uppi þau sem eru hjálparþurfi og veitir þeim þjónustu og samfylgd við hæfi.

## 3. Leiðarljós

Til að auðvelda þeim, sem veita kærleikþjónustu á vettvangi kirkjunnar, að rækja hlutverk sitt er gott að styðjast við ákveðin leiðarljós. Auk trúar, vonar og kærleika eru þau meðal annars:

### *Traust*

- felst í trúnaði, tryggð og áreiðanleika þess sem veitir þjónustuna.
- leiðir til tiltrúar hjá þeim sem hana þiggur.
- er grundvöllur í öllum góðum samskiptum ekki síst í erfiðum málum.

### *Samhygð*

- er samkennd, samlíðan og hluttekning sem sýnd er af virðingu.
- felst í að geta sett sig í spor annarra og skilið þau.
- felst í að bregðast við á uppbyggilegan hátt.

### *Hlustun*

- felst í að vera til staðar, sýna skilning og hlusta á virkan hátt
- felst í að lesa í hreyfingar og svipbrigði en ekki aðeins orðunum sem eru sögð
- felst í að skilja og leiðbeina en sýna að hlustað er.

### *Jákvæður mannskilningur*

- felst í að öll séum við sköpun Guðs og börn Guðs.
- felst í að öll skulum við vera jöfn og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

### *Samstarf*

- felst í vinnu á breiðari grundvelli en í einni sókn.
- felst í teymisvinnu bæði innan og utan kirkjunnar.
- felst í samstarfi við stofnanir ríkis og sveitafélaga sem og við önnur kristin trúfélög og félagsamtök sem láta sér annt um manneskjuna.

## II. KAFLI

### Markmið og framkvæmd

Markmið kærleikspjónustunnar er að mæta sérhverjum einstaklingi af kærleika og virðingu og veita stuðning til sjálfshjálpar. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að styrkja kirkjuna í þjónustunni með því að greina þörfina og koma með tillögur að skipulagi og framkvæmd þjónustunnar á hverjum stað.

Lagt er til að horft verði til fjögurra sviða þar sem kærleikspjónusta er unnin og tekið verði tillit til aðstæðna og hvernig eflingu þjónustunnar er best fyrir komið á hverju sviði, þ.e. í

- starfi í prófastsdæmum, samstarfssvæðum og eða sóknum
- starfi sérþjónustunnar
- starfi stofnana kirkjunnar
- starfi að sérstökum verkefnum

Skoða ber sérstaklega samstarf við félagasamtök og stofnanir á sviði samfélagsþjónustu þar sem það á við.

Þjóðkirkjan veitir söfnuðum/prestaköllum aðstoð við að innleiða stefnu þjóðkirkjunnar í þessum málaflokki.

## III. Kafli

### Framtíðarsýn

Lögð skal áhersla á að auka markvisst kærleikspjónustu þjóðkirkjunnar í sóknum/prestaköllum landsins. Endurskoðun og efling kærleikspjónustunnar er mikilvæg til að þjóðkirkjan geti sinnt hlutverki sínu sem kristin kirkja. Kærleiksverk er einn aðal lykillinn að því að viðhalda og mæta þörfum sóknarbarna fyrir kristna nærveru og kærleikspjónustu í verki.

**Samþykkt á kirkjuþingi 28. mars 2022**

55. mál 2021-2022

Flutt af forsætisnefnd

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum  
um kjaranefnd Þjóðkirkjunnar nr. 5/2021.**

1. gr.

Síðari málsliður 3. gr. fellur brott.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021  
öðlast gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar.

**Samþykkt á kirkjuþingi 27. mars 2022.**

### **Starfsreglur um Þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar.**

#### 1. gr.

Þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar veitir sóknum og öðrum starfseiningum kirkjunnar þá þjónustu sem biskup Íslands og kirkjuþing meta nauðsynlega til að tryggja árangursríkt starf kirkjunnar. Þar er jafnframt aðsetur yfirstjórnar Þjóðkirkjunnar.

Þjónustumiðstöðin skiptist í tvö ábyrgðarsvið, biskupsstofu annars vegar, undir forystu biskups Íslands og rekstrarstofu hins vegar, undir forystu framkvæmdastjóra.

Þjónustumiðstöðin starfar á grundvelli þess skipulags og verkaskipta sem kirkjuþing mælir fyrir um.

#### 2. gr.

Þjónustumiðstöðin fylgir eftir lögum á sviði kirkjumála, starfsreglum, ályktunum og samþykktum kirkjuþings, eftir því sem nánar er fyrir mælt í þeim heimildum.

Í starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar skal gæta góðra stjórnarháttá. Þá skal einnig fylgja ákvæðum gildandi starfsreglna um þingsköp kirkjuþings um sérstakt hæfi.

#### 3. gr.

Biskup Íslands og framkvæmdastjóri rekstrarstofu ábyrgðarsviða móta nánari stefnu, viðmið og verkferla, hvor fyrir sitt svið, eftir því sem þurfa þykir.

#### 4. gr.

Laus störf á þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar skulu auglýst á vef kirkjunnar, [www.kirkjan.is](http://www.kirkjan.is) og skal umsóknarfrestur ekki vera skemmri en tvær vikur frá birtingardegi auglýsingar. Þó skal heimilt að meta hverju sinni hvort auglýst séu tímabundin störf, allt að 12 mánuði í senn, í forföllum starfsfólks, til afmarkaðra verkefna eða meðan ekki hefur verið ráðið í starfið. Hið sama á við um ráðningu starfsfólks í vinnu gegn greiðslu tímagjalds. Flytja má starfsfólk til í starfi án þess að starfið sé auglýst laust til umsóknar, enda sé ekki um nýtt starf að ræða.

Biskup Íslands auglýsir laus störf og annast ráðningarmál starfsfólks hjá þjónustumiðstöðinni. Sé um starf á rekstrarsviði að ræða þá er ákvörðun um ráðninguna á höndum framkvæmdastjóra rekstrarsviðs. Gagnkvæmt samráð sé viðhaft við ráðningu starfsfólks eftir því sem við á.

Óheimilt er að ráða til starfa hjá Þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar einstakling til að sinna og/eða umgangast börn og ungmenni undir 18 ára aldri, sem hlotið hefur refsíðmál vegna brota á eftirtöldum lagabálkum:

Barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þ.e. kynferðisbrot skv. 22. kafla, önnur



ofbeldisbrot, skv. 23. kafla og brot gegn frjálstræði manna, skv. 24. kafla, að undanskildum minniháttar líkamsmeiðingum samkvæmt 217. gr.

Lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sem og 173. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og hlotið refsidóm á fimm undangengnum árum.

Kallað er eftir vottorði sakaskrár um umsækjanda um starf hvað varðar framangreinda brotaflokkka. Ef þurfa þykir er einnig heimilt að áskilja sakavottorð vegna annars konar brota. Biskup Íslands skal leita eftir samþykki umsækjenda til þess að fá aðgang að upplýsingum úr sakaskrá. Synji hlutaðeigandi umsækjandi um heimild til þess, er óheimilt að ráða hann til starfa.

Um auglýsingu lausra starfa í vígðri þjónustu og ráðningu til þeirra starfa fer eftir starfsreglum þar að lútandi.

#### 5. gr.

Biskup Íslands og framkvæmdanefnd kirkjuþings leggja árlega fram skýrslu á reglulegu kirkjuþingi að hausti þar sem gerð er grein fyrir störfum þjónustumiðstöðvarinnar. Miða skal við að jafnaði, að sú skýrsla taki til tímabilsins 1. október næstliðins árs til og með 30. september yfirstandandi árs.

#### 6. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. apríl 2022. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um biskupsstofu

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Skýrsla biskups Íslands og framkvæmdanefndar kirkjuþings á reglulegu kirkjuþingi að hausti 2022, sbr. 3. gr. starfsreglna þessara, skal taka til tímabilsins frá 1. janúar til og með 30. september 2022.

**Samþykkt á kirkjuþingi 28. mars 2022**

56. mál 2021-2022

Flutt af forsætisnefnd

### **Þingsályktun um stefnur þjóðkirkjunnar.**

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir að stefnur þjóðkirkjunnar, sem í gildi voru við gildistöku nýrra laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, haldi gildi sínu til 1. janúar 2023. Þetta gildir þó ekki um stefnur sem kirkjuþing 2021-2022 hefur fellt brott.

**Samþykkt á kirkjuþingi 28. mars 2022**

